



Syngjum saman

Söngbók Gardasels

Formáli

Árið 1992 á Ári söngsins gaf leikskólinn Garðasel út sína fyrstu söngbók, en þá hafði leikskólinn starfað í eitt ár. Það er því orðið tímabært að endurútgefa söngbókina en nú með aðeins breyttu sniði, fleiri textum og annarri uppröðun. Það er von okkar að söngbókin verði börnum og foreldrum leikskólans til gleði og ánægju og stuðli að söng bæði í leikskólanum og heima.

Söngbókin hefur að geyma ýmsa texta sem í gegnum árin hafa verið sungnir í Garðaseli og öðrum leikskólum landsins. Höfunda er getið í þeim tilfellum þar sem það er hægt en þar sem ekki hefur tekist að fá upplýsingar um höfunda eru textar birtir án þess að þeirra sé getið og vonandi kemur það ekki að sök.

Söngbókinni er skipt upp í eftirfarandi flokka:

- Almennir söngvar
- Árstíðabundnir söngvar
- Söngvar um dýr
- Jólasöngvar
- Söngvar tengdir þemavinnu og lífsleikni (dyggðir, tannvernd, umferð, þorri)
- Söngvar með hreyfingu og leikjum
- Pulur

Njótið vel !



2007

Ábyrðarmaður: Ingunn Ríkharðsdóttir

Almennir söngvar**bls**

A,B,C, D	19	Ég heiti Lína langsokkur	26
Aaníkúni	1	Ég heyri svo vel	10
Að gæta hennar gildir hér og nú	2	Ég heyri þrumur	41
Afmælislagið	30	Ég langömmu á	25
Alli, Palli og Erlingur	7	Ég ætla að syngja	19
Allir eiga að syngja	40	Ég, þú, við	18
Allir krakkar	1	Fatavísur	23
Allur matur	1	Fimmeyringurinn	12
Aravísur	2	Fingurnir	27
Á sandi byggði...	16	Fiskurinn hennar Stínu	42
Á Sprengisandi	45	Fljótt af stað	26
Bátasmiðurinn	3	Frjálst er í fjallasal	16
Bí, bí og blaka	6	Furðuverk	11
Bíum, bíum, bambaló	3	Gamli Nói	13
Bjallan hringir, búin stundin	17	Garðasel	32
Brunaliðið,köttur...	23	Ging gang gúlí	41
Buxur,vesti,brók og skó	20	Gleðilegt sumar	33
Daga- og mánaðavísa	1	Góða mamma	13
Dagalag	34	Góðan dag, hæ og hó	5
Dagfinnur dýralæknir	22	Góðan dag, kæra jörð	12
Dagur er risinn	28	Gráðug kerling	28
Dansað á pallinum	25	Grænmetisvísur	15
Dansi, dansi, dúkkan mín	9	Gulur, rauður	13
Davíð var lítill drengur	11	Guttavísur	14
Dípidú	41	Gættu að þér litla auga	27
Dísa litla syngur	34	Göngum, göngum	9
Doddi litli	29	Hafið bláa hafið	35
Drip,drop,drip,drop...	28	Halli	3
Druslulagið	16	Halli Jó	1
Dúkkan hennar Dóru	6	Hann Fúsi er latur að læra	41
Dvel ég í draumahöll	8	Hann Stubbur litli labbar	26
Dvergar úr björgum	9	Hann Tumi fer á fætur	31
Ef ég ætti fiðlu	29	Hátt uppi í fjalli	17
Ef væri ég söngvari	10	Háttatími í himninum	1
Ef þú ert súr	19	Hey Balúba	34
Ef þú giftist	10	Heyvél	43
Ef þú kætist	11	Hvar er húfan mín ?	40
Ein stutt, ein löng	7	Hver hefur skapað blómin björt ?	13
Einn var að smíða	3	Hættu að gráta	38
Eitt sitt gekk ég út um bæinn	35	Indíanalagið	24
Eldur	31	Í Garðaseli	32
Eniga meniga	45	Í leikskóla er löngum kátt	39
Ég	38	Í loftillum svefnklefa	39
Ég á gamla fænku	12	Í lok söngstundar	24
Ég á lítinn skrýtinn skugga	10	Í upphafi söngstundar	24
Ég er Stebbi	35	Ísland	15

Ég heiti Kristín	36	Kanntu brauð að baka ?	4
Kátir dagar	28	Regnið blauta	15
Kátir voru karlar	18	Reyklagið	25
Kátur drengur	26	Ríðum heim til Hóla	46
Keli káti karl	6	Ryksugan á fullu	43
Klappa saman lófunum	15	Ræningjavísur	42
Klukkan	8	Sa ramm samm samm	6
Komdu niður	24	Siggi fór í bæinn	36
Kubbahús	16	Siggi og Sína	13
Kveikjum eld	15	Sjö litlar mýs	48
Kvæðið um fuglana	16	Skaga- krakkar	46
Lagið um það sem er bannað	4	Skammarsöngur Soffíu frænku	44
Leikskólasöngur	33	Skóarakvæði	47
Litavísur	17	Skýin	21
Litirnir	18	Sláðu og sláðu	12
Litla kisa	8	Snjallræðissöngurinn	50
Litla kvæðið um litlu hjónin	14	Stóra brúin	23
Litla mjólkurlagið	31	Strætó	22
Litli Dóri	8	Stutt saga	46
Litli Óli í skógi	30	Súrmjólk í hádeginu	29
Lína langsokkur	9	Svangir sveinar	2
Lítið, lasið skrýmsli	45	Systa mín	6
Lítill heimur	5	Söngstundarkveðja	36
Ljúfir fagnaðarfundir	30	Söngurinn hennar Siggu	38
Lobbukvæði	47	Tilfinningablús	7
Lóníettturnar	4	Tilfinningasöngurinn	50
Maístjarnan	20	Tommi litli til vinnu fús	30
Mamma borgar	5	Tryggðapantanir	39
Mannlíf á Skipaskaga	48	Tröllin	17
Margt þarf að gera á morgnana	33	Tunglið má ekki taka hann Óla	7
Marsbúarnir	20	Tutt,tutt, segir bíllinn	35
Meistari Jakob	32	Um Akranes	19
Mér finnst gott að borða	8	Um landið bruna bifreiðar	26
Myndin hennar Lísu	30	Upp á grænum, grænum	25
Nammilagið	2	Úr augum stírirur strjúkið fljótt	41
Nú liggur vel á mér	44	Útlagi	39
Ó, Jósep, Jósep	20	Vegbúi	21
Ó, þú kæri Ágústín	41	Veistu að ég á lítinn dreng	36
Ó,mamma,gef mér rós	29	Vertu þú sjálfur	43
Óðurinn til gleðinnar	44	Við erum komin upp að landi	38
Ólafía, hvar er Vigga?	12	Við erum söngvasveinar	3
Óli og Berta	4	Við skulum róa á selabát	27
Óli og Gunna	34	Vinnudagur	33
Óskasteinar	3	Vísnaþráll	49
Palli var einn í heiminum	16	Völuvísa	21
Pálína með prikið	27	Yfir fjallið fjórir vindar	40
Pálína og saumamaskínan	47	Yndislegt líf	22

Piparkökuvísur	21	Það bjó einn karl í tunglinu	25
Pompulagið	42	Það búa litlir dvergar	5
Það er leikur að læra	32	Nú er úti norðanvindur	52
Það vantar spýtur	37	Nú gaman, gaman er	58
Það var einu sinni ekkja	42	Regnið streymir	59
Það var einu sinni strákur	8	Sautjándi júní	63
Þegar barnið í föt sín fer	5	Sá ég spóa	52
Þegar Lalli fór langt út á tjörn	36	September	59
Þrír litlir hermenn	37	Siggi var úti	54
Þú skalt klappa	7	Signir sól	53
Þýtur í laufi	28	Skautasöngur	60
		Smaladrensurinn	60
Árstíðabundnir söngvar	bls	Sól, sól, skín á mig	60
Allir hlæja á öskudaginn	60	Sólin skín	59
Álfadansinn	64	Sprengidagur	58
Álfareiðin	62	Sumri hallar	56
Árstíðirnar	57	Um haust	56
Blessuð sólin elskar allt	61	Upp er runninn öskudagur	59
Bolludagur	59	Út um mó, inn í skóg	51
Bráðum fæðast lítil lömb	52	Úti um mela og móa	55
Bráðum kemur betri tíð	56	Vertu til	52
Er sólin skín á skjá	58	Vetur, ég kveð	65
Ég nestispoka á baki ber	61	Við göngum	53
Frost er úti	52	Vikivakar	63
Fönn, fönn, fönn	62	Vorið góða	53
Hanna og kjóllinn	57	Vorlag	61
Haust	57	Vorvindar glaðir	53
Haustkoma	64	Það er vor	62
Haustvísa	64	Þorramatur	61
Heiðlóa	54	Þorraprællinn	61
Hringferð ársins	65	Öskudagslag	60
Í rigningu ég syng	55	Öskudagur	59
Krakkar út kátir hoppa	56	Öskudagurinn	59
Krummi svaf í klettagjá	55	Öxar við ána	60
Labba í mónum	51		
Lag á bolludag	59	Dýralög	bls
Litla flugan	57	A og bé	67
Litli Siggi	51	Allir hafa eitthvað til að ganga á	67
Litlu börnin leika sér	58	Bangsi lúrir	67
Lóan	52	Bangsimon	67
Maístjarnan	53	Bjarnastaðabeljurnar	67
Með sól í hjarta	54	Bjarni gamli átti bú	80
Með vindinum þjóta	55	Ding dong	68
Mér er kalt á tánum	57	Dýravísur	82
Mér um hug og hjarta nú	56	Dýrin í Afríku	69
Nú blánar yfir berjamó	56	Ég á lítinn kátan kött	79

Nú er glatt hjá álfum öllum	51	Ég er mús	68
Nú er sumar	54	Ég er rauður héri	75
Fimm litlir apar	68	Fílaleiðangur	85
Fimm ungar syntu langt í burtu	80	Hóký - póký	84
Fiskarnir tveir	68	Hresstu þig við	83
Fílalagið	80	Hreyfa litla fingur	86
Foli, foli fótalipri	76	Hristu hendur þeirra	86
Gaukur, gaukur	78	Hægri hönd og vinstri hönd	85
Grísinn dátt	82	Höfuð, herðar, hné og tær	84
Gæsamma	72	Inn og út um gluggann	87
Hani, krummi, hundur, svín	76	Í grænni lautu	83
Heimsókn í dýragarðinn	76	Karl gekk út um morguntíma	83
Hér kemur Lillimann	77	Komdu til mín	87
Húsamúsarvísa	73	Kransadans	86
Kalli litli kálormur	71	Labbadans	86
Kalli litli kónguló	75	Litla froska	85
Kannast þú við köttinn minn ?	81	Litlu börnin	83
Kálfar tveir í kúamynd	80	Mærin fór í dansinn	87
Kisu-tangó	73	Pabbi, mamma og börnin	85
Komdu kisa mín	70	Pílaranda	87
Komum öll til Afríku	78	Tvö skref til hægri	84
Krummi krunkar úti	71	Tvö skref til hægri	83
Krumminn í hlíðinni	72	Upp á fjall	84
Krúsílús	71	Upp, upp og niður	83
Litla kisa	73	Við klöppum öll í einu	85
Litlu andarungarnir	67	Vindum vindum vefjum band	87
Líkar þér við minn fjórfætta vin	79	Zikka - zakka	84
Maja átti lítið lamb	77	Pyrnirós	87
Mýsla tísla í músarholu	70		
Mýslukvæði	70	Jólasöngvar	bls
Nú skal syngja	71	Adam átti syni sjö	90
Sá ég spóa	72	Aðventukertin	93
Sex litlar endur	70	Á jólanótt	95
Snati og Óli	77	Á jólunum er gleði og gaman	94
Sofa urtu börn	73	Bjart er yfir Betlehem	91
Syngjandi geng ég allsstaðar	75	Boðskapur Lúkasar	92
Söngur dýranna í Týról	79	Bráðum koma blessuð jólin	89
Tveir kettir	75	Bráðum koma jólin	90
Um fílinn	78	Er lægst er á lofti sólin	95
Ungi litli	77	Ég kemst í hátíðarskap	96
Úti um mela og móa	74	Ég sá mömmu kyssa jólasvein	89
Vísurnar um dýrin í Afríku	81	Ég set góðgæti í skóinn	104
Vísurnar um refinn	74	Folaldið mitt hann Fákur	95
Það var einu sinni api	78	Gefðu mér gott í skóinn	94
Það var eitt sinn kónguló	72	Gekk ég yfir sjó og land	89

Hreyfing / söngleikir	bls	<i>Gleði og friðarjól</i>	104
Agadú	84	<i>Göngum við í kringum</i>	93
Baggalútur	86	<i>Heims um ból</i>	93
Bangsi lúrir	84	<i>Hin fegursta rósin er fundin</i>	103
Ein ég sit og sauma	86	<i>Hjálpsamur jólasveinn</i>	90
		<i>Hjúpar hvíta mjöll</i>	97
Hvít jól	89	<i>Í leikskóla er gaman</i>	109
Í Betlehem	92	<i>Kóngurinn tannlaus</i>	116
Í helli upp við háan tind	94	<i>Kæri vinur</i>	110
Jól yfir borg og bæ	105	<i>Litli vinur</i>	110
Jólahjól	100	<i>Rauðhetta litla</i>	112
Jólaklukkur	105	<i>Rauði karlinn</i>	114
Jólasveinar einn og átta	89	<i>Rautt, rautt, rautt</i>	115
Jólasveinar ganga um gólf	96	<i>Söngur prinsessunar</i>	115
Jólasveinarnir	106	<i>Tennurnar mínar</i>	116
Jólasveinninn kemur	96	<i>Tönnin mín</i>	115
Jólasveinninn minn	97	<i>Umferðavísa</i>	115
Jólin koma	101	<i>Við erum góð</i>	110
Jólin mín	94	<i>Við erum vinir</i>	110
Jólin, jólin	98	<i>Við hann afa vertu góð</i>	113
Klukkurnar	96	<i>Vinalagið</i>	109
Litla jólabarn	102	<i>Vinátta</i>	113
Magga litla og jólin	92	<i>Vinir gegnum þykkt og þunnt</i>	111
Negrastrákar	98	<i>Það er gaman að vera saman</i>	110
Nú er Gunna á nýju skónum	101	<i>Það er gott að vera</i>	109
Nú gjalla klukkur	104	<i>Það eru ekki allir eins</i>	112
Nú skal segja	91	<i>Þýtur í laufi</i>	113
Ó, Grýla	99		
Rúldolf með rauða trýnið	103	Pulur	bls
Skreytum hús	95	<i>Á barnadaginn</i>	118
Snæfinnur snjókarl	93	<i>Best er að vera bóndakona</i>	123
Söngur jólasveinanna	99	<i>Bokki sat í brunni</i>	117
Við óskum þér góðra jóla	100	<i>Ein stór og digur kerling</i>	124
Vöggukvæði	89	<i>Ég mætti gömlum manni</i>	117
Yfir fannhvíta jörð	102	<i>Faðir minn er róinn</i>	119
Það á að gefa börnum brauð	90	<i>Fagur fiskur í sjó</i>	118
Það heyrast jólabjöllur	103	<i>Fingrapula</i>	123
Þá nýfæddur Jesús	91	<i>Fuglinn í fjörinni</i>	120
Prettán dagar jóla	105	<i>Grámyglur tvær</i>	120
		<i>Grýla kallar á börnin sín</i>	121
 		<i>Grýla reið fyrir ofan garð</i>	117
Pematextar / lífsleikni	bls	<i>Grýla reið með garði</i>	121
Amma	109	<i>Græn eru laufin</i>	119
Broslagið	110	<i>Gæsin mín rara</i>	124
Brunum áfram	114	<i>Heyrði ég í hamrinum</i>	121
Ég er gula blómið fína	113	<i>Hreppstjórinn snarpi</i>	122
Ég hlakka svo til	111		

Ferðalagið	113	Húsmóðir veit	123
Filli	109	Illa liggur á honum kút	122
Gát á gatnamótum	114	Karlinn undir klöppunum	122
Hjálpsemi	111	Klukkurím	120
Horfa á báðar hendur	114		
	121		
Komdu komdu kiðlingur	120		
Krummi snjóinn kafaði	120		
Krumminn á skjánum	117		
Köttur út í mýri	124		
Magapraut	118		
Mánuðirnir	119		
Nautamál á nýársnótt	124		
Regnboginn	124		
Segðu mér söguna aftur	121		
Skakkur og skrýttinn maður	117		
Sólin	120		
Stígur hún við stokkinn	119		
Talnaþula	122		
Táta, Táta	123		
Tólf eru synir tímans	122		
Tumi sat á tunnu	117		
Tunglið má ekki taka hann Óla	124		
Við skulum róa	118		
Þambara þambara	118		
Þula um dagana	118		
Þulan um fingurna			

Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar,
eru í skessuleik.
Má ég ekki, mamma,
með í leikinn þramma.
Mig langar svo, mig langar svo
að lyfta mér á kreik.

Allir krakkar, allir krakkar,
eru að fara út.
Út með skóflu og fötu,
en ekki út á götu.
Allir krakkar, allir krakkar,
eru að fara út.

Allir krakkar, allir krakkar,
eru að fara heim.
Heim til pabba og mömmu,
líka afa og ömmu.
Allir krakkar, allir krakkar,
eru að fara heim.

Dagavísa og mánaðarvísa

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur, fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur,
og þá er vikan búin.

Janúar,
febrúar,
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst,
september,
október,
nóvember og desember

Halli Jó

Hafið þið séð hann Halla Jó ?
Furðufugl sá á haugunum bjó,
aldrei fór í bað,
var hann skítugur þó
oj, foj, Halli Jó

Aaní kúní

Aaní, kúní, sjá, vá, ní.
Aaní, kúní, sjá, vá, ní.
Sjá, vá, vá, begga na, tja, na.
Sjá, vá, vá, begga na, tja, na.

Allur matur

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið það, heyrið það,
svo ekki gauli garnirnar.

Háttatími á himnum

Hvað gerir sólin þegar hún sest á
kvöldin?
Háttar litlu geislana
oní himinsængina
og fyrir stóru gluggana
hún dregur stjörnutjöldin,
það gerir sólin á kvöldin.

Hvað gerir tunglið þegar það tekur
völdin?
Hristir silfurhattinn sinn,
svo hrynur úr onum draumurinn
og sáldrast yfir koll og kinn
er sefur barnafjöldinn,
það gerir tunglið á kvöldin.

Lag og ljóð: Olga Guðrún Árnadóttir

Aravísur

Hann Ari er lítill,
hann er átta ára trítill
með augu mjög falleg og skær.
Hann er bara sætur
jafnvel eins er hann grætur
og hugljúfur þegar hann hlær.
En spurningum Ara
er ei auðvelt að svara:
Mamma, af hverju er himinninn blár ?
Sendir Guð okkur jólin ?
Hve gömul er sólin ?
Pabbi, hví hafa hundarnir hár ?

Bæði pabba og mömmu
og afa og ömmu
þreytir endalaust spurningasuð:
Hvar er sólin um nætur ?
Hví er sykurinn sætur ?
Afi, gegndu, hver skapaði Guð ?
Hvar er heimsendir, amma ?
Hvað er eilífðin, mamma ?
Pabbi, af hverju vex á þér skegg
Hví er afi svo feitur ?
Hví er eldurinn heitur ?
Hví eiga ekki hanarnir egg ?

Það þykkar í Ara
ef þau ekki svara
og þá verður hann ekki rór.
Svo heldur en þegja
þau svara og segja:
"Þú veist það er verðurðu stór."
Fyrst hik er á svari
þá hugsar hann Ari
og hallar þá kannski undir flatt
og litla stund þegir,
að lokum hann segir:
"Þið eigið að segja mér satt!"

Stefán Jónsson

Nammilagið

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí,
rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, set tunguna út,
uu-uu...

Ef snjórinn væri úr sykurrúða og poppi,
rosalegt fjör yrði þá.
Ég halla mér aftur, set tunguna út,
uu-uu-.....

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó,
rosalegt.....

Bergljót

Að gæta hennar gildir hér og nú

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð, sem geyma gleði og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú
það gerir enginn - nema ég og þú.

Ljóð: Þórarinn Eldjárn
Lag: Atli Heimir Sveinsson

Svangir sveinar

∴ Við erum svangir sveinar
á leiðinni í mat ∴
Við setjumst og borðum,
nammi nammi, nammi nammi.
Við setjumst og borðum,
nammi nammi, nammi nammi.
Við skulum fá stóra vömb,
stóra vömb, stóra vömb....

Bíum, bíum, bambaló

Viðlag:

Bíum, bíum, bambaló,
bambaló og dillidillidó.
Vini mínum vagga ég í ró,
en úti bíður andlit á glugga.

Þegar fjöllin fimbulhá
fylla brjóst þitt heitri þrá,
leika skal ég langspil á,
það mun þinn hugann hugga.
Viðlag...

Þegar veður geisa grimmi,
grúfir yfir hríðin dimmi,
kveiki ég á kertum fimm,
burt flæmi skammdegisskugga.

Viðlag...

Jónas Árnason

Við erum söngvasveinar

∴ Við erum söngvasveinar
á leiðinni' út í lönd ∴;
leikum á flautu, á skógarhorn,
á skógarhorn,
leikum á flautu, fiðlu' og skógarhorn.
Og við skulum dansa hopsasa,
hopsasa, hopsasa,
við skulum dansa hopsasa - HOPSASA!!

Þorsteinn Valdimarsson þýddi

Halli

Haldið ekki' að Halli komi' á grúfunni,
á heljarstökki fram af einni þúfunni.
Hann fór það bara fínt,
en hélt hann hefði týnt
gleraugunum, höfðinu' eða húfunni

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina,
faldi þá alla, vildi þeim leyna.
Huldi þar í hellisskúta heillasteina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina,
lengur ei man ég óskina neina,
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur,
geti þær fundið, telja eða drengur.
Silfurskæra kristalla með grænu og
gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu

Hildigunnur Halldórsdóttir

Einn var að smíða

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat.
Þriðji kom og bætti' um betur
hann boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt,
hann boraði á hana tvö,
hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga
og smíða mér bát
og síðan á sjóinn
ég sigli með gát.

Og báturinn vaggar
og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum
með færinu næ

Sænskt þjóðlag - Birgir Sigurðsson þýddi

Kanntu brauð að baka?

Kanntu brauð að baka ?
Já, það kann ég.
Svo úr því verði kaka ?
Já, það kann ég.
Ertu alveg viss um ?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig ?

Kanntu ber að tína ?
Já, það kann ég.
Stoppa í sokka mína ?
Já það kann ég.
Ertu alveg viss um ?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig ?

Kanntu mat að sjóða ?
Já, það kann ég.
Og gestum heim að bjóða ?
Já, það kann ég.
Ertu alveg viss um ?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig ?

Kanntu að sjóða fiskinn ?
Já, það kann ég.
Fær'ann upp á diskinn ?
Já, það kann ég.
Ertu alveg viss um ?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig ?

Loniættarnar

Ég loniættarnar lét á nefið
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.
:; Tra, la, la, la, la, la, ljúfa:;
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.

Lagið um það sem er bannað

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti ofan í skurð,
ekki fara í bæinn og kaupa popp og
tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó,
ekki týna blómin sem eru úti í beði
og ekki segja "ráddi" heldur "réði".

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt,
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall,
ekki skjóta pabba með byssunni frá
ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.
Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð,
ekki fara að hlæja þó einhver sé að
detta,
-ekki gera hitt og ekki þetta!

Þetta fullorðna...

Lag og ljóð: Sveinbjörn I Baldvinsson

Óli og Berta

Óli fór til Bertu, bakaríistertu,
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta, bakaríisterta:
"Bara ef þú elskar mig!"
Þá sagði Óli, sem var á hjóli,
"Berta, ég elska þig!"
Þá sagði Berta, bakaríisterta,
"Þá máttu kyssa mig!"

Mamma borgar

Á kaupmanninn rétt við búðarborðið
svo brosfögur horfði Stína:
"Ég ætlaði bara að kaupa klæði
í kjól á brúðuna mína."

"Og hvaða lit viltu, ljúfan," sagði ann
"í kjól á brúðuna þína?"
"Hvað, auðvitað rauðan, já ósköp rauðan"
með ákafa svaraði Stína.

Hann brosandí fór og klippti klæðið.
"Hvað kostar það?" spurði Stína.
"Einn koss" hann svaraði, "kostar klæðið
í kjól á brúðuna þína."

Í búðinni glumdi við gleðihlátur,
er glaðlega svaraði Stína:
"Hún mamma kemur í bæinn bráðum
og borgar skuldina mína."

Sigurður Júl. Jóhannesson

Lítill heimur

Þar er gott að vera sem gleðin býr,
þar sem gerast sögur og ævintýr,
svona er veröldin okkar
sem laðar og lokkar
- svo ljúf og hýr!
Lítill heimur, ljúfur, hýr.
Lítill heimur, ljúfur, hýr.
Lítill heimur, ljúfur, hýr.
Eins og ævintýr.

Friðrik Guðni Þorleifsson

Það búa litlir dvergar

Það búa litlir dvergar
í björtum dal
Á bak við fjöllin háu
í skógarsal.
Byggðu hlýja bæinn sinn.
Brosir þangað sólin inn.
Fellin enduróma
allt þeirra tal.

Pórður Kristleifsson

Pegar barnið í föt sín fer

Pegar barnið í föt sín fer
fjarska mörgu þarf að huga að hér.
Fyrst er reynt að hneppa hnapp,
í hnappagatið loks hann slapp.
Renna lás og reima skó,
reyndar finnst mér komið nóg.
Þetta er gjörvallt í grænum sjó!!

Við skulum:

Hneppa, renna, smella og hnýta,
hneppa, renna, smella og hnýta,
hneppa, renna, smella og hnýta,
hnýta slaufu á skól!

Lag: Allt í grænum sjó
Ljóð: Herdís Egilsdóttir

Góðan dag, hæ, hó

Góðan dag, hæ, hó og verið nú velkomin,
Já, góðan, góðan dag.
Syngjum fjörug lög og dónsum við tón og
hryn,
Já, góðan, góðan dag.
Tra la la

Dúkkan hennar Dóru

Dúkkan hennar Dóru var með
sótt, sótt, sótt,
hún hringdi og sagði lækni að koma
fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom þá með sína tösku
og sinn hatt
-hann bankaði á dyrnar:
Ra, ta, ta, ta, tatt!
Hann skoðaði dúkkuna og
hristi sinn haus:
Hún skal í rúmið og ekkert raus!
Hann skrifaði á miða hvaða pillu hún
skyldi fá:
Ég kem aftur á morgun, ef hún er enn
veik þá

Sa ramm samm samm

∴Sa ramm samm samm∴
Gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm

∴Sa ramm samm samm∴
Gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm

∴Hér er ég, hér er ég
Gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm∴

Keli káti karl

Ég heiti Keli káti karl
og kraftajötunn er.
Pegar ég fer út - út,
hrökkva' allir í kút - kút.
Ég heiti Keli káti karl,
tra-la-la-la-la-la-la-la

Systa mín

Hún Systa mín litla á ljósgullið hár,
sem liðast svo mjúkt eins og ull.
Hún hefur nú lifað í hálf tærið ár,
og hún á mörg nýstárleg gull.
Hún á brúðu í kjól,
og brúðan á stól.
Hún á bangsa og fallega gæs.
Og Systa á bók, en þó Systa sé klók,
er hún samt ekki enn orðin læs.

Og guðslangan daginn hún hoppar og
hlær,
og hlátur er, hvar sem hún fer.
Hún kyssti mig snöggvast á kinnina í gær
og klappaði á hökuna á mér.
Mig e góu vi dig,
dú e góu vi mig,
da er gaman að vea já dér,
hún sagði og hló, en svo var það nóg,
og hún sentist í burtu frá mér.

Já, Systa mín litla er svolítið þéð.
En seinna, hvað verður hún þá?
Það hefur svo afar margt ótrúlegt skeð,
að enginn er fær um að spá.
Kannski ráðunautsfrú?
Kannski ráðherrafrú?
Því ræður nú framtíðin hljóð.
En hvert hana ber, og hvar sem hún er
og hvert sem hún fer, er hún góð

Stefán Jónsson

Bí, bí og blaka

Bí bí og blaka
álftirnar kvaka.
Ég læt sem ég sofi
en samt mun ég vaka.

Bíum bíum bamba,
börnin litlu ramba
fram á fjallakamba
að leita sér lamba

Sveinbjörn Egilsson

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga - ooohó.
Ég finn það fram í hendur - ooohó.
Ég finn það niður í fætur - ooohó.
Ég finn það upp í höfuð - ooohó.
:;Ég finn það hér og hér og hér og hér
og hér og hér og hér
hvað ég er glöð.
Hér inni í mér:;

(reið, leið, svöng, þreytt o.s.frv.)

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Pú skalt klappa

Pú skalt klappa
ef þú hefur létta lund,
Pú skalt klappa
ef þú hefur létta lund,
Pú skalt klappa allan daginn,
svo það heyrir út um bæinn.
Pú skalt klappa ef þú hefur létta lund.

Settu í staðin fyrir að klappa:
-stappa, smella, banka á höfuðið og
segja jú-hú og í seinasta erindinu gera
allt í röð.

Valur Óskarsson þýddi

Tunglið má ekki taka hann Óla

Tunglið má ekki taka hann Óla
til sín upp í himnarann.
Pá fer mamma' að gráta' og góla
og gerir pabba sturlaðan.

Ein stutt, ein löng

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng
og flokkur sem spilaði' og söng.
Köttur og mús og sætt lítið hús,
sætt lítið hús og köttur og mús.
Ein stutt...

Penni og gat og fata sem lak,
fata sem lak og penni og gat.
Ein stutt...

Lítill og mjór og feitur og stór,
feitur og stór og lítill og mjór.
Ein stutt...

Alli, Palli og Erlingur

Alli Palli og Erlingur
þeir ætluðu að fara' að sigla ,
vantaði vænan bát en vita afbragðs ráð.
Þeir fundu gamalt þvottafat
sem farið var að mygla,
sigla út á sjó og syngja hæ, hæ, hó.
Seglið var úr afar stórum undirkjól,
mastrið það var skófluskaf
og skútan lak og valt.
Og hæ og hó og hæ og hí.
En skítt með það við skulum komast fyrir
því.

Alli vildi, ólmur, til Ameríku fara,
en Palli sagði: „Portúgal er þrýðisland.“
„Ertu frá þér Palli,
nú ætlum við að spara,
siglum beint og stefnum beint á
Grænlandssand.“
„Ertu frá þér Erlingur,
þú ert að fara í kaf,
hatturinn þinn fýkur af og
feykist út á haf.“
Og hæ og hó og hæ og hí.
En skítt með það við skulum komast fyrir
því.

Litli Dóri

Litli Dóri, litli Dóri
lambið hvíta á.
Það er úti' í kofa,
ætlað að fara' að sofa.
Það var fegið, þegar heyið
þess kom jötu á.

Lag: Allir krakkar

Litla kisa

Litla kisa, litla kisa
leptu rjómann þinn.
Langar þig að lúra,
liggja hér og kúra ?
Víst þú hefur, víst þú hefur
voða fallegt skinn.

Það var einu sinni strákur

Það var einu sinni strákur
sem átti lítinn bíl,
lítinn bíl, bíl, bíl,
lítinn, lítinn, lítinn bíl,
og kennslukonan sagði' honum
að semja' um bílinn stíl,
bílinn stíl, stíl, stíl,
semja' um bílinn, bílinn stíl.

Hann þorði ekki að hika,
hann hélt hún yrði reið,
yrði reið, reið, reið,
yrði voða, voða reið,
og settist við og samdi
þá sögu' á þessa leið,
þessa leið, leið, leið,
þessa, þessa, þessa leið:

Það var einu sinni strákur
sem átti lítinn bíl.....

Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.

Thorbjörn Egner / Kristján frá Djúpalæk þýddi

Mér finnst gott að borða

Mér finnst gott að borða
blómkálssúpu og brauð
hamborgara og kjúklinga
og súkkulaðifrauð.
Fisk og gos og franskar
finnst mér gott að fá
og flatköku með miklu smjöri
og hangikjöti á.

Fisk og franskar
finnst mér gott að fá
og flatköku með miklu smjöri
og hangikjöti á.

Lag: Mér er mál að pissa

Klukkan

Stóra klukkan segir tikk, takk, tikk,
takk,
litla klukkan segir tikk, takk, tikk, takk,
tikk, takk, tikk, takk,
vasaúrið smáa segir tikka, takka, tikka,
takka, tikka, takka, tikk.

Lína Langsokkur

Hér skal nú glens og gaman,
við getum spjallað saman.
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er.
Verðlaun þér ég veiti
ef veistu hvað ég heiti.
Vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér.

Hér sérðu Línu langsokk,
tralla hopp, tralla hei,
tralla hopp-sa-sa.
Hér sérðu Línu langsokk,
já, líttu það er ég.

Svo þú sérð minn apa,
minn sæta, fína, litla apa.
Herrann Níels heitir,
já hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir,
við himinn töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað?

Hér sérðu Línu langsokk,
tralla hopp, tralla hei,
tralla hopp-sa-sa.
Hér sérðu Línu langsokk,
já líttu það er ég.

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rottu líka,
og kúffullan af krónum
einnig kistil á ég mér.
Veri allir vinir,
velkomnir, einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið,
því skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu langsokk....

Kristján frá Djúpalæk þýddi

Dansi, dansi, dúkkan mín

Dansi, dansi, dúkkan mín,
dæmalaust er stúlkan fín,
með voða fallegt hrokkið hár,
hettan rauð og kjóllinn blár.
Svo er hún með silkiskó,
sokka hvíta, eins og snjó.
Heldurðu' ekki' að hún sé fín,
dansí, dansí dúkkan mín.

G.E þýddi

Dvergar úr björgum.

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir dvergar,
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir
dvergar,
sjö litlir, átta litlir, níu litlir dvergar,
tíu litlir dvergar úr björgum.

Hægt að syngja um fingurnar, krakka og hvað sem
er

Steingrímur Arason

Göngum, göngum

Göngum, göngum,
göngum upp í gilið
gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
sínnum börnum liggur hjá.

Þórður Kristleifsson

Ef þú giftist

Ég skal kaupa þér kökusnúð
með kardíommum og sykruhúð,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í ták
og góða skó til að dansa á,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt
að aldrei við þurfum að kynda neitt,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög
og leika undir á stóra sög,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,
svo finni þig ekkert pólití,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Jónas Árnason

Ég heyri svo vel

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar
lengjast, heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér,
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,
þú finnur það vel, allt fæðist í þér,
andlitin lifna, og húsin dansa
og vindurinn hlær.

Ég heyri svo vel.....

Lag og ljóð : Ólafur Haukur Símonarson

Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð
um sólina, vorið og land mitt og þjóð.

En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð,
hún leiðir mig verndar og er mér svo góð.

Ef gæti ég farið sem fiskur um haf
ég fengi mér dýrustu perlur og raf.

Og rafið ég geymdi og gæfi' ekki braut
en gerði' henni mömmu úr perlunum
skraut.

Ef kynni' ég að sauma ég keypti mér lín
og klæði ég gerði mér snotur og fín.

En mömmu úr silki ég saumaði margt
úr silfri og gulli, hið dýrasta skart.

Páll J. Árdal

Ég á lítinn skrýttinn skugga

Ég á lítinn skrýttinn skugga,
skömmín er svo líkur mér,
hleypur með mér úti' og inni,
alla króka sem ég fer.
Allan daginn lappaléttur
leikur hann sér kringum mig.
Eins og ég hann er á kvöldin,
uppgesinn og hvíllir sig.

Það er skrýtið, ha ha ha ha,
hvað hann getur stækkað skjótt,
ekki svipað öðrum börnum,
enginn krakki vex svo fljótt.
Stundum eins og hugur hraður
hann í tröll sér getur breytt.
Stundum dregst hann saman, saman
svo hann verður ekki neitt.

Sigurður Júl. Jóhannesson þýddi

Ef þú kætist

Ef þú kætist áttu að klappa fyrir því,
ef þú kætist áttu að klappa fyrir því.
Ef þú kætist áttu að sýna
öllum glaðværðina þína.
Ef þú kætist áttu að klappa fyrir því.

Ef þú kætist áttu að stappa fast í gólf,
ef þú kætist áttu að stappa fast í gólf.
Ef þú kætist áttu að sýna
öllum glaðværðina þína.
Ef þú kætist áttu að stappa fast í gólf.

Ef þú kætist áttu að klappa kollinn á,
ef þú kætist áttu að klappa kollinn á.
Ef þú kætist áttu að sýna
öllum glaðværðina þína.
Ef þú kætist áttu að klappa kollinn á.

Ef þú kætist áttu að skella létt í góm,
ef þú kætist áttu að skella létt í góm.
Ef þú kætist áttu að sýna
öllum glaðværðina þína.
Ef þú kætist áttu að skella létt í góm.

Ef þú kætist áttu' að hrópa "Jibbý"
hátt,
ef þú kætist áttu' að hrópa "Jibbý" hátt.
Ef þú kætist áttu að sýna
öllum glaðværðina þína.
Ef þú kætist áttu' að hrópa "Jibbý"
hátt.

Hann Davíð var lítill drengur

Hann Davíð var lítill drengur,
á Drottins vegum hann gekk.
Hann fór til að fella risann
og fimm litla steina hann fékk.
Einn lítinn stein í slönguna lét
og slangan fór hring eftir hring.
Hring eftir hring og hring eftir hring
og hring eftir hring eftir hring.
Upp í loftið hentist hann
og hæfði þennan risamann.

Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,
ég á lítið skrýtið nef.
Ég á augnabrúnir, augnalok
sem lokast þegar ég sef.
Ég á kinnar og varir rauðar,
og á höfði hef ég hár,
eina tungu og tvö lungu
og heila sem er klár.

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær,
tvær hendur og tvo fætur,
tíu fingur og tíu tær.
Ég get gengið, ég get hlaupið,
kann að tala mannamál.
Ég á bakhlið, ég á framhlið
en innst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk,
algert furðuverk,
sem að Guð bjó til.
Ég er furðuverk,
algert furðuverk,
lítið samt ég skil.

Í heilanum spurningunum
ég velti fyrir mér
og stundum koma svörin
svona eins og af sjálfu sér.
En samt er margt svo skrýtið
sem ég ekki skil,
en það gerir ósköp lítið
því mér finnst gaman að vera til.

Því ég er furðuverk.....

Lag og ljóð : Jóhann G.Jóhannsson

Ólafía, hvar er Vigga ?

Ólafía, hvar er Vigga ?
Ólafía, hvar er Vigga ?
Hún fór upp í sveit
að elta gamla geit.
Ólafía, hvar er Vigga ?

Ólafía, hvar er Vigga ?
Ólafía, hvar er Vigga ?
Hún fór út í lönd
að kaupa axlabönd.
Ólafía, hvar er Vigga ?

Ólafía, hvar er Vigga ?
Ólafía, hvar er Vigga ?
Hún fór oní bæ
að kaupa blómafræ.
Ólafía, hvar er Vigga ?

Góðan dag

Góðan dag, kæra jörð.
Góðan dag, kæra sól.
Góðan dag, kæra tré
og blómin mín öll.
Sæl, fiðrildin mín
og lóan svo fín.
Góðan dag fyrir þig,
góðan dag fyrir mig.

Barnagæla

Sláðu og sláðu

Sláðu og sláðu með einum hamri,
sláðu og sláðu með einum hamri,
sláðu og sláðu með einum hamri.
Sláðu í allan dag.

Sláðu og sláðu með tveimur hömrum..

Sláðu og sláðu með þremur hömrum..

Sláðu og sláðu með fjórum hömrum...

Ég á gamla frænku

Ég á gamla frænku
sem heitir Ingeborg.
Við eftir henni hermum
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast fjöð'rin
og fjöð' rin sveiflast svo.
Og svo sveiflast fjöð' rin
og fjöð' rin sveiflast svo.

Og svo sveiflast hatturinn....
Og svo sveiflast sjalið.....
Og svo sveiflast karfan.....
Og svo sveiflast pilsíð.....
Og svo sveiflast frænkan.....

Fimmeyringurinn

Ef að nú hjá pabba einn fimmeyring ég
fengi,
fjarskalega hrifin og glöð ég yrði þá.
Ég klappa skyldi pabba og kyssa vel og
lengi
og kaupa síðan allt sem mig langar til að
fá.

Fyrst kaupi ég mér brúðu sem leggur
aftur augun
og armbandsúrið fína af fallegustu gerð.
Og af því hvað hún mamma er orðin
preytt á taugum
þá ætla ég að kaupa bíl í hverja
sendiferð.

Hjólhest og járnbraut ég ætla að gefa
Geira,
gríðarstóra flugvél ég kaupi fyrir Finn.
Svo kaupi ég mér döðlur og súkkulaði og
fleira
og síðan skal ég gefa pabba allan
afganginn.

Ljóð: Stefán Jónsson
Lag: Felix Körling

Góða mamma

Góða mamma gefðu mér
góða mjólk að drekka.
Ég skal vera aftur þér
elsku barnið þekka.

Farðu að skammta mamma mín.
Mér er kalt á tánum.
Askur, diskur, ausan þín
eru á drykkjarsánnum.

Gulur, rauður

Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár.
Brúnn og bleikur banani,
appelsína talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.

Siggi og Sína

Hann hét Siggi, hún hét Sína,
þau áttu lítinn leirkofa í Kína.
Hann var langur, hún var lítil
og Þeking hundinn sinn þau nefndu Trítíl
- voff, voff.

Út' á akri á daginn unnu
en á kvöldin sátu heima og silki spunnu.
Og þau átu - namm, namm - í hvert mál
hrísgrjónagraut úr risastórri skál.
:;Hrísgrjónagraut úr skál,
hrísgrjónagraut úr skál,
hrísgrjónagraut úr skál. :;

Lag og ljóð: Gylfi Garðarsson

Hver hefur skapað blómin björt

Hver hefur skapað blómin björt,
blómin björt, blómin björt ?
Hver hefur skapað blómin björt ?
Guð á himninum.

Hver hefur skapað fuglana,
fuglana, fuglana ?
Hver hefur skapað fuglana ?
Guð á himninum.

Hver hefur skapað stjörnurnar,
stjörnurnar, stjörnurnar?
Hver hefur skapað stjörnurnar?
Guð á himninum.

Hver hefur skapað þig og mig,
þig og mig, þig og mig ?
Hver hefur skapað þig og mig ?
Guð á himninum.

Hver hefur skapað blómin björt,
fuglana, stjörnurnar ?
Hver hefur skapað þig og mig ?
Guð á himninum.

Gamli Nói

Gamli Nói, gamli Nói,
guðhræddur og vís.
Mikils háttar maður,
mörgum velviljaður.
Þótt hann drykki, þótt hann drykki
þá samt bar hann prís.

Aldrei drakk hann, aldrei drakk hann
of mikið í senn.
Utan einu sinni
á hann trúi' ég rynni.
Glappaskotin, glappaskotin
ganga svo til enn.

Séra Eiríkur Brynjólfsson þýddi

Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
Óþekkur er ætíð anginn sá,
út um bæinn stekkur hann
og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá,
eða gegnir þabba sínum.
Nei, nei það er frá.
Allan daginn, út um bæinn
eilíf heyrast köll í þeim:
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,
Gutti, komdu heim.

Andlitið er á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag.
Mædd er orðin mamma hans Gutta,
mælir oft á dag:
"Hvað varst þú að gera, Gutti minn?
Geturðu aldrei skammast þín
að koma svona inn?
Réttast væri að flengja ræfilinn.
Reifstu svona buxurnar
og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur! En sú mæðja
að eiga svona börn".

Gutti aldrei gegnir þessu,
grettir sig og bara hlær,
orðinn nærri að einni klessu
undir bíl í gær.
O'n af háum vegg í dag hann datt.
Drottinn minn! Og stutta nefið
það varð alveg flatt
eins og pönnukaka. Er það satt?
Ó, já, því er ver og miður,
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefið snúið,
nú má hafa það á tröll.
Nú er kvæðið næstum búíð,
nú er sagan öll.

Litla kvæðið um litlu hjónin

Við lítinn vog, í litlum bæ
er :; lítið hús. :;
Í leyni inn í lágum vegg
er :;lítil mús.:;
Um litlar stofur læðast hægt
og lítil hjón,
því lágvaxin er litla Gunna
og litli Jón.

Þau eiga lágt og lítið borð
og :;lítinn disk :;
og litla skeið og lítinn hníf
og :;lítinn fisk :;
og lítið kaffi, lítið brauð
og lítil grjón -
því lítið borða litla Gunna
og litli Jón,

Þau eiga bæði létt og lítil
:; leyndarmál :;
og lífið gaf þeim lítinn heila
og :; litla sál. :;
Þau miða allt sitt litla líf
við lítinn bæ
og lagan himinn, litla jörð
og lygnan sæ.

Þau höfðu lengi litla von
um :;lítil börn :;
sem léku sér með lítil skip
við :;litla tjörn, :;
en loksins sveik sú litla von
þau litlu flón,
og lítið elskar litla Gunna
hann litla Jón.

Ljóð: Davíð Stefánsson

Grænmetisvísur

Peir sem bara borða kjöt
og bjúgu alla daga
þeir feitir verða og flón af því
og fá svo illt í maga.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti.
Þá fá allir nettan maga,
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga
laus við slen og leti.

Sá er fá vill fisk og kjöt
hann frændur sína étur
og maginn sýkist molnar tönn
og melt hann ekki getur.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og tómata.
Hann verður sæll og viðmótsljúfur,
vinamargur, heilladrjúgur
og fær heilar, hvítar tennur.
Heilsu má ei glata.

Thorberg Egner
Kristján frá Djúpalæk þýddi

Klappa saman lófunum

Klappa saman lófunum,
reka féð úr móunum,
tölta eftir tóunum,
tína egg úr spóunum.

Regnið blauta

Regnið blauta, burt með þig,
bleyttu ekki Val og mig
út við ætlum saman.

Kristján frá Djúpalæk

Kveikjum eld

Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátta hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld
syngjum dátt.
Örar blóð, örar blóð
um æðar rennur.
Blikar glóð, blikar glóð,
brestur hátt.
Hæ, bálið brennur,
bjarma á kinnar slær.
Að logum leikur
ljúfasti aftanblær.
Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátta hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld
syngjum dátt.

Árni úr Eyjum

Ísland

Ísland er land þitt og ávallt þú geymir.
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sérð,
Ísland í sumarsins algræna skróði,
Ísland með blikandi norðljósa traf.
Ísland að feðranna afrekum hlúði,
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk er sú lind, sem um æðar þér
streymir.
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur,
Íslensk er lundin með karlmennskupor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Margrét Jónsdóttir

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson

Á sandi

:; Á sandi byggði heimskur maður hús :;
og þá kom steypiregn.
:; Og þá kom steypiregn og vatnið óx og
óx :;
og húsið á sandinum féll.

:; Á bjargi byggði hygginn maður hús :;
og þá kom steypiregn.
:; Og þá kom steypiregn og vatnið óx og
óx :;
og húsið á bjarginu stóð.

Kubbaús

Kubbaús við byggjum brátt,
báðum lófum smellum hátt.
Kubbum röðum sitt á hvað
(hvíslað) - Hver vill skemma það ?

Druslu-lagið

Við setjum svissinn á
og við kúplum gírnum frá,
það er startað
og druslan fer í gang!
Drun, drun!!

Það er enginn vandi
að aka bifreið,
ef maður bara kemur
henni í gang.

Drun, drun !!

Palli var einn í heiminum

Ég þekki lítinn labbakút,
sem langaði að stelast út.
Á litlu tánum læddist einn,
en langaði ekki að vekja neinn.

:; Ha, ha, ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér:;

Út á götu æddi hann,
og ekki nokkurn þar hann fann.
Suður í búð hann síðan gekk
og súkkulaðimola fékk.

:; Ha, ha, ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér:;

Danskt þjóðlag

Frjálst er í fjallasal

Frjálst er í fjallasal,
fagurt í skógarsal,
heilnæmt er heiðloftið tæra.
Hátt yfir hamrakór,
himinninn, blár og stór,
lyftist nú ljóshvolfið skæra.

Tra, la, la.

Litavísur

Grænt, grænt, grænt
er grasið úti í haga.
Grænt, grænt, grænt
er gamla pilsíð mitt.
Allt sem er grænt, grænt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla Jón á Grund.

Gul, gul, gul
er góða appelsínan.
Gul, gul, gul
er gamla húfan mín.
Allt sem er gult, gult
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð
er rósin hennar mömmu.
Rauð, rauð, rauð
er rjóða kinnin mín.
Allt sem er rautt, rautt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla indíánann.

Svart, svart, svart
er sjalið hennar ömmu.
Svart, svart, svart
er litla lambið mitt.
Allt sem er svart, svart
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt
er hafið, bláa hafið.
Blár, blár, blár
er blái himinninn.
Allt sem er blátt, blátt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla sjómanninn.

Hvít, hvít, hvít
er hvíta snjókerlingin.
Hvít, hvít, hvít
eru skýin sem ég sé.
Allt sem er hvítt, hvítt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn, litla snjókarlinn

Örn Snorrason

Bjallan hringir, búin stundin

Bjallan hringir, búin stundin,
hæ-fadderí-fadde-ra-la-la
Ærslafull og létt er lundin
hæ-fadderí-fadde-ra-la-la
Við erum ung og æskuglöð,
eigum samt að ganga í röð.
Hæ-fadderí, hæ-faddera,
hæ-fadderí-fadde-ra-la-la.

Margrét Jónsdóttir

Tröllin

Hérna koma nokkur risatröll-hó! hó!
Þau öskra svo að bergmálar um fjöll
hó hó!
Þau þramma yfir þúfurnar,
svo fljúga burtu dúfurnar,
en bak við ský er sólin hlý í leyni.
Hún skín á tröll svo verða þau að steini.

Hátt upp í fjalli

Hátt upp í fjalli þar búa þrjú tröll:
Tröllapabbi, tröllamma og litli Trolli
tröll.
BÖÖHH!! segir pabbi tröll.
Bööhh!! segir mamma tröll,
en hann litli Trolli tröll,
hann segir bara: bööhhhhh!! (hvíslað)."

Litirnir

Ég heiti Óli rauði og allir þekkjá mig
því allir jólasveinar nota rautt í föt á sig.
Rauð eru eplin góðu og reyniberin smá
og rauður er hann kjóllinn sem hún Gunna
á að fá.

Viðlag:

Já, við litum og litum, við litum stórt og
smátt.

Við litum grænt og brúnt og rautt og
gult og fagurblátt.

Já, við litum og við litum allt sem litir
geta prýtt,
og líki okkur það ekki við byrjum upp á
nýtt.

Ég heiti Stjáni blái og blátt ég lita flest,
berjaklasa, fjóluvönd og ævintýrahest.
Blá eru líka vötnin og blár er fjörðurinn,
og bláa litinn notar þú á sjálfan himininn.
Já við litum og við.....

Ég heiti Gústi græni
og á greniskóga og hey
þú getur notað litinn minn,
á vetrum sést ég ei.
En þegar vorið kemur,
þá kem ég fljótt í ljós
og klæði grænu engin, tún
og blöð á hverri rós.
Já við litum og við.....

Ég heiti Geiri guli og er gulur eins og sól.
Gulur eins og fífill eða kentaljós um jól.
Og blandaður með rauðu er ég eins og
kvöldroðinn.
Með ósköp litlu bláu eins grænn og
skógurinn.
Já við litum og við.....

Lag: F. Lundberg
Ljóð: Sigríður Ingimarsdóttir

Ég, þú, við

Ég get sungið, ég get dansað,
ég get flogið því ég er frjálst,
ég get elskað, ég get faðmað
allan heiminn af kærleika.

Ég er falleg, ég er örugg,
ég get brosað af kærleika,
ég er elskuð, ég er föðmuð,
ég er einstök eins og ég er.

Ég vil þakka, þakka Guði
fyrir lífið eins og það er
ég get treyst því full af gleði,
ég er frábær eins og ég er.

Ég vil lifa og fyrirgefa
öllum mönnum í heimi hér
og Guði þakka lífið,
ég er einlæg, ég er ég.

Þú getur sungið...
Við getum sungið...

Ljóð :Nína Dóra Pétursdóttir / I´m sailing

Kátir voru karlar

Kátir voru karlar
á kúttar Haraldi
til fiskiveiða fóru
frá Akranesi.
Og allir komu þeir aftur
og enginn þeirra dó.
Af ánægju út að eyrum
hver einasta kerling hló.

Ef þú ert súr

Ef þú ert súr, vertu þá sætur.
Sjáðu í speglinum, hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað,
geta' í hláturböndin tosað,
geta hoppað, hlegið, sungið endalaust.

Ef þú ert fýldur, þá líkistu apa,
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ef þú ert illur, þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum
grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Um Akranes

Akranes, Akranes,
það er bærinn minn.
Þar er gott að búa,
að honum vil ég hlúa.
Akranes, Akranes,
það er bærinn minn.

Ég ætla' að syngja

Ég ætla' að syngja,
ég ætla' að syngja.
Ég ætla' að syngja lítið lag.

Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er "nebbinn" minn
og munnurinn.

Ég ætla' ...

Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla' ...

Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,
hérna er olnboginn
og handleggurinn.

Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn,
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér

Jóhanna Fjóra Ólafsdóttir

A, B, C, D.....

A, b, c, d, e, f, g,
eftir kemur h, i, j, k,
l, m, n, o, einnig p,
ætla ég q þar standi hjá

R, s, t, u, v eru þar næst,
X, y, z, þ, æ, ö.
Allt stafrófið er svo læst
í erindi þessi lítil tvö.

Rameau

Maístjarnan

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve leingi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er alt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einíngarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Lag: Jón Ásgeirsson
Ljóð Halldór Laxness

Ó, Jósep, Jósep

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða
og bráðum hvarma mína fylla tár,
því fyrr en varir æskuárin líða
og ellin kemur með sín gráu hár
Ég spyr þig, Jósep,
hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Skafti Sigurbórsson þýddi

Marsbúa cha cha cha

Marsbúarnir þeir lentu í gær,
þeir komu á diskni með ljósin skær.
Þeir reyndu að kenna mér
smá rokk og ka,
en það besta var samt cha cha cha.

Þeir eru gulir, með hvítar tær,
og kunna dansana frá því í gær.
Þeir elska perur og banana
en samt elska þeir mest cha cha cha.

Og þeir keyra um sólkerfið kátir
og koma við þar sem þeirra er þörf.
Þeir eru bæði kúl og eftirlátir
og kenna okkur góð og gagnleg störf.
Til dæmis að drekka súkkulaði,
borga gamlar skuldir,
slappa af í baði og allt.

Marsbúarnir þeir hafa stæl,
þeir geta dansað bæði á tá og hæl.
Þeir kunna rúmbu og smá samba
en samt kunna þeir best cha cha cha.

Og þeir keyra um sólkerfið kátir
og koma við þar sem þeirra er þörf.
Þeir eru bæði kúl og eftirlátir
og kenna okkur góð og gagnleg störf.
Til dæmis að drekka súkkulaði, borga
gamlar skuldir,
slappa af í baði og allt.

S.Jónsson / S. Bald

Buxur, vesti, brók og skó

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Piparkökuvísur

Pegar piparkökur bakast
kökugerðarmaður tekur
fyrst af öllu steikarpottinn
og eitt kíló margarín.
Bræðir yfir eldi smjörið
er það næsta sem hann gjörir
er að hræra kíló sykurs
saman við það, heillin mín.

Pegar öllu þessu er lokið
takast átta eggjarauður
maður þær og kíló hveiti
hrærir og í potti vel.
Síðan á að setja í þetta
eina litla teskeið pipar
svo er þá að hnoða deigið
og breiða það svo út á fjöl.

Thorbjörn Egner
Kristján frá Djúpalæk þýddi

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirnini.
Við skýin erum bara að kíkja á leiki
mannanna.
Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúps,
í rokinu
klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.
Við skýin erum bara grá, bara grá.
Á morgun kemur sólin,
hvar verðum við skýin þá ?
Hvar þá, hvar þá, hvar þá, hvar þá,
hvar þá, hvar þá, hvar verðum við skýin
þá ?

Spilverk þjóðanna

Vegbúi

Þú færð aldrei að gleyma
þegar ferðu á stjá
þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá
segðu mér sögur
já, segðu mér frá
þú áttir von nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Kristján Kristjánsson (KK)

Völuvísa

Eitt verð ég að segja þér
áður en ég dey,
enda skalt þú börnum þínum
kenna fræði mín,
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,
sögðu mér það gullinmura gleymmérey
og gleymdu því ei:
að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
honum verður erfiður dauðinn.

Auður Haraldsdóttir / Guðmundur Böðvarsson

Yndislegt líf

Ég sé lífsins tré
á háum hól
á himni sé ég bjarta morgunsól
og ég hugsa með mér
þetta' er yndisleg jörð

Ég sé gömul hjón
og glaðleg börn
sem ganga frjáls við litla tjörn
og ég hugsa með mér
þetta' er yndislegt líf

Með bjartsýni' í huga
ég býð þeim góðan dag
ég brosi er ég heyri
þau syngja þetta lag
og með von og trú
í veröldinni nú
við getum lifað ég og þú

Ég sé lítil börn
og lífsins tré
og lífið sjálft er allt sem ég sé
og ég hugsa með mér
þetta' er yndislegt líf

og ég hugsa með mér
þetta' er yndisleg jörð.

Kristján Hreinsson þýddi

Dagfinnur dýralæknir

Dagfinnur læknar dýrin smá,
Dagfinnur læknar dýrin há.
Eitt sinn í langa ferð hann fór,
fylgd' onum dýrin bæði lítil og stór.
Dagfinnur kemur og Dagfinnur fer,
dýrin hann læknar þar og hér.
Þekkið ekki, krakkar, hver ég er?
Kaupið þá nýjustu bókina af mér.

Strætó

Hjólin á strætó snúast hring, hring,
hring,
hring, hring, hring,
hring, hring, hring!
Hjólin á strætó snúast hring, hring,
hring
- út um allan bæinn!

Hurðin á strætó opnast út og inn,
út og inn, út og inn!
Hurðin á strætó opnast út og inn
- út um allan bæinn!

Peningarnir í strætó segja klink, klink,
klink,
klink, klink, klink,
klink, klink, klink!
Peningarnir í strætó segja klink, klink,
klink
- út um allan bæinn!

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,
bla, bla, bla,
bla, bla, bla!
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla
- út um allan bæinn!

Börnin í strætó segja hí, hí, hí,
hí, hí, hí,
hí, hí, hí!
Börnin í strætó segja hí, hí, hí
- út um allan bæinn!

Bílstjórinn í strætó segir uss, suss,
suss,
uss, suss, suss,
uss, suss, suss!
Bílstjórinn í strætó segir uss, suss, suss
- út um allan bæinn!

Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb,
bíb, bíb, bíb,
bíb, bíb, bíb!
Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb
- út um allan bæinn!

Brunaliðið, köttur

Ba, bú, ba, bú, brunabíllinn flautar.
Hvert er hann að fara ?
Vatn á eld að sprauta - tss, tss, tss, tss!
Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa kisa.
Hvert er hún að fara ?
Út í skóg að ganga - uss, uss, uss, uss!
Skógarpröst að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarpröstur syngur.
Hvert er hann að fara ?
Burt frá kisu flýgur - víí, víí, víí, víí!
Loftin blá hann smýgur

Jón Hlöðver Áskelsson

Fatavísur

Sumarfötin, sumarfötin
setjum inn í skáp
Geymum þau í vetur
og klæðum okkur betur.
Sumarfötin, sumarfötin setjum inn í
skáp.

Þykku fötin, þykku fötin
þykja best í snjó.
Þegar út við þjótum
og karl úr snjó við mótum.
Þykku fötin, þykku fötin
þykja best í snjó.

Pollafötin, pollafötin
puðumst við nú í.
Úti regnið bylur,
stétt og steina hylur.
Pollafötin, pollafötin
puðumst við nú í.

Lag: Allir krakkar

Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður,
stóra brúin fer upp og niður,
allan daginn!

Bílarnir aka yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Bílarnir aka yfir brúna,
allan daginn!

Skipin sigla undir brúna,
undir brúna, undir brúna.
Skipin sigla undir brúna,
allan daginn!

Flugvélar fljúga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Flugvélar fljúga yfir brúna,
allan daginn!

Fiskarnir synda undir brúna,
undir brúna, undir brúna.
Fiskarnir synda undir brúna,
allan daginn!

Fuglarnir fljúga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Fuglarnir fljúga yfir brúna,
allan daginn!

Börnin ganga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Börnin ganga yfir brúna,
allan daginn!

Indjánaagið

Það voru einn og tveir og þrír indíánar,
fjórir og fimm og sex indíánar.
Sjö og átta og níu indíánar,
tíu indíánar í skóginum.

Allir voru með byssu og boga,
allir voru með byssu og boga.
Allir voru svo kátir og glaðir!
Þeir ætluðu að fella björninn.

Uss! Parna heyrðist eitthvað braka.
Uss! Parna heyrðist fugl að kvaka.
Fram kom stóri og grimmi björninn!
Pá hlupu þeir allir heim til sín.

Pá hlupu:
Einn og tveir og þrír indíánar,
fjórir og fimm og sex indíánar.
Sjö og átta og níu indíánar -
en einn indíáni varð eftir.

Hann var ekki hræddur við björninn.
BAMM!! - hann skaut og hitti björninn.
Tók svo af honum allan haminn
og hélt heim til hinna níu.

Pá komu:
Einn og tveir og þrír indíánar,
fjórir og fimm og sex indíánar.
Sjö og átta og níu indíánar -
allir að skoða björninn.

Lag: Einn litlir, tveir litlir, þrír litlir

Í upphafi söngstundar

Halló krakkar, halló krakkar,
velkomin í dag.
Gaman er að sjá ykkur
og gaman er að fá ykkur.
Halló krakkar, halló krakkar,
velkomin í dag.

Lag: Allir krakkar

Komdu niður

Þegar ég var lítil var ég voða feimin oft
og væri einhver ókunnugur skaust ég upp
á loft.

En ef að ég var úti, þegar gest að garði
bar,
ég geystist upp á hlöðuburst og settist
niður þar.

Komdu niður, kvað hún amma.
Komdu niður, sögðu pabbi og mamma.
Komdu niður, komdu niður,
komdu niður sögðu öll í kór

Svo stækkaði ég meira og þá varð ég
voða kát
og veslings pabba og mömmu oft ég setti
hreint í mát.
Ég klifraði og hentist yfir hvað sem
fyrir var,
ég hoppaði upp á skólapak og settist
niður þar.

Komdu niður.....

En seinna verð ég stærri og það verður
gaman þá
og víst er það, að margt þið fáði þá til
mín að sjá.
Þá ætla ég nú upp í tunglið strax að fá
mér far,
að finna karlinn skrýtna sem að á víst
heima þar.

Jón Sigurðsson

Í lok söngstundar

Jæja krakkar, jæja krakkar,
takk fyrir í dag.
Gaman var að sjá ykkur
og gaman var að fá ykkur.
Jæja krakkar, jæja krakkar,
takk fyrir í dag.

Ég langömmu á

Ég langömmu á sem að létt er í lund.
Hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

Dag einn er kviknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að,
og eldurinn logaði um glugga og göng,
sat sú gamla upp á þaki og spilaði og söng.

Með Súðinni var hún er sigldi' hún í strand,
með síðasta skipsbátinum komst hún í land.
Í svellandi brimi var sjóleiðin löng
en í skutnum sat amma og spilaði' og söng

Ásgeir Jónsson

Upp á grænum, grænum...

Upp á grænum, grænum himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu
- bomm, bomm, bombarombommbomm!
Hún með fiðlu sér við vanga.

Pá læddist að þeim ljótur byssukarl
sem miðaði í hvelli!
En hann hittir bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli

Reyklagið

Við ýtum reyknum út
og við drögum reykinn inn
og reykurinn fer upp um skorsteininn.
Við syngjum glóri glóri hallelúja
og reykurinn fer upp um skorsteininn -
JÚHÚ!!

Dansar á pallinum

Anna dansar á pallinum
en Lilja skellihlær.
Bjarni er á sokkunum
og Palli datt í gær.
Guðrún keyrir kassabíl með Ástu í
og Bárna kastar bolta til Davíðs.

Nafnalag - skipta út nöfnum eftir hentugleika

Það bjó einn karl

Það bjó einn karl í tunglinu,
í tunglinu, í tunglinu.
Það bjó einn karl í tunglinu
og hann hét Eikartré.

Augun voru úr kjötbollum,
úr kjötbollum, úr kjötbollum.
Augun voru úr kjötbollum
og hann hét Eikartré.

Nefið var úr osti,
úr osti, úr osti.
Nefið var úr osti
og hann hét Eikartré

Munnurinn var úr pizzu,
úr pizzu, úr pizzu.
Munnurinn var úr pizzu
og hann hét Eikartré.

Hárið var úr hafragraut,
úr hafragraut, úr hafragraut.
Hárið var úr hafragraut
og hann hét Eikartré.

(Svo er hægt að bæta við líkamspörtum og skálda úr hverju þeir eru)

Um landið bruna bifreiðar

Um landið bruna bifreiðar,
bifreiðar, bifreiðar,
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.
Ba-bú, ba-bú,
tr-la-la-la-la-la-la,
ba-bú, ba-bú,
tra-la-la-la-la!

Um loftin fljúga flugvélar,
flugvélar, flugvélar,
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.
Ba-bú.....

Um höfin sigla skúturnar,
skúturnar, skúturnar.
með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.
Ba-bú.....

Magnús Pétursson

Ég heiti Lína langsokkur

Ég heiti Lína langsokkur,
er ljúfur krakki og fallegur.
Negrakóngur er pabbi minn
en hún mamma fór í himininn.

Fljótt af stað

Fljótt af stað nú skal í skóla,
skal í skóla.
Skólabjallan til vor kallar,
til vor kallar.
Bimm, bamm, bimm, bamm

Kátur drengur

Kátur er hann Kalli minn
kominn upp í bílinn sinn.
Eitthvað langt hann ætlar sér,
út í heiminn sýnist mér.
Tra la la la ...

Gaman væri far að fá
fallegt margt og nýtt að sjá,
lönd og borgir, fjöll og foss,
fáir öðlast þvílíkt hnoss.
Tra la la la...

En að þykjast allt það er
aðeins slíkt ef líkar mér.
Þá með Kalla færðu far
fargjaldið er ekki þar.
Tra la la la...

Glatt skín sól og gott er hjarn,
gaman er að vera barn.
Eiga von og æskuþrá
ævintýralöndin sjá.
Tra la la la...

Hann Stubbur litli

Hann Stubbur litli labbar
með landpóstinum yfir fjöll.
Hann langaði að líta
á landsins stærstu tröll.

Svo fór hann upp á fjöllin
og fékk að líta heljartröll,
en fór á burt sem skjótast
og fannst þau lítil öll.

Þá sá hann sjóinn bláa
og sentist niður snarbrött fjöll.
Er leit hann sig í lygnu
þá loksins sá hann tröll.

Fingurnir

Þumalvingur, þumalvingur
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Litlifingur, litlifingur
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Við skulum róa á selabát

Við skulum róa á selabát
fyrst við erum fjórir.
Það eru bæði þú og ég,
stýrimaður og stjórnari.

Við skulum róa sjóinn á
og sækja okkur ýsu.
Og hann krummi kemur þá,
kallar hann á hana Dísu.

Pálína með prikið

Pálína með prikið
potar sér gegnum rykið.
Rogast hún með rjóma
rembist hún með smjör.
Þetta verður veisla
vítamín og fjör.
Pálína með prikið.

Pálína með pakkann
þjakkar heim allan bakkann.
Vertu ekki vond
þó vísan sé um þig,
Pálína með pakkann
passar fyrir mig.
Pálína með pakkann.

Guðmundur Daníelsson

Gættu að þér litla auga

∴ Gættu að þér litla auga
hvað þú sérð∴
því að Guð á himnum há
horfir litlu börnin á.
Gættu að þér litla auga hvað þú sérð.

∴ Gættu að þér litla eyra
hvað þú heyrir∴
því að Guð.....

∴ Gættu að þér litli munnur
hvað þú talar∴
því að Guð.....

∴ Gættu að þér litla hönd
hvað þú gerir∴
því að Guð.....

∴ Gættu að þér litli fótur
hvar þú stígur∴
því að Guð.....

Drip drop drip drop

Drip-drop drip-drop drip-drop
drip-drop,
Hvað er það sem rignir svo
regnhlífarnar á ?
Hvað rennur svo bólstrunum svörtu frá ?
Það er vatnið, vatnið,
ekker nema vatnið.

Drip-drop drip-drop drip-drop
drip-drop,
Hvað er það í skýjum sem skreytir
loftin blá,
sem skipin og bátarnir sigla á ?
Það er vatnið, vatnið,
ekker nema vatnið.

Drip-drop drip-drop drip-drop drip-
drop,
Hvað er það sem alls staðar liggur
kringum lönd
og leikandi gjálfrar við sjávarströnd ?
Það er vatnið, vatnið,
ekker nema vatnið.

Drip-drop drip-drop drip-drop
drip-drop,
Hvað er það sem börnin sig
baða stundum í,
en breytist í ís þegar frost nær því ?
Það er vatnið, vatnið,
ekker nema vatnið.

Guðmundur Guðbrandsson þýddi

Gráðug kelling og svangur kall

Gráðug kelling hitaði sér velling
og borðaði (namm, namm, namm)
síðan sjálf (jamm, jamm, jamm)
af honum heilan helling.

Svangur kallinn varð alveg dolfallinn
og starði svo (sko, sko, sko)
heilan dag (o, ho, ho)
ofan í tóman dallinn

Dagur er risinn

Dagur er risinn, rjóður í austri,
raular mér kvæði þröstur á grein.
Blessuðu tónar, blessaði dagur,
blessaða veröld, tindrandi hrein.

Sólin er risin hátt upp á himin,
hlæjandi dagur þerrar mín tár.
Blessað sé ljósið, lífgjafinn mildi,
lofaður veri, himininn blár.

Ég elska lífið, ljósið og daginn.
Lofgjörð um heiminn fagnandi syng.
Blessað sé lífið, blessað sé ljósið,
blessaðir morgnar, árið um kring.

Lag: Morning has broken / Heimir Pálsson þýddi

Þýtur í laufi

Þýtur í laufi, bálið brennur.
Blærinn hvíslar: "sofðu rótt."
Hljóður í hafið röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þó ennpá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur, gaman.
Gleðin, hún býr í fjallasal.

Tryggvi Þorsteinsson

Kátir dagar

Kátir dagar, :, koma og fara :,
hvað er það :, að lifa og spara :,
Dátt við syngjum :, dönsum nætur :,
dröttumst oftast :, seint á fætur :,

Þannig áfram :, ævin líður :,
undur fljótt og :, aldrei bíður :,
Saman halur og :, svanni fríður :,
syngja og dansa :, tra la la la :,

Ef ég ætti fiðlu

Ef ég ætti fiðlu, fiðlu, fiðlu,
Ef ég ætti fiðlu, þá léki ég.
Fiðlu, fiðlu, fiðlulag.
Einn, tvo, þrjá, fjóra, tíma á dag.
Ef ég ætti fiðlu, fiðlu, fiðlu, fiðlu,
ef ég ætti fiðlu þá léki ég.

Ef ég ætti trompet, trompet, trompet
ef ég ætti trompet, þá léki ég.
Tu, tu, tu, tu, trompet lag.
Einn, tvo, þrjá, fjóra, tíma á dag.
Ef ég ætti trompet, trompet, trompet.
Ef ég ætti trompet, þá léki ég.

Ef ég ætti trommu, trommu, trommu.
Ef ég ætti trommu þá léki ég
tromm, tromm, tromm, tromm,
trommulag.
Einn, tvo, þrjá, fjóra, tíma á dag.
Ef ég ætti trommu, trommu, trommu
ef ég ætti trommu þá léki ég.

Ég er lítill söngfugl, söngfugl, söngfugl
ég er lítill söngfulg og syng svo vel.
Tral, la, la, la, syng ég lag.
Einn, tvo, þrjá, fjóra, tíma á dag.
Ég er lítill söngfugl, söngfugl, söngfugl,
ég er lítill söngfugl og syng svo vel.

Ó, mamma

Ó, mamma, gef mér rós í hárið á mér,
því tveir litlir strákar eru skotnir í mér.
Annar er blindur og hinn ekkert sér,
ó, mamma, gef mér rós í hárið á mér.

Pegiðu, stelpa, þú færð enga rós,
farðu heldur með henni Gunnu út fjós.
Þar eru kálfar og þar eru kýr,
þar eru fötur til að mjólka í

Súrmjólk í hádeginu

Ég er bara fimm ára
og kenna á því fæ.
Klukkan sjö á morgnana
er mér dröslað niður í bæ.
Enginn tekur eftir því
þó heyrast lítið kvein
því mamma er að vinna
en er orðin allt of sein.

Súrmjólk í hádeginu
og Seríós á kvöldin.
Mér er sagt að þegja
meðan fréttatíminn er.
Súrmjólk í hádeginu
Seríós á kvöldin.
Hún mamma er svo stressuð
en þó mest á sjálfri sér.

Svo inn á dagskólann mér dröslað er í
flýti,
mig sárverkjar í handleggina eftir
mömmu tog.
En þar drottmar dagmamma með ótal
andlitslýti,
það er eins og hún hafi fengið hátt í
hundrað þúsund flog.

Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á
kvöldin,
mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn
er.
Mamma er svo stressuð, þó mest á
sjálfri sér.

Doddi litli

Doddi litli datt á pallinn,
missti niður mjólkurdallinn.
Æ, ó, æ, ó.

Litli Óli í skógi

Litli Óli í skógi, milli trjána hann reikar
og svo allt í einu sér hann
voða stóran hund.

Ooo :.holli rassi hí ha, holli rassi hí.:

- voða stóran skógarbjörn
- voða stóra mjólkurkú
- voða stóra mjaltakonu
- voða sterkan vinnumann

Hundur: he he

Skógarbjörn: klór

Mjólkurkú: tú tú

Mjaltakona: dída dída

Vinnumaður: ooooooooooh

Myndin hennar Lísu

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf
grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.
Hvítu fyrir börn sem biðja um frið,
biðja þess eins að mega lifa eins og við.
Er ekki jörðin fyrir alla?

Taktu þér blað, málaðu á það,
mynd þar sem allir eiga öruggan stað.
Augu svo blá, hjörtu sem slá,
hendur sem fegnar halda frelsinu á.
Þá verður jörðin fyrir alla.

Lag og texti: Olga Guðrún Árnadóttir

Ljúfir fagnaðarfundir

Ljúfir fagnaðarfundir,
góðan dag og góðar stundir.
Hérna syngjum allir saman,
það er gleði og gaman.

Kát við syngjum saman,
syngjum hátt; já þá er gaman.
Látum sönginn ávallt óma
okkur til sóma.

Tommi litli til vinnu fús

Tommi litli til vinnu fús
hjá vatni litlu átti hús.
Á annarra manna og eigin diska
út um gluggann veiddi fiska.

Afmælislagið

Á einhver í janúar afmæli hér ?
Kom inn, kom inn, kom inn.
Af ánægju í hringnum
þau beygja sín hné,
mjög djúpt, mjög djúpt, mjög djúpt.
Krakkar snúa, krakkar snúa,
snú hopp sassa þá
Krakkar snúa, krakkar snúa,
snú hopp sassa sa.

Glettinn máninn

Glettinn máninn gægist
gjarnan til mín inn.
Sýnist vilja segja:
"Sjá þú geislann minn.
Málað hef ég marga
mynd á dal og strönd,
sett þær mánasilfri,
sýnt þar töfralönd."

Hátt í himnaveldi
hreykir máninn sér.
Hann er oft að hlæja,
hlær að mér og þér.
Skuggana hann skammar,
skýst á undan þeim.
Silfurörvar sínar sendir út um geim.

Franskt þjóðlag - Ingólfur Jónsson þýddi

Hann Tumi fer á fætur

Hann Tumi fer á fætur
við fyrsta hanagal,
að sitja yfir ánum
lengst inn í Fagradal.

Hann lætur hugann líða,
svo langt um dali og fjöll,
því kóngur vill hann verða
í voða stórri höll.

Og Snati hans er hirðfífl
og hrútur ráðgjafinn,
og smalahóll er höllin,
en hvar er drottningin ?

Ljóð : Freysteinn Gunnarsson

Litla mjólkurlagið

Mjólk er góð, fyrir káta krakka,
kynjaþjóð, bæði álfa og tröll.
Mjólk er góð, girnileg að smakka,
glöð og rjóð, þá við verðum öll.
Mjólk er góð fyrir mig og þig.
Mjólk er góð.

Ég og þú, vinir skulum vera,
vaxa hratt og verða myndarfólk.
Að burstu vel, það er um að gera,
brosandi við drekkum mikla mjólk.
Mjólk er góð fyrir mig og þig.
Mjólk er góð.

Eldur

Eldurinn logar
langt niðri í jörðu,
leitar að opinni slóð.
Æðir um ganga,
grefur sér leiðir,
glóandi, ólgandi blóð.

Spýtist úr gígum
með geigvænu öskri
og grásvörtum bólstrum af reyk.
Leiftrandi steinar,
logandi hraunið,
lifandi kraftur að leik.

En handan við sortann,
háskann og mökkinn,
sem heldimmur leggst yfir ból,
dansar á himni,
dátta yfir landi,
dirfskunnar leiftrandi sól.

Ljóð : Sveinbjörn I. Baldvinsson

Meistari Jakob

Meistari Jakob, meistari Jakob,
sefur þú, sefur þú ?
Hvað slær klukkan ?
Hún slær þrjú, hún slær þrjú

Enska

Are you sleeping, are you sleeping,
Brother John, brother John,
morning bells are ringing,
Ding ding dong, ding ding dong.

Finnska

Jaakko kulta, Jaakko kulta,
herää jo herää jo.
Kellojasi soita kellojasi soita
Piu pau pou piu pau pou.

Pýska

Bruder Jakob, Bruder Jakob,
schläfst du noch? Schläfst du noch ?
Hörst du nicht die Glocken ?
Ding dang dong, ding dang dong.

Franska

Frère Jacques, Frère Jacques
dormez-vous, dormez-vous?
Sonnez les matines,
Ding ding dong, ding ding dong.

Sænska

Broder Jakob, broder Jakob
sover du, sover du ?
Hör du inte klockan
Ding ding dong

Danska

Mester Jakob, Mester Jakob,
sover du ? Sover du ?
Hører du ej klokken ?
Bim, bam, bum, bim, bam, bum.

Það er leikur að læra

Það er leikur að læra
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira
meira í dag en í gær.

Þjallan hringir, við höldum
heim úr skólanum glöð,
þrúð og frjálslæg í fasi,
fram nú allir í röð.

Ljóð: Guðjón Guðjónsson

Garðasel

Garðasel, Garðasel,
það er skólinn minn.
Lita ég og leira
leik mér við margt fleira.
Garðasel, Garðasel,
það er skólinn minn.

Lag: Allir krakkar

Í Garðaseli

Í Garðaseli lærum við
að vera vinir góðir.
Um umhverfi og náttúru
allir verða fróðir.
∴ Úmbarassa, úmbarassa ∴∴

Að hreyfa okkar fína kropp
og læra í gegnum leikinn.
Að hver og einn sé sérstakur,
við segjum voða hreykin
∴∴ Úmbarassa, úmbarassa ∴∴

Texti: Bryndís Ævarsdóttir
Leikskólinn Hlíðarendi Hafnarfirði

Margt þarf að gera á morgnana

Margt þarf að gera á morgnana,
á morgnana, á morgnana.

Margt þarf að gera á morgnana,
og margt sem ekki má gleyma.

Þannig er best að þvo um hönd,
að þvo sér má enginn gleyma.

Þannig er best að þurrka hönd,
að þurrka má enginn gleyma.

Þannig er best að bursta tönn,
að bursta má enginn gleyma.

Þannig er best að greiða hár,
að greiða má enginn gleyma.

Þannig er kátt að klappa í takt,
að klappa má enginn gleyma.

Þannig er gott að ganga í röð,
að ganga má enginn gleyma.

Þannig er létt að hoppa í hóp,
að hoppa má enginn gleyma.

Guðmundur Guðbrandsson þýddi

Gleðilegt sumar

Garðasel er góður staður
gaman er að leika hér.
Heim ég skokka hress og glaður,
heilsa nýju sumri fer.

Í ungu hjarta ósk ég geymi,
ó, hve dýrðlegt væri það.
Ef að börn í öllum heimi,
ættu slíkan griðarstað.

Lag: Bráðum koma blessuð
Ljóð: Kristján Árnason

Leikskólasöngur

Kátir voru krakkar
sem komu í leikskólann,
Akurnesingarnir
ungu þekkjja hann.
Öll þau komu aftur,
svo eldhress næsta dag,
tilbúin í tuskið
og taka fjörugt lag.

Gott og glatt á hjalla
í Garðaseli er.
Skagaæskan unga
þar örugg leikur sér.
Það er þó best af öllu
sé orðin lúin hönd,
í mjúkum móðurörmum
að mæta í draumalönd.

Lag: Kátir voru karlar
Ljóð: Kristján Árnason

Vinnudagur

Í Garðasel fór ég í gær og í dag,
gjarnan á morgun líka.
Þær hafa hér á því það ágætis lag,
að annast um pottorma slíka.

Mér bregður nú ekki þó úti sé kalt,
örlítil hríð eða gjóla.
Ég vind mér þá í það að vega þarf salt,
vinna í sandi eða róla.

Ég er voða sjaldan neitt óþekkur hér,
já, ýmsar þarf skyldur þarf að rækja.
Og passlega þreyttur af puðinu er,
þá þabbi mig kemur að sækja.

Ljóð: Kristján Árnason

Dagalag

Ég heiti Helga á helgidögum,
ég heiti Þura á þurrum dögum,
ég heiti Sunna á sunnudögum.
Er þetta nóg?
Er núna komið nóg, og þó ?

Ég stjórna bæði veðri og vindunum,
ég vef skýin on' af tindunum,
ég græði grasið inni í dölunum,
ég geng um fjöll með smölunum.

Ég heiti Lauga á laugardögum,
ég heiti Birta á björtum dögum,
ég heiti Helga á helgidögum.
Er þetta nóg ?
Er núna komið nóg, og þó ?

Ég anda' upp ölduhryggjum úti' á sjó,
ég sáldra regndropum á runna og mó,
ég kveiki kvöldstjörnur á himninum,
ég kyndi upp í morgninum.

Ég heiti Helga á helgidögum,
ég heiti Þura á þurrum dögum,
ég heiti Sunna á sunnudögum.
Er þetta nóg ?
Er núna komið nóg, og þó ?

Ég heiti Lauga á laugardögum,
ég heiti Birta á björtum dögum,
ég heiti Helga á helgidögum.
Er þetta nóg ?
Er núna komið nóg, og þó ?

Lag og ljóð : Ólafur Haukur Símonarson

Óli og Gunna

Það er ekki alltof kalt,
Óli litli og Gunna,
vilja út að vega salt,
vel þau leikinn kunna.

Stefán Jónsson

Dísa litla syngur

Um morgun, kvöld og miðjan dag ég
mjólkursopann fæ
og mér er ljúft að halda þessum vana
því mjólk er mesta blessun og björg á
mínum bæ
og Búkolla er væn sem gaf mér hana.

Ég teygja heilsudrykkinn og fjör og líf ég
finn
hann færir mér af öllum gæðum sínum.
Og hann er besta meðalið sem börnin
taka inn,
svo bragðgott, hvítt og fullt af
vítamínum.

Og ég fæ rjóðar kinnar og rósablaðavör
og rakleiðis ég fer til starfa minna.
Svo undurlétt í spori, í snúningum og
snör
og snörp og dugleg til að læra og vinna.

Lag: Úr fimmtíu senta glasinu.

Hey Balúba!

Hey, Balúba!
Hey, Balúba!
Hey, hey Balúba hey!
Hey, hey Balúba hey!
Olí, olí, ei!
Olí, olí, ei!
Balú, balú, baggasei!
Balú, balú, baggasei!

Eitt sinn gekk ég

Eitt sinn gekk ég út um bæinn
mörgum mætti ég þann daginn.
Fyrst kom herra hár að sjá
og hann gekk svona, lítið á.
Hlamm, hlamm, hlamm,...

Eitt sinn gekk ég...
Svo kom stásslæg stúlka nett
stillt og gekk á tánum létt
La, la, la,...

Eitt sinn gekk ég...
Lítil telpa lék sér að
litlum bolta, svo var það.
Hopp, la, la,...

Eitt sinn gekk ég...
Dátinn gildur gekk á vakt
glennti sig og sté í takt.
Takt, takt, takt...

Eitt sinn gekk ég...
Hersir kom á hesti svo,
í hornið blés og sagði tro.
Tro, tro, tro...

Eitt sinn gekk ég ...
Rósu frænku rakst ég á,
rakleitt heim við leiddumst þá.
La, la, la,...

Eitt sinn gekk ég...
Vingjarnleg og falleg frú,
framhá gekk og hana nú.
Tra, la, la,...

Tutt, tutt, segir bíllinn

Tutt, tutt, segir bíllinn minn.
Ek ég inn í bílskúrinn.
Fingri styð á flautuna
og fæturnar á bremsuna.

Ég er Stebbi

Ég er Stebbi, ég er Stebbi,
strákurinn á Brún.
Úti alla daga
ösla ég og kjaga.
Upp í brekku, upp í brekku
og ofan fyrir tún.

Afi gaf mér, afi gaf mér,
ágæt skíði í gær.
Líka stafi langa,
sem létt er við að ganga.
Góður drengur, góður drengur,
gjafir svona fær.

Afbragðsskíði, afbragðsskíði
eru nauðsynleg.
Niður brekku að bruna,
best reynir karlmenskuna.
Það er gaman, það er gaman,
þetta vissi ég.

Ég er Stebbi, ég er Stebbi,
stuttur bæði og mjór.
Skæður skíðamaður,
skelfing umtalaður.
Það er ráðið, það er ráðið,
þegar ég verð stór.

Lag: Allir krakkar

Hafið blá hafið

Hafið bláa hafið hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd ?
Þangað liggur beinn og breiður vegur,
bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér aldrei fyr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni er haf og himinninn.

Ljóð : Örn Arnarson

Ég heiti Kristín

Ég heiti Kristín Jósefína Páls,
í daglegu tali kölluð Stína.
Nú ætla ég að taka til máls
og segja ykkur sögu mína

Hann pabbi er stórbóndi austur í sveit,
en mamma, hún er lítil og feit.
Ég á bræður þrjá, svolitla anga smá,
og systur, sem heitir Bína.
En sjálf er ég kölluð Stína.

Ég verð átján ára þriðja maí,
og þá verður ákaflega gaman.
Þá eflaust eitthvað fínt ég fæ
frá Bjössa, því við erum saman.

Hann Bjössi er besti vinurinn minn,
hann Bjössi, sem keyrir traktorinn.
Hann dansar best og er fær í flest,
en á því miður engan hest.
Og það þykir mér nú allra verst.

Siggi fór í bæinn

Siggi fór í bæinn og Siggi fór í búð.
Siggi sat á torginu og var að borða snúð.
Þá kom löggumann og hirti hann
og stakk honum ofan í rassvasann.

Söngstundarkveðja

Allir á Holti, allir á Holti,
komið nú, komið nú,
Þökkum fyrir okkur,
þökkum fyrir okkur,
verið bless, bless, bless, bless.

Skipt um nöfn á leikskóla /deildum eins og þarf

Lag: Meistari Jakob

Pegar Lalli fór langt út á tjörn

Pegar Lalli fór langt út á tjörn
til að leika við nokkur börn,
hann söng þar og dansaði, hoppaði og hló,
já, hér er nú maður, halló!

Ég get sungið og leikið svo létt.
Ég get skautað og skellt mér á sprett.
Ég er mestur af öllum mönnum hér,
þið munuð nú sjá hver ég er.

Svo fór Lalli og skundaði á skeið,
hann skildi ekki hvað hans beið.
Og brátt heyrðist smellur og brókin
hans leið.
Hann tók að hrópa í neyð:

"Æ, krakkar, komið þið fljótt,
ég kemst ekki neitt, það er ljótt,
því rassinn er sundur, hann rifnaði frá,
það raunalegt er að sjá."

Svo fór Lalli og fékk sér ný föt.
Það eru fæstir sem vilja hafa göt.
Hann fór út á ísinn og skautaði skarpt.
Hann skyldi nú sýna margt.

En þá kom ólukkan yfir hann enn,
eins og oft fyrir mikla menn.
Hann féll niður um ísinn og fékk af því
bað.
Fjarskalega raunalegt það.

Veistu að ég á lítinn dreng

Veistu að ég á lítinn dreng sem labbar,
langt í burtu og rekur margar kýr?
Hann er alveg eins og pabbi forðum
elskar land og sjó og menn og dýr.

Þrír litlir hermenn

∴ Þrír litlir hermenn
heim úr stríði komu, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
þeir heim úr stríði komu.

∴ Einn þeirra þriggja
hélt á rós í hendi, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
hann hélt á rós í hendi.

∴ Prinsessan út um
hallarglugga horfði, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
um hallarglugga horfði.

∴ Hermaður litli,
góði, rós mér gefðu, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
góði, rós mér gefðu.

∴ Prinsessa litla,
gef mér glöð þitt hjarta, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
gef mér glöð þitt hjarta.

∴ Hermaður litli,
heyr míns föður vilja, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
heyr míns föður vilja.

∴ Góðan dag, kóngur,
gef mér dóttur þína, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
gef mér dóttur þína.

∴ Þrjú skip ég á
er sigla glæst um sæinn, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
er sigla glæst um sæinn.

∴ Eitt fullt af gulli,
annað silfri hlaðið, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
annað silfri hlaðið.

∴ Og á því þriðja,
heim með brúði held ég,
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
heim með brúði held ég.

∴ Hermaður, þú skalt
hljóta dóttur mína, ∴
ta ta tamm, ta ta ta tamm,
skalt hljóta dóttur mína.

Egill Bjarnason þýddi

Það vantar spýtur

∴ Kannist þið við krakka sem að kúra' í
sandkassa?
Þeim leiðist heldur lífið og eru' löngu
hætt að krassa. ∴

∴ Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög. ∴

∴ Þau hafa rólað hundrað milljón sinnum
út og inn
og mokað sandinum í skóinn sinn. ∴
∴ Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög. ∴

∴ Kannist þið við snáða sem að engu fá
að ráða?

Þeir þvælast bara hér og þar og eru
fyrir alls staðar. ∴

∴ Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög. ∴

∴ Kannist þið við krakka sem að kúra' á
skólabeckjum
og langtum flestum líður eins og
kartöflum í sekkjum. ∴

∴ Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög. ∴

Lag og ljóð :Ólafur Haukur Símonarson

Hættu að gráta...

Hættu að gráta, hringaná,
heyrðu ræðu mína:
- ég skal gefa þér gull í tá
þó Grímur taki þína.

Hættu að gráta, hringaná,
huggun má það kalla,
Ég skal gefa þér gull í tá,
þó Grímur taki þær allar.

Þjóðvísa

Söngurinn hennar Siggu

Ég hitti litla dömu,
í París var að hoppa,
sippað getur líka,
fer heim með rifna sokka.

Teiknar fínar myndir,
býður mér að þiggja
eina af sér og eina af mömmu,
skrifar undir Sigga.

Samt heilla hana fínir kjólar,
þegar augun í þá rekur
með maskalit og púðri
andlit sitt hún þekur.

Dansað getur líka
tja, tja, tja og tangó.
Liðug eins og ormur,
vinnur hún mig í limbó.

Hún á það til að hlæja,
getur líka grátið.
En oftast brýst í gegnum tárin,
sæta litla brosið.

Teiknar fínar myndir,
býður mér að þiggja
eina af sér og eina af mömmu,
skrifar undir Sigga

Lag og ljóð: Bubbi Morthens

Við erum komin upp að landi

Við erum komin upp að landi,
hæ fadderí, fadderallala.
Að stýra stórum bát er vandi,
hæ fadderí, fadderallala.
Krakkar mínir kát og hress,
komið þið nú, sæl og bless.
hæ fadderí, hæ faddera
hæ fadderí, fadderallala.

Gústi leyfði mér að stýra, -hæ fadderí.
Báturinn á enga gíra, - hæ fadderí.
og ég stýrði á stóran stein,
Bína rak upp ofsa vein, -hæ fadderí.

Gúmmístígvél þarf á sjónum, -hæ fadderí
Ég er bara á strigaskónum. -hæ fadderí.
Vot í báða fætur er,
og ég verð að flýta mér. -hæ fadderí.

Ég er Mjása kisa káta, -hæ fadderí.
Og ég elska alla báta, -hæ fadderí.
Augun mín svo græn og stór,
og ég syng í kattakór. - hæ fadderí.

Hér í bátnum situr api, -hæ fadderí.
Sem alltaf er í góðu skapi, -hæ fadderí.
Hann er svolítið feiminn enn,
hann sér afar sjaldan menn. -hæ
fadderí.

Ég

Ég get klappað, ég get gengið hratt.
Ég get séð og hlustað það er satt.
Lykt af öllu finn ég
og fæ mér hollan mat,
og fylli krafti líkamann,
já, það er ekkert plat.
: ; Ég á hendur, ég á fætur.
augu, eyru, nef og munn.

Margrét Ólafsdóttir

Í loftillum svefnklefa

Í loftillum svefnklefa Sigurður hraut,
svo drakk hann kaffi, en vildi ekki graut.
Þess vegna varð hann svo visinn og smár
og valtur og þróttlaus og fögur og grár.

Hann vildi ekki lýsi, hann vildi ekki mjólk,
né vera í leik eins og skemmtilegt fólk.
Og þegar hann fór út á fönn eða svell,
flatúr á nefið hann margsinnis féll.

Pótt hin börnin yrðu öll hraustleg og stór,
þá horaðist Siggí og varð léttur og mjór.
Úr skóla í stormi hann staulaðist heim,
en stórviðrið tók hann og bar út í geim.

Hann hafði ekki borðað, en horast og lést,
hann gat sig hvergi við jörðina fest.
Með snjókornum sveimaði Siggí um geim,
og svo fauk hann með þeim að dýrunum heim.

Úr snjónum hann braust, í búrið hann þaut
og bað þar um lýsi og haframjölsgraut.
Hann leikur sér úti og vex nú svo vel.
Sá víkingur hræðist ei frostið né él.

Tryggðapantanir

Komdu og skoðaðu í kistuna mína,
í kössum og handröðum þar á ég nóg,
sem mér hafa gefið í minningu sína,
meyjarnar allar sem brugðust mér þó.
Í handröðum þessum ég hitt og þetta á,
sem heldur en ekki er fróðlegt að sjá.
Tra l a la

Páll Ólafsson þýddi

Útlagi

Upp undir Eiríksjökli
á ég í helli skjól,
mundi þar mörgum kólna,
mosa er þakið ból.

Útlagi einn í leyni,
alltaf má gæta sín.
Þjargast sem best í felum,
breiða yfir sporin mín.

Ungur ég fór til fjalla,
flúði úr sárri nauð.
Úr hreppsstjórans búri hafði
ég hungraður stolið sauð.

Jón Sigurðsson

Í leikskóla er löngum kátt

Í leikskóla er löngum kátt,
þar leirinn hnoðum við,
og syngjum, dönsum, hlæjum hátt,
en höfum oftast frið.

Fallerí, fallera...

Við teiknum hús og byggjum brýr
og borðum nesti senn.
Heyrum alls kyns ævintýr
um álfa, dýr og menn.

Fallerí, fallera...

Klukkan fimm við klæðumst öll
og kveðjum svo í röð.
Í eyrum hljóma hlátrasköll,
er heim við skundum glöð.

Fallerí, fallera...

Allir eiga að syngja

Allir eiga að syngja,
tra, la, la, la.
Allir eiga að syngja
eins og ég.
Syngja, eins og ég,
syngja, eins og ég.
syngja eins og ég.

Allir eiga að gráta...

Allir eiga að blístra....

Allir eiga að klappa....

Allir eiga að stappa....

augu, eyru, nef og munn:;

Margrét Ólafsdóttir

Yfir fjallið fjórir vindar

Yfir fjallið fjórir vindar,
bera bitur boð um kælu.
:; Nun, nun, nun, nun,
nun, nun, nun :;:

Fjöldi hreina smátt við smölum,
drífum hjörð í dalinn ofan.
:; Nun, nun, nun, nun,
nun, nun, nun :;:

Líkt og björn er leggst í híði,
dyttar karl að kytju sinni.
:; Nun, nun, nun, nun,
nun, nun, nun :;:

Finnskt lag frá Lappland
Þorsteinn Valdimarsson þýddi

Hvar er húfan mín?

Hvar er húfan mín ?
Hvar er hempan mín ?
Hvar er falska, gamla, fjögra gata
flautan mín ?
Hvar er úrið mitt ?
Hvar er þetta og hitt ?
Hvar er bláa skyrtnan, trefillinn og beltið
mitt ?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu þvottaskál ?
Sérðu þráð og nál ?
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt
drykkjarmál ?
Sérðu pottana
og seglgarnsspottana ?
Sérðu heftið sem ég las um
hottintottana ?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna ?
Sérðu flöskuna ?
Sérðu eldinn, sérðu reykin, sérðu
öskuna ?
Hvar er peysan blá ?
Hvar er pyngjan smá ?
Hvar er flísinn, sem ég stakk í mína
stórutá ?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðan ?
Hvar er eldspýtan ?
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er
Jónatan ?
Þetta er ljótt að sjá,
alltaf leita má.
Hvar er kertið, sem við erfðum henni
ömmu frá ?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Thorbjörn Egnér / Kristján frá Djúpalæk þýddi

Hann Fúsi er latur að læra

Hann Fúsi er latur að læra
og líklegast er hann með horn,
því alltaf ef á hann að stafa,
hver einasti stafur er þ.
Tra-la-la-la,
hver einasti stafur er þ, þ, þ.
Tra-la-la-la,
hver einasti stafur er þ.

Hún Helga er helmingi betri,
og hún er nú montin af því
að H er hún hárviss að þekkja,
en hitt dótið kallar hún í.
Tra-la-la-la,
en hitt dótið kallar hún í, í, í.
Tra-la-la-la,
en hitt dótið kallar hún í.

Ég heyri þrumur

Ég heyri þrumur - ég heyri þrumur.
Heyrir þú? Heyrir þú?
Droparnir detta - droparnir detta.
Ég er gegnblautur - ég er gegnblautur.

Lag: Meistari Jakob

Dipidú

∴: Halló, hvað heitir þú?
Halló, ó, dipi dú ∴:
∴: Dip, dip, dipi dú,
Dipi dú, ó, dipi dú ∴:

∴: Halló, hvað segir þú?
Halló, ó, dipi dú ∴:
∴: Dip, dip, dipi dú,
Dipi dú, ó, dipi dú ∴:

Þjóðlag frá Úganda

Ó, þú kæri Ágústín

Ó, þú kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín.
Ó, þú kæri Ágústín, úti er allt grín.
Peningar, pípan þín,
allt farið, Ágústín.
Ó, þú kæri Ágústín, úti er allt grín.

Ó, þú kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín.
Ó, þú kæri Ágústín, úti er allt grín.
Úlpan og úrið burt,
Ágústín, farið hvurt?
Ó, þú kæri Ágústín, úti er allt grín.

Þýskt þjóðlag / Baldur Hafstað þýddi

Úr augum stírirur strjúkið fljótt

Úr augum stírirur strjúkið fljótt
og stökkvið nú á fætur skjótt,
því dagur skín í austurátt
og úti syngur lóan dátt:
Góðan daginn.

Höfundur: Guðmundur Guðmundsson

Ging gang gooli

∴: Ging gang gooli gooli gooli gooli
watcha
ging gang goo ging gang goo ∴:
∴: Heyla heila sheyla,
heyla shey la hey la ho ∴:
Shali walli shali walli shali walli shali
walli,
ompah, ompah.

Ræningjavísur

Við læðumst hægt um laut og gil
og leyndar þræðum götur,
á hærusekki heldur einn
en hinir bera fötur.
Að ræna er best um blakka nótt,
í bænum sofa allir rótt,
Þó tökum við aldregi of eða van,
hvorki Kasper og Jesper né Jónatan.

Í bakarí við brjótumst inn
en bara lítið tökum,
tólf dvergsmá brauð, sex dropaglös
og dálítið af kökum.
Svo étur kannske Jónatan
af jólaköku bláendann.
Þó tökum við aldregi of eða van,
hvorki Kasper og Jesper né Jónatan.

Nú fyllt við höfum fötu og sekk
af fæðu, drykk og klæðum.
Og allt í lagi eins og ber,
en um það fátt við ræðum.
Og margt að annast mun í dag
en matargerð er okkar fag.,
þó störfum við aldregi of eða van,
hvorki Kasper né Jesper né Jónatan.

Það var einu sinni ekkja

Það var einu sinni ekkja,
sem átti heima í skó.
Og fleiri börn hún fæddi
en fiskar eru í sjó.

Hún upp af naglasúpu sauð
og sagði: Hún er fín.
Svo glöð hún var, svo góð hún var
að gleðja börnin sín.

Lag: Það var einu sinni kerling

Fiskurinn hennar Stínu

Eitt sinn fór hún Stína litla á sjó
með pabba sínum.
Hún veiddi ofurlitla bröndukló
með öngli fínum.
Daginn eftir mamma hennar
plokksfisk bjó,
Stína vildi ei borða' ann.
" Hvað viltu ekki fiskinn,
Stína þó"
pabbinn tók til orða.

∴ Fiskinn minn,
nammi, nammi, nammi∴

Ömmu sína Stína fór að sjá,
hún spurði fréttu.
Hvað hún hefði veitt nú sjónum á,
Stína sagði þetta.
" Ég plokksfisk veiddi alveg ein
og var að borða' ann.
Já, ég plokksfisk veiddi alveg ein
og var að borða hann.

∴ Fiskinn minn,
nammi, nammi, nammi∴

Pompulagið

∴: Ég pompa á bossann í skólanum ∴:
Ég pompa á bossann en iss iss iss iss siss
með það.
Ég pompa á bossann en stend upp og
held af stað.

Hægt að syngja um fleira; rólu, laug, svell.....

Heyvél

Amma mín og amma þín
tjalda uppi á fjalli.
Kveikja eld og kyrja lag
með prímusinn í dalli.

Viðlag:

Talandi um heyvél, heyvél,
heyvél, heyvél,
bagga og heybindivél.
Talandi um sveitameningu,
í skátunum skemmti ég mér.

Ljósáflar og ylfingar
sitja í kringum eldinn.
Skinnið flá af ísbirni
og skríða undir feldinn.

Vertu þú sjálfur

Vertu þú sjálfur, gerðu það sem þú vilt.
Vertu þú sjálfur, eins og þú ert.
Láttu það flakka, dansaðu í vindinum.
Faðmaðu heiminn, elskaðu.

Farðu alla leið.
Va-bam-a-lú-ma-ba-ba-bei.
Farðu alla leið,
allt til enda, alla leið.

Vertu þú, þú sjálfur.
Gerðu það sem þú vilt.
Jamm og jive og sveifla,
honky tonk og hnykkurinn.
Farðu alla leið ...

SSól

Ryksugan á fullu

Ryksugan á fullu étur alla drullu,
lalalala, lalalala, lalalala.
Skúra skúbba' og bóna rífa' af öllum
skóna,
lalalala, lalalala, lalalala.

Og ef þú getur ekki sungið reyndu þá að
klappa.
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá
að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi.
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Skúra burtu skítinn svo einhver vilji líta
inn.
lalalala, lalalala, lalalala.
Pússa burtu rykið með kúst á gömlu priki.
lalalala, lalalala, lalalala.

Og ef þú getur ekki sungið reyndu þá að
klappa.
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá
að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi.
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Skúra burtu skítinn svo einhver vilji líta
inn.
lalalala, lalalala, lalalala.
Og pússa, pússa, pússa, pússa, pússa,
pússa, púla
lalalala, lalalala, lalalala.

Og ef þú getur ekki sungið reyndu þá að
klappa.
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá
að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi.
Og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi.
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Lag og ljóð : Ólafur Haukur Símonarson

Nú liggur vel á mér

Stína var lítil stúlka í sveit,
stækkaði óðum blómleg og heit.
Hún fór að vinna, var margt að gera,
lærði að spinna, látum það vera.
Svo var hún úti sumar og haust,
svona var lífið strit endalaust.
Samt gat hún Stína söngvana sína sungið
með hárri raust.

Viðlag:

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér,
gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.

Gaman fannst Stínu að glettast við pilt,
gaf hún þeim auga, var oftast stillt.
Svo sá hún Stjána, það vakti þrána,
hann kom á Grána út yfir ána.
Sæl var hún Stína, saklaus og hraust,
svo fór hann burtu koldimmt um haust.
Samt gat hún Stína söngvana sína sungið
með hárri raust.

Nú liggur vel á mér....

Nú er hún Stína gömul og grá,
getur þó skemmt sér dansleikjum á,
situr hún róleg horfir á hina
hreyfast í takt við dansmúsíkina.
Alltaf er Stína ánægð og hraust,
aldrei finnst henni neitt tilgangslaust.
Enn getur Stína söngvana sína sungið
með hárri raust.

Nú liggur vel á mér....

Óðinn G. Þórarinnsson / Númi Þorbergsson

Skammarsöngur Soffíu frænku

Ja fussum svei, ja fussum svei,
mig furðar þetta rót.
Í hverju skoti skúm og ryk
og skran og rusl og dót,
en Jesper skal nú skítinn þvo
og skrapa óhroðann
og hann má því næst hlaupa út
að hjálpa Jónatan.

En Kasper brenni kurla skal
og kynda eldinn vel,
af heitu vatni hafa nóg
ég heldur betra tel.
Því Jesper bæði og Jónatan
senn ég í baðið rek
og vilji þeir ei vatnið í
með valdi þá ég tek.

Því andlit þeirra eru svört,
já, eins og moldarflag,
og kraftaverk það kalla má
að koma þeim í lag.
Ef sápa ekki segir neitt
ég sandpappír mér fæ
og skrapa þá og skúra fast
uns skítinum burt ég næ.

Thorbjörn Egner / Kristján frá Djúpalæk þýddi

Óðurinn til gleðinnar

Fagra gleði, guða logi,
Gimlis dóttir, heill sé þér.
Í þinn hásal, hrifnir eldi,
heilög gyðja komum vér.

Þínir blíðu töfrar tengja,
tískan meðan sundur slær;
allir bræður aftur verða
yndisvængjum þínum nær.

Ljóð: Matthías Jochumsson
Lag: Bráðum koma...

Eniga meniga

Eniga meniga, allir rövla' um peninga.
Súkkadí púkkadí, kaupa meira fínerí.
Kaupæði, málæði,
er þetta ekki brjálæði?

Eitthvað fyrir alla, konur og kalla,
krakka með hár og kalla með skalla.
Eitthvað fyrir krakka,
káta krakkalakka
sem kostar ekki neitt, þú krækir bara í
pakka.
Eða fyndinn frakka.
Eða feitan takka.

Eniga meniga, ég á enga peninga.
Súkkadí púkkadí, en ég get sungið fyrir
því.
Sönglandi, raulandi
með garnirnar gaulandi.

Eitthvað fyrir alla.....

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell,
hér á reiki er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
:/: Drottinn leiði drösulinn minn
drjúgur verður síðasti áfanginn. :/:

Lag: Sigvaldi Kaldalóns
Ljóð: Grímur Thomsen

Lítið, lasið skrímsli

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuclút.
Ég er orðinn upplitaður,
ég er orðinn voða sljór.
Ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl, ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg,
og ég held að aldrei aftur
muni á mér vaxa skegg.
Ó, mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ornum,
annars kemst ég ekki á stjá.

Skrímsli eru eins og krakkar ...

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuclút.

Ég er orðinn upplitaður
ég er orðinn voða sljór,
ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar ...

Lag og ljóð: Olga Guðrún Árnadóttir

Skaga-krakkar

∴ Skaga-krakkar, já það erum við ∴
Í leikjum við lifum og léttfætt við tifum.
Í boðhlaup með bolta, við búum til lið.
Skaga-krakkar - já , það erum við.

∴ Skaga-krakkar- já, það erum við ∴
Við förum í leiki, svo frísk öll á kreiki.
Og fáum að borða hér harðfisk og svið.
Skaga-krakkar - já, það erum við.

Gísli S. Einarsson

∴ Ferðalangar- já , það erum við ∴
Við umhverfið skoðum, í vasana troðum
fallegum hlutum úr náttúrunni.
Ferðalangar - já, það erum við.

Krissa

Ríðum heim til Hóla

Ríðum heim til Hóla.
Pabba kné er klárinn minn,
kistill mömmu fákur þinn.
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum út að Ási.
Ef við höfum hraðann á
háttum þar við skulum ná.
Ríðum út að Ási.

Ríðum heim að Hofi.
Senn er himni sólin af,
sigin ljós í vesturhaf.
Ríðum heim að Hofi.

Guðmundur Guðmundsson

Stutt saga

Hér kemur saga um krakkaflón
sem kannski fáir unna.
Strák er nefnist Stutti-Jón
og stelpu er heitir Gunna.
- Við skulum þegja,
ef viltu frá þeim segja,
hætta öllu ysi og pysi.

Að strákurinn sé stærðarfól
er stelpa oft að hugsa um.
Og stelpa er í stuttum kjól
en strákurinn í buxum.

Það er bara aðeins eitt
sem ekkert við þau hlífast.
Því alla daga yfirleitt
þau einhvern tíma rífast.

Þau voru eitt sinn afar heit
og upp af reiði brunnu.
Stutti-Jón í stríðni beit
í stóru tána á Gunnu.

Þá varð hún alveg eins og ljón
og æpti - "Þú ert dóni!"
Og náði strax í stóran þrjón
og stakk í nef á Jóni.

En þá tók amma á sig rögg
svo í þeim lægðist gassinn.
Því fjörutíu og fjögur högg
hún flengdi hvort á rassinn

Já, illa fyrir öllum fer
sem ærsli bara kunna.
En nú er kannski einhver hér
af ykkur Jón og Gunna.

Skóarakvæði

∴ Við götuna stóð hús ∴
við götuna stóð skóarahús,
skó-, skó-, skóarahús,
við götuna stóð hús.

∴ Í húsinu bjó karl ∴
húsinu bjó skóarakarl,
skó-, skó-, skóarakarl,
í húsinu bjó karl.

∴ Og karlinn kvæntur var ∴
þau hjónin voru skóarapar,
skó-, skó-, skóarapar,
og karlinn kvæntur var.

∴ Og hjónin áttu son ∴
og hjónin áttu skóarason,
skó-, skó-, skóarason,
og hjónin áttu son.

∴ Og sonurinn átti hund ∴
og sonurinn átti skóarahund,
skó-, skó-, skóarahund,
og sonurinn átti hund.

∴ Og hundurinn hafði fló ∴
og hundurinn hafði skóarafló,
skó-, skó-, skóarafló
og hundurinn hafði fló.

∴ Og flóin hafði lús ∴
og flóin hafði skóaralús
skó-, skó-, skóaralús
og flóin hafði lús.

∴ Nú syng ég ekki meir ∴
nú syng ég ekki skóara meir,
Skó-, skó- skóara meir,
nú syng ég ekki meir.

Danskt þjóðlag / Herdís Egilsdóttir þýddi

Lobbukvæði

Heyrðu, Lobba, viltu ljá mér
litla hvolpinn þinn ?
Heldurðu að ég meiði nokkuð
þetta litla skinn ?
Ég skal fara varlega og haf gát á því
að hann detti ekki niður og reki nefið í.

Mig langar til að skoða skæru augun blá
og skrýtnu litlu rófunu, sem er aftan á.
Láta hann svo hlaupa á litlu fótunum
og leika mér svo dálítið við hann
og klappa' honum.

Ætlarðu ekki, Lobba mín,
að lána mér hann,
ég læt þig hafa í staðinn
beinið sem ég fann.
Það er sjáðu utan á því ofurlítið kjet
og seinna skal ég gefa þér
meira ef ég get.

Ég verð nú ekki lengi að naga beinið þitt
en náttúrulega máttu skoða
litla skinnið mitt.
En ef hann fer að væla
og ef það koma tár,
þá ættir þú að vara þig,
því ég get orðið sár.

Pálína og saumamaskínan

Það var einu sinni kerling
og hún hét Pálína,
Pálína-na-na, Pála, Pála, Pálína
það eina sem hún átti var saumamaskína,
maskína-na-na, sauma, saumamaskína.

Og kerlingin var lofuð
og hann hét Jósafat,
Jósafat-fat-fat, Jósa- Jósa-Jósafat.
Og hann var voða heimskur
en hún var apparat,
apparat-rat-rat, appa-appa-apparat.

Mannlíf á Skipaskaga

Það er fagurt á Skipaskaga,
er skín á mannlífið himnesk morgunsól.
Þá er gaman að ganga um bæinn
í grænum buxum og rauðum kjól.
Þá er gaman að skoða Skagann,
skoða stórhýsin allavega lit,
með gulum veggjum og grænum þökum
og gráum strompum, með fugladrit.

Bæjarstjórnin bæinn prýðir,
bryggjur reisir og annað fínerí.
Þótt ýmsir segi að Akraborgin
sé ekkert nema hreint svínerí.
Hún sé of stór til að flytja fólkið
og fólkið lítið sem í hana fer,
en það er andskotans alveg sama
því allir verða að bjarga sér.

Við eigum knattspyrnu kappa stóra,
sem kunna að gefa alveg óverjandi mörk.
Það stendur enginn í strákum þessum,
svo stórkostleg eru þeirra spörk,
Við eigum leikfélag, litla grúppu,
hver leikhúsgestur er alveg stórhreifinn.
Því hver einasta ánægð kerling,
alltaf tilbiður Járnhausinn.

Það er gaman að ganga um bæinn
í grænum buxum og fagurráuðum kjól.
Horfa á konur í hvítum skyrtum
í koppalogni og morgunsól.
Þær fara í vinnu í frystihúsum,
flaka og snyrta þar þorsk og ýsuflok.
Koma heim þegar kvöldu tekur
og kíkja á sjónvarp með lúin bök.

Theodór Einarsson

Sjö litlar mýs

Sjö litlar mýs sátu í hóp
er síðkvöld út í garðinn ég fór.
Eruð þið ekki hræddar,
undrandi ég spurði
en undireins þær svöruðu í kór.

Allar saman nú. Einn tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera svo
ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott hjá músapjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Þá heyrðist hvísl en kyrrar sátu mýsnar
er kisuhópur framhjá þeim fór.
Ég spurði: Ætlið þið kisu
að éta litlu mýsnar ?
en undir eins þær svöruðu í kór.

Allar saman nú. Einn tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera svo
ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott
hjá kattapjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Ég fór inn í hús og hitti börn sem voru
að hjálpa mömmu glaðleg og rjóð.
Ég spurði: Eruð þið hætt
að hrekkja og vera óþekk
og hýr og glöð þau sungu þetta ljóð.

Allir saman nú. Einn tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera svo ósköp
þæg og góð
svo allir geti haft það gott
hjá vorri þjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Ómar Ragnarsson

Vísnaþrall

Hefur nokkur Siggu séð,
systur mína góða ?
Hún er ljósa lokka með
og líka vanga rjóða.

Sigga litla systir mín
situr út í götu.
Er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Angri veldur afi mér
ég á í brösum með hann.
Eitthvað burtu horfinn er
hefur nokkur séð hann ?

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi.
Sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Hýr hann kemur heim í kvöld,
hlakkar stúlka og piltur.
Mér hann gefur mola og högl,
mun ég þakka stilltur.

Ranka mín er rösk og kná
og kann að sitja hesti.
Eitthvað burt hún fór mér frá
með fulla tösku af nesti.

Ranka fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hún lét klárinn brokka.

Á Grími bónda bráðum fer
brúin ögn að lyftast.
Með kærustu hann kominn er
til kirkjunnar að giftast.

Nú er úti veður vott
verður allt að klessu.
Ekki fær hann Grímur gott
að gifta sig í þessu.

Hefur nokkur heyrt um það
hvað hann Óli sagði,
þegar hann sitt höfuð að
hálsi Snata lagði.

Heyrðu snöggvast Snati minn
snjalli vinur kæri.
Heldurðu ekki hringinn þinn
ég hermannlega bæri.

Fuglinn stendur steini á
stoltur hálsinn reigir.
Gjarnan víst ég vildi fá
að vita hvað hann segir.

Fuglinn segir bí, bí, bí
bí, bí, segir Stína.
Kveldúlfur er kominn í
kerlinguna mína.

Kristín litla, komdu hér
með kalda fingur þína.
Ég skal bráðum bjóða þér
báða lófa mína.

Magga litla lambið á,
lék við það um hólinn.
Tínir hún sér berin blá,
brosir móti sólin.

Lati Geir á lækjarbakka
lá þar til hann dó.
Vildi hann ekki vatnið smakka,
var hann þyrstur þó.

Þegar ekki er alltof kalt,
Óli litli og Gunna
vilja út að vega salt,
vel þau leikinn kunna.

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
þangað vil ég fljúga.

Tilfinningasöngurinn

Ég er kræfur að byggja úr kubbum
og kann líka að tálga með hníf.
Ef ég fæ ekki ís verð ég alveg ær
og óður í hárið ég tæti og ríf.

Viðlag:

Ég segi þér allt um hvernig mér líður.
Kannski mun ég hrópa
eða hvísla því að þér.
Ég segi þér allt um hvernig mér líður,
og heyrðu nú hvað ég segi þér
og hlustaðu vel á mig.

Mér finnst indælt að vera úti
með öðrum að leika mér.
Ég þori vel að klifra upp í klett
en kannski þó hræddur ef enginn sér.

Ég er glaður í góðu veðri.
Ég get ekki þolað hríð.
Ég hissa verð ef enginn hlustar á mig
hvernig sem ég læt og bíð.

Það er skemmtilegt að vera í skóla
en skammaður stundum ég er.
Þá verð ég reiður og mig langar heim
að læðast þegar enginn sér.

Úr námsefninu Stig af stigi
Þórir Jónsson þýddi texta

Snjallræðissöngurinn

Innst inn í skógi, þar sem apahópur býr,
organdi krakki til mömmu sinnar flýr,
en apamamma segir: "Enga frekju hér!
Þú átt að bíða stilltur, þar til kemur að
þér!"

:; Ratir þú í vanda,
þá reyndu að leysa hann:;
og hættu svo að kalla,
og hættu að bíta og slá,
heldur skaltu setjast og bíða og sjá.

Efst upp, í fjöllum,
þar sem úlfahópur býr,
organdi krakki til mömmu sinnar flýr,
en úlfamamma segir:
" þú átt að skipta jafnt,
svo elsku litla systir þín
fái sinn skammt!"

Djúpt niðr í moldu,
þar sem músahópur býr,
til mömmu sinnar organdi lítill ungi flýr,
en músamamma segir: "
Ef þú sjálfur heldur frið,
systkinin öll munu veita þér grið!"

Langt út í fenjum, þar sem
froskahópur býr,
frekjudallur lítill til mömmu sinnar snýr,
en froskamamma segir: "
Biddu að fyrirgefa þér,
svo friður góður ríki og vinátta hér!

Úr námsefninu Stig af stigi
Þórir Jónsson þýddi texta

Labba út í mónum

Labba' úti' í mónum, labba' úti' í mónum,
tína ber, tína ber,
verða kalt á klónum, verða kalt á klónum,
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa heim.

Klifra í klettunum, klifra í klettunum,
litast um, litast um,
verða kalt á kollinum, verða kalt á
kollinum,
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa heim.

Fara á skautum, fara á skautum,
renna hratt, renna geysihratt,
verða kalt á tánnum, verða kalt á tánnum,
hlaupa, hlaupa heim, hlaupa, hlaupa heim.

Róa til fiskjar, róa til fiskjar,
renna' og draga þorsk, renna' og draga
þorsk.
Háar eru bárunnar, háar eru bárunnar,
best að halda heim, best að halda heim.

Út um mó, inn í skóg

Út um mó, inn í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Litli Sigg

Litli Sigg og litla Sigga
löbðu út í mó.
Bæði ber að tína
í berjafötu sína.
Það var gaman, það var gaman.
Hopp og hæ og hól!

Litli Sigg, litli Sigg
litla þúfu fann.
Blessuð berin ljúfu
byrgðu alla þúfu.
Eitt af öðru, eitt af öðru
upp í munninn rann.

Litla Sigga, litla Sigga
lítinn bolla sá.
En sá litaljóminn
litlu fögru blómin.
Þau ég tíni, þau ég tíni,
þau skal mamma fá.

Lag: Allir krakkar

Nú er glatt hjá álfum öllum

Nú er glatt hjá álfum öllum,
hæ, faddi-rí, faddi ralla la.
Út úr göngum, gljúfrahöllum.
hæ faddi-rí faddi ralla la.
Fyrir löngu sest er sól,
sjaldan eru brandajól.
Hæ, faddi-rí, faddi ralla la.
Hæ, faddi-rí, faddi ralla la.

Dönsum dátt á víðum velli.
Dunar hátt í hól og fell.
Álfasveinninn, álfasnót
einni sýnir blíðuhót.

Dönsum létt með lipra fætur.
Stígum nett um stirndar nætur.
Dönsum blessuð brandajól
björt uns rennur morgunsól.

Færeyskt lag / texti: Davíð Stefánsson

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur,
mundi' ég láta' þær allar inn,
elsku bestu vinur minn!

∴ Úmbarassa, úmbarassa, ∴∴

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með þoka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jóll!

∴ Úmbarassa.....∴

Elsku bestu stálagrér,
heyrirðu hvað ég segi þér ?
"Þú hefur étið úldið smér
og dálítið af snæri
elsku vinurinn kæri!"

∴ Úmbarassa.....∴

Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leynd.
Nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina.
Skilurðu hvað ég meina ?

∴ Úmbarassa.....∴

Ólafur Kristjánsson

Sá ég spóa

Sá ég spóa
suður í flóa.
Syngur lóa út um móa:
"bí, bí, bí, bí"
vorið er komið víst á ný.

Sigurður Jónsson

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig,
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

(Tryggvi Þorsteinsson)

Bráðum fæðast lítil lömb

Bráðum fæðast lítil lömb,
leika sér og hoppa.
Með lítinn munn og litla vömb
lambgrasið kroppa.
Við skulum koma og klappa þeim
kvölds og bjartar nætur,
reka þau í húsin heim,
hvít með gula fætur.

Lag: Fyrir var oft í koti kátt

Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Lóan

Lóan er komin að kveða burt snjóinn
kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna
vonglaður taka nú sumrinu mót.

Þáll Ólafsson

Signir sól

Signir sól sérhvern hól,
sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð
blikar fjallsins hlíð.

Nú er fagurt flest í dag.
Fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.

Vorið góða

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn;
Nú er allt sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni kvakar í mó,
kvikur þrastarsöngur;
eins mig fýsir alltaf þó
aftur að fara í göngur.

Jónas Hallgrímsson

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um lundinn rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla hlustaðu á ;
Hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjallasal

Sænskt þjóðlag -Helgi Valtýsson þýddi

Maístjarnan

Ó, hve létt er þitt skóhljóð
ó, hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga
napur vindur, sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Halldór Laxness

Við göngum

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól
og sjáum hana þíða allt sem kól, kól, kól.
:,:Svo vætlurnar streyma og vetrinum
gleyma,
því vorið er komið með sól, sól, sól :,:

Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum,
við setjumst niður í grænni laut.
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
kakó hitum og eldum graut.

Enn roðar sólinn á Súlnatindi
og senn fer nóttin um dalsins kinn.
En skugga lengir og skátinn þreytist
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í værðar voðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin
einmitt í takt við þetta lag.

Heiðlóa

Snemma lóa litla í
lofti bláu, dirrindi,
undir sólu syngur:
"Lofið gæsku gjafarans,
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.

"Ég á bú í berjamó,
börnin smá í kyrrð og ró
heima í hreiðri bíða.
Mata ég þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu fríða."

Lóan heim úr lofti flaug,
ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu,
til að annast unga smá,
alla etið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu.

Nú er sumar

Nú er sumar
gleðjist gumar,
gaman er í dag.
Brosir veröld víða,
veðurlagsins blíða
eykur yndis hag.

Látum spretta
spori létta
spræka fáka nú.
Eftir sitji engi,
örvar víf og drengi
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður,
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum,
yndi heim þá skundum
seint um sólarlag.

Veðrahöllin,
vellir, fjöllin,
vötn og fuglar smá.
Benda blítt og kalla,
burt með frestun alla.
:; Lagsmenn, leggið á ;,

Steingrímur Thorsteinnsson

Siggi var úti

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar stukku þær suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi hann að lágfóta dældirnar smó.
Agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti,
agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti.
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.
Greyið hann Siggi hann þorir ekki heim

Norskt þjóðlag / Jónas Jónasson

Í rigningu ég syng

Í rigningu ég syng,
í rigningu ég syng.
Það er stórkostlegt veður,
mér líður svo vel.
Armar fram og armar að.
Tjuttu tja, tjuttu tja, tjuttu tja tjal

(Lagið endurtekið og lið 2 bætt við,
síðan lið 3 o.s.frv.)

2. Beygja hné
3. Rassinn út
4. Inn með tær
5. Hakan upp
6. Út með tungu

Lag: I'm singing in the rain

Úti um mela og móa

Úti' um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa,
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

Viðlag:

A-a-a hollerahahía,
Hollera,ha,ha,hú,hú,
Hollerahahía, hollera,ha,ha,
Hollerahahía hó.

Úti' um strendur og stalla,
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.

Hérna' er krían á kreiki,
þarna er krummi á reiki.
Börnin fislétt í leiki
fara líka í dag.

Hljóma lögin við látum,
hæfir lífsglöðum skátum,
rómi kveða með kátum
hérna kringum vorn eld.

Ragnar Jóhannsson

Með vindinum þjóta

Með vindinum þjóta skúraský
:;drýpur drop, drop, drop:;
og droparnir hníga og detta á ný
:;drýpur drop, drop, drop:;

Nú smáblómin vakna eftir vetrarblund
:;drýpur drop, drop, drop:;
þau augun sín opna, er grænkar grund
:;drýpur drop, drop, drop:;

Margrét Jónsdóttir

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
:/: Verður margt að meini, :/:
fyrir en dagur fagur rann
fræðið nefið dregur hann
:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor
ekker fæst við ströndu mor
:/: svengd er metti mína, :/:
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
:/: flaug úr fjallagjótum, :/:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrir en vakna hjú,
:/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
:/: fyrrum frá á velli, :/:
krunk, krunk, nafnar, komið hér
krunk, krunk því oss búin er
:/: krás á köldu svelli. :/:

Jón Thoroddsen

Um haust

Það kólnar í lofti, því komið er haust,
í kuldablæ heyra má vetrarins raust.
Og snjókornin fislétu falla á svörð,
og fannblæju leggur á sölnaða jörð.

Þá syngjum við hugglöð um sumarið ljóð
og sitjum í skóla, svo þæg og svo góð.
Og vöxum að þroska og visku á því,
uns vorbirtan kemur og frelsið á ný.

Lag: Það liggur svo makalaust

Bráðum kemur betri tíð

Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga,
sæta lánga sumardaga.

Þá er gaman að trítla um tún og tölta á
engi,
einkum fyrir unga dreingi.

Folöldin þá fara á sprett og fuglinn
sýngur,
og kýrnar leika við kvurn sinn fíngur.

Halldór Laxness

Nú bláanar yfir berjamó

Nú bláanar yfir berjamó,
og börnin smá í mosató,
og lautum leika sér.
Þau koma, koma kát og létt,
á kvikum fótum taka sprett
:,:; að tína, tína ber :,:

En heima situr amma ein,
að arni hvílir lúin bein
og leikur bros um brá,
er koma þau með körfur inn
og kyssa ömmu á vanga sinn
:,: og hlæja berjablá :,:

Krakkar úti kátir hoppa

Krakkar úti kátir hoppa
úr koti og höll.
Léttfættu lömbin skoppa
um laut og völl.
Smalar í hlíðum húa
sitt hvella lag.
Kveður í lofti lóa
svo léttan brag.

Vetrarins fjötur fellur
þá fagnar geð.
Skólahurðin aftur skellur
og skruddan með.
Sóleyjar vaxa í varpa
og vorsól skin.
Velkomin vertu, Harpa,
með vorblómin þín.

Mér um hug og hjarta nú

Mér um hug og hjarta nú
hljómar sætir líða.
Óma vorlög óma þú
út um grundir víða.
Hljóma þar við hús þú sér
hýrleg blómin skína.
Fríðri rós, ef fyrir ber,
færðu kveðju mína.

Steingrímur Thorsteinsson

Sumri hallar

Sumri hallar hausta fer,
heyri snjallir ýtar:
Hafa fjallahnjúkarnir,
húfur mjallahvítar.
Ég get verið þíðan þín
þegar allt er frosið,
því sólin hún er systir mín
sagði litla brosið.

Hanna og kjólinn

Hún Hanna fór í kjólinn
og hann var berjablár,
svo steig hún upp á stólinn
og strauk sitt rauða hár.
Og spegillinn hann sagði:
"að sjá hvað þú ert fín
í berjabláa kjólnum
með bönd og rykkilín."

Mig langar til að sauma
mér lítinn bláan kjól
á litinn eins og verin
sem vaxa á Álfahól.
Og dilla mér með Hönnu
og dansa Óla skans
og flétta svo úr sóleyjum
fínan blómakrans.

Hildigunnur Halldórsdóttir

Árstíðirnar

Fyrst í röð er vorið, vorið, vorið,
fyrst í röð er vorið með fuglasöng.
Því næst kemur sumar, sumar, sumar,
sumri fylgja dægri björt og löng.

Þá skulum við dansa, dansa, dansa,
dansa þar til allur þróttur dvín.
Sýndu mér nú rauða silkikjólinn.
Því síðar verður þú konan mín.

Seinna kemur haustið, haustið, haustið
seinna kemur haust með skuggann grá.
Síðastur fer vetur, vetur, vetur,
síðastur fer hann með kulda og snjá.

Þá skulum við dansa, dansa, dansa,
dansa þar til allur þróttur dvín.
Sýndu mér nú rauða silkikjólinn.
Því síðar verður þú konan mín.

Bandarískt þjóðlag
Herdís Egilsdóttir þýddi

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðin lítil fluga,
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Ljóð: Siguður Elíasson
Lag: Sigfús Halldórsson

Haust

Allt fram streymir endalaust,
ár og dagar líða.
Nú er komið hrím kalt haust,
horfin sumarblíða.

Kristján Jónsson

Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum,
ég segi það satt.
Ég er skólaus og skjálíandi
og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun,
það snjóaði í dag.
Ég er hreint alveg ráðalaus,
en hvað um það ?

Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig,
tra ra la la la la la
um snjóinn og mig.

Litlu börnin leika sér

Litlu börnin leika sér, liggja mónum í,
þau liggja þar í skorningum
og hlæja, hí, hí, hí,
þau úða berjum upp í sig
og alltaf tína meir,
þau elska berin bláu og brauðið með.
Í berjamó er gaman, börnin leika saman,
börnin tína í bolla og brosa við.
Sólin litar hólinn, heiðbláan kjólinn,
um jörðu hrærast því ljúft er geð.

Þjóðvísa

Er sólin skín á skjá

Hvað er fegra' en vorið eftir vetur ?
Veistu nokkuð hlýrra en sumaryl ?
Hátt í lofti heyrir spóatetur
hlakka yfir því að vera til.

Er sólin skín á skjá
skemmtilegt finnst mér þá.
Skelfing er gaman er vorið nálgast fer.
Mér finnst ég morgunhress
að mestu laus við stress,
mikið er gott að heyra líkt frá þér.

Lækurinn sem laumaðist í mónum,
lætur nú sem vitið hafi misst.
Grasið fer að grænka undir snjónum.
Gettu hvern mig dreymdi að hafa kysst?

Er sólin skín á skjá ...

Emilía Baldursdóttir

Nú gaman, gaman er

Nú gaman, gaman er
í góðu veðri' að leika sér
og fönnin hvít og hrein
og hvergi sér á stein.
Ó já, húrra, tra la.
Svo bind ég skíði' á fiman fót
og flýg um mó og grót .
Húrra, húrra, húrra.

Og hér er brekkan há,
nú hleypi' ég fram af, lítið á,
og hríðin rýkur hátt,
ég held það gangi dátt.
Ó já, húrra, tra la.
Á fluginu mitt hjarta hló,
ég hentist fram á sjó.
Húrra, húrra, húrra.

Sú brekka þykir brött,
og best að ganga fyrir kött,
en ég tel ekki neitt,
þó ennið verði sveitt.
Ó nei, húrra, tra la.
Ég ösla skaflinn eins og reyk
Og uni vel þeim leik.
Húrra, húrra, húrra.

Jónas Jónasson

Sprengidagur

Á sprengidegi er bumbar
að springa hreint á mér
því magnið er ei smátt
sem í magann á mér fer.
Af saltkjöti og baunum
ég saðningu í magann fæ
af saltkjöti og baunum
ég saddur verð og hlæ.
Já, bragðgóðar eru baunirnar, baunirnar.
Já, bragðgóðar eru baunirnar húllum hæ.

Sólin skín

Sólin skín, sólin skín.
Allt um kring, allt um kring.
Býr til birtu og skugga,
skín inn um minn glugga.
Mér verður hlýtt,
mér verður hlýtt.

Lag: Meistari Jakob

Regnið streymir

Regnið streymir, regnið streymir.
Yfir jörð, yfir jörð.
Drippi, drippi, dropp, dropp.
drippi, drippi, dropp, dropp.
Pollur hér,
handa mér.

Bolludagur

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á keik.
Mér alltaf þykir gaman að iðka þennan
leik.
Ég bolla og bolla á bossann á þér fast ég
slæ,
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.
Já bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar.
Já bragðgóðar eru bollurnar, húllum hæ.

September

Kóngulóarvef
augum litið hef.
Börn í berjamó
tína í friði og ró.
September, september, september.

Skólabjallan skær
klingir silfurtær.
Börninn streyma inn
með tösku í skólann sinn.
September, september, september.

Öskudagur

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað
og elti menn og konur sem ekki vita um
það.
Hengi svo poka á hinn og þennan sem ég
næ
lauma á poka, læðist burtu og hlæ.
Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir.
Svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum
hæ.

Upp er runninn öskudagur

Upp er runninn öskudagur
ákaflega skýr og fagur
einn með poka ekki ragur
úti hljóma heims um ból
góðan daginn og gleðileg jól.
:: Úmba rassa :: úmba rassasa heil!

Lag á bolludag

Bolla efst og bolla neðst
bolla í minn maga.
Ef að bollu fæ ég
flenging skal það laga.

Öskudagur

Út í bæ á öskudag
eru skritin læti.
Krakkar á því kunna lag
kvik og létt á fæti.
Létt og hljóð þau læðast um
lauma á fólkið pokum,
Tralla la la la

Lag: Jón Ásgeirsson
Texti: Ragnheiður Vigfúsdóttir

Öskudagslag

Akurnesingar eru við
og það er voða gaman.
Göngum inn í búðirnar
og syngjum allir saman.
Peir, sem horfa á okkur,
þeir verða grænir í framan,
því Akurnesingar erum við
og það er voða gaman.

Allir hlæja á öskudaginn

Allir hlæja á öskudaginn.
Ó, mér finnst svo gaman þá.
Hlaupa lítil börn um bæinn
og bera poka til og frá.

Lag: Bráðum koma blessuð jólin

Sól skín á mig

Sólin er risin, sumar í bænum
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.
Ómar allt lífið af ylríkum söng
unaðsbjörtu dægri löng.

Sól, sól skín á mig.
Ský, ský burt með þig.
gott er í sólinni að gleðja sig.
Sól, sól skín á mig.

Blóm vekur skrautlega iðandi angan,
andblærinn gælir við marglita vanga.
Ómar allt lífið af ylríkum söng
unaðsbjörtu dægri löng.

Sól, sól, skín á mig.....

Öxar við ána

Öxar við ána árdags í ljóma
upp rísi þjóðlíf og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja,
fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum, vorri þjóð.

Steingrímur Thorsteinsson

Skautasöngur

Nú er gaman,
gleðjumst saman.
Glampar skautasvell.
Hlæjum dátt þó dettum.
Djörf á fætur sprettum,
fljótt þó fáum skell,
fljótt þó fáum skell.

Ísinn dunar.
Áfram brunar
æskan glöð og heit.
Áhrif útileikja
orku starfsins kveikja
bæði í bæ og sveit.

Valdimar Jolm Hallstað

Smaladrengrinn

Út um græna grundu
gakktu, hjörðin mín,
yndi vorsins undu,
ég skal gæta þín.
Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistheng.
Leikið, lömb, í kringum
lítinn smaladheng.

Steingrímur Thorsteinsson

Vorlag

Sólin skín og skellihlær
við skulum syngja lag.
Vetur karlinn var í gær
en vorið kom í dag.
Fallerí, fallera....
en vorið kom í dag

Blessuð sólin elskar allt

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur,
haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.

Geislar hennar út um allt
eitt og sama skrifa
á hagann græna, hjarnið kalt,
himneskt er að lifa.

Hannes Hafstein

Porramatur

Ó hangikjöt, ó hangikjöt
og rófustappa, grænar baunir og
súrhvalur,
ó hangikjöt, ó hangikjöt
og sviðasulta, hrútsþungar og
harðfiskur.

Og hákarl og flatbrauð,
mér finnst svo gott að borða allan
þennan mat.
Og hákarl og flatbrauð,
mér finnst svo gott að borða allan
þennan mat.

Lag: Sa ramm samm samm

Ég nestispoka á baki ber

Ég nestispoka á baki ber
og bregð mér upp á fjöll,
þar fjöldi álfa fylgja mér
og ferleg hamratröll.

Fallerí, fallera, fallerí,
fallera-ha-ha-ha-ha-ha.
Fallerí, fallera,
og ferleg hamratröll.

Svo líða dagar, líða ár
og lítill verður stór.
En oft man halur hærugrár
hvar hann sem drengur fór.

Porraprællinn

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð
Kveður kuldaljóð,
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil
Hlær við hríðarbyl
hamragil.

Marar báran blá,
brotnar þung og há,
unnar steinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn,
hásetinn.

Þjóðlag / Kristján Jónsson

Fönn, fönn, fönn

Hvað er það sem fellur svona
af himnum ofan ?
Láttu' ekki eins og þú vitir ekki
hvað það er.
Hvað er það sem hylur litla fjallakofa ?
Ekta íslensk fönn.

Hvað er það sem litlu blómin
blunda undir ?
Ég hef ekki' grænan grun
um hvað það er.
Hvað er það sem fýkur yfir
hæð og grundir ?
Ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn ,fönn, íslensk fönn.
Fönn, fönn, fönn ,fönn, íslensk fönn.
Fönn, fönn, fönn ,fönn, íslensk fönn,
ekta íslensk fönn.

Hvað er það sem safnast upp
í háa skafla ?
Æ, hættu elsku best' að gera
gys að mér.
Hvað er það sem börnin vaða
upp að nafla ?
Ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn ,fönn, íslensk fönn.....

Fönnin, fellur, af himnum oná jörð.
Fönnin, fellur, af himnum oná jörð.

Hvað er það sem minnir mig á jólasveina?
Hvað er það sem veldur
góðum geðbrigðum ?
Það er þetta eina sanna hvíta hreina,
ekta íslensk fönn.

Stuðmenn

Það er vor

Það er vor og þá vindurinn blíðlega blæs.
Það er vor og á heiðinni leikur sér gæs.
Það er vor og veturinn farinn.
Vor, það er vor, það er vor.

Það er vor og í garðinum gróa brátt
blómin.
Það er vor og þá heyrum við söngfugla
óm.
Það er vor og veturinn farinn.
Vor, það er vor, það er vor.

Það er vor og í boltaleik barnið þá fer.
Það er vor og í sveitinni sauðkindin ber.
Það er vor og veturinn farinn.
Vor, það er vor, það er vor.

Lag og texti: Soffía Vagnsdóttir

Álfareiðin

Stóð ég úti í tungsljósi, stóð ég út við
skóg,
stórir komu skarar, af álfum var þar
nóg.
Blésu þeir á sönglúðra og bar þá að mér
fljótt,
bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir
grund,
hornin jóa gullroðnu blika við lund,
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrabýt og
söng.

Heilsaði hún mér drottingin og hló að
mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber ?
Eða var það feigðin, sem kallaði að mér ?

Lag: Heinrich Heine
Texti: Jónas Hallgrímsson

Sautjándi júní

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól,
sumarið í algleymsi og hálf t ár enn í jól.
Í hjarta sínu fólkið gleðst
og syngur lítið lag,
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní :;

Jóni heitnum Sigurðssyni færir
forsetinn
firnamikinn, árvissan og stóran
blómsveiginn.
Fjallkonan í múnderingu þrjár upp á pall,
pent hún les upp ljóð,
eftir löngu dauðan kall.

:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní :;

Skrúðgöngurnar þramma undir
lúðrasveitarleik,
lítil börn með blöðrur,
hin eldri snafs og reyk.
Síðan líður dagurinn við hátíðanna höld,
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg
sölutjöld.

:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní :;

Um kvöldið eru alstaðar útidansleikir,
að sunnan koma rándýrir
skemmtikraftarnir.
En rigningin bindur enda
á þetta gleðigeim,
því gáttir opnast himins
og allir fara heim.

:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní :;

Lag og texti: Haukur Ingibergsson
og Bjartmar Hannesson

Vikivakar

Sunnan yfir sæinn breiða,
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

A a
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Þakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
- mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt
!

A a
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma
- segðu engum manni hitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað
mitt!

A a
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Lag: Valgeir Guðjónsson
Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Álfadansinn

Máninn hátt á himni skín
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.

Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt við dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Bregðum blysum

Nú er veður næsta frítt,
nóttin er svo blíð.
Blaktir blys í vindi,
blaktir líf í tíð.

Bregðum blysum

Komi hver sem koma vill!
Komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli,
dunar ísinn blár.

Bregðum blysum

Jón Ólafsson

Haustkoma

Haustið, haustið komið er.
Haustið, haustið komið er.
Haustið, haustið komið er
Haustið komið er.
Og þá falla blöðin af trjámum,
og þá falla blöðin af trjámum,
og þá falla blöðin af trjámum.
Haustið komið er.

Ólafur B Ólafsson

Haustvísa

Hvert er horfið lafið sem var grænt í
gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað, orðið gul og
rauð.
Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan
auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það, segðu mér hvað
þú heldur kemur haustið fyrst á morgun,
er það komið nú?

Nú er grettin jörð, eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur, þar sem grasið
var.
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin
spor.
Ég verð kuldatíð að þola þar til kemur
vor.

Herdís Egilsdóttir þýddi

Hringferð ársins

Tíminn líður. Títt og ótt
tifar klukkan dag og nótt.
Jörðin snýst. Eins það er,
árið líka hringinn fer.

Skíðasnjór og skautaís,
skólakrakkaparadís.
Ull og dún þarftu þar,
það er kalt í janúar.

Öskudaginn ýmsir þrá.
Uppáklæddir tunnu slá
sælgætissöngvarar,
svona er hann febrúar.

Myrkrið óðum missir völd.
Mars þó fylgi hríðin köld,
birtan vex, sólaröng
syngjum við um dægrið löng.

Aprílgabb og aprílsnjór,
egg á páskum, smá og stór.
Lífna blóm lautu í,
loks er komið vor á ný.

Flugnasuð og fuglaklið
fólk í maí sér unir við.
Sólin skín, grasið grær,
grænar verða krakkatær.

Laufguð tré og lömb í hlíð.
Lífsglöð á þjóðhátíð.
Júní fjör, júnískart,
Jónsmessa og alltaf bjart.

Þjótandi með sumarsvip
sérðu flugvél, bíl og skip.
Út um allt brún og ber
börn í júlí leika sér.

Roða slær á rökkurtjöld
rómantískt er ágústkvöld.
Færast nær frostið þó
- flýttu þér í berjamó.

Skólabjallan hljómar hátt,
haust er löngum vott og grátt.
September, farfugl fer,
fé til rétta smalað er.

Visna lauf og vindur hvín,
vetur kemur - gættu þín.
Október, úlpa hlý,
endurskin sem glittir í.

Nóvember og norðurljós,
nýútsprungin klakarós.
Ljúfan söng látum við
léttu okkur skammdegið.

Prúð og kát við höldum hér
heilög jól í desember.
Fólk er með gjöfum glatt,
gamla árið síðan kvatt.

Guðmundur Kristjánsson

Vetur, ég kveð.

Vetur, ég kveð,
kát er mitt geð.
Kveðjustundin oftast er
angurvær nema hér.
Vetur, ég kveð,
kát er mitt geð.

Vetur, ég kveð,
kát er mitt geð.
Gjarnan ég gleymi þér,
geisaðu langt frá mér.
Vetur, ég kveð,
kát er mitt geð.

Herdís Egilsdóttir þýddi

Allir hafa eitthvað til að

∴ Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá ∴∴

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær,
músin hefur margar smáar
en ormurinn hefur ansi fáar.

∴ Allir hafa..... ∴∴

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga,
krókóðillinn kjaftinn ljóta,
sá er klár að láta sig fljóta.

∴ Allir hafa.....∴∴

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúunum hendast aþarnir,
á rassinum leppalúðarnir.

∴ Allir hafa ∴∴

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

A og B

A og B, spott og spé,
grísinn galar uppí í tré.
Lítil mús til okkar fús
kom og byggði hús.
Lamb í baði, borðar súkkulaði,
hundur jarmar, galar grísinn hátt!

A og B, spott og spé,
grísinn galar uppí í tré.
Hróp og köll um víðan völl,
þá er sagan öll.

Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar
þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar
það vantar eina kúna.
Það gerir ekkert til,
það gerir ekkert til,
hún kemur um miðaftans bil.

Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir,
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrin,
stirður eftir lúrin.
Að hann sofi, að hann sofi
enginn treystir því.

Lag: Allir krakkar

Bangsimon

Sit ég hér á grænni grein
og geri fátt eitt annað,
en éta hunang, borða ber
og bíta, allt er bannað.
Dropar detta stórir hér,
dropar detta, hvað finnst þér?
Dropar detta allt um kring
og dinga-linga-ling.

Vatnið vex nú ótt og ótt
ég verð að flýja úr húsum.
Hér sit ég í alla nótt
og borða úr mínum krúsum.
Dropar detta oní poll,
dropar detta á minn koll.
Dropar detta allt um kring
og dinga-linga-ling.

Ég er mús

Ég er mús eins og allir sjá,
lík er pabba og mömmu sem ég á .
Ostur besta sem ég veit
enda er ég soldið feit.
Svona er að vera mús
og kunna ekki að drekka úr krús,
en mig langar svo oft í djús.
Ég heiti:
Mýsla tísla, tása, túsla, x3
þetta heiti ég.

Lag: Þegar barnið í föt sín fer

Fiskarnir tveir

Nú ætlum við að syngja um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt."
Baba, búbú, baba, bú.
Baba, búbú, baba, bú.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt."

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt."
Baba, búbú, baba, bú.
Baba, búbú, baba, bú.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt"

Ding dong

Ding, dong sagði lítill grænn froskur einn dag
Ding, dong sagði lítill grænn froskur
Ding, dong sagði lítill grænn froskur einn dag
og svo líka ding, dong, dongi, dongi,
dongi, dongi, dong.

Uhm, eh, sagði lítil græn eðla einn dag
Uhm, eh, sagði lítil græn eðla
Uhm, eh, sagði lítil græn eðla einn dag
og svo líka uhm, eh, ull, ull, ull, ull, ull.

King kong sagði stór svartur api einn dag
King kong sagði stór svartur api
King kong sagði stór svartur api einn dag
og svo líka king kong, gojojojojo !.

Mjá, mjá sagði lítil grá kisa einn dag
Mjá, mjá sagði lítil grá kisa
Mjá, mjá sagði lítil grá kisa einn dag
og svo líka mjá, mjá - mjá.

Ding dong - Froskurinn blikkar augunum
Um, eh - Eðlan rekur út úr sér tunguna
King kong - Apinn slær á brjóst sér
Mjá, mjá - Kisan mjálmar
Blúbb, blúbb - Fiskurinn opnar munninn,
lófar lagðir saman og líkt eftir hreyfingum
sporðs

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppi í tré,
þeir voru að stríða krókódíl-
"Þú nærð ekki mér!"
Þá kom hann herra Krókódíll, hægt og
rólega
- og NAMM! (smjatt-smjatt-smjatt).

Fjórir litlir apar sátu...

sungið þar til enginn api er eftir

Dýrin í Afríku

Hér koma nokkrar vísur,
sem þið viljið máske heyra,
um dýrin úti í Afríku
um apana og fleira.

Viðlag:

:,: Hoja, hoja, ha, ha, ha :,:
um dýrin úti í Afríku
um apana og fleira.

Hæst í trjánnum hanga þar
hnetur og bananar.
Þar hefðarapar hafa bú,
þeir heita bavíanar.

Úr pálmablöðum eru gerðar
apabarnavöggur,
en barnfóstran er voða gamall
páfagaukaskröggur.

Og kóngurinn í skóginum
er ljónið sterka og stóra.
Hans kona er ljónadrottningin
- hún étur á við fjóra.

Og hér þarf ekkert slökkvilið
og engan brunahana.
Því fillinn slekkur allan eld
með ógnarlöngum rana.

Í trjánnum sitja fuglarnir
og syngja allan daginn
og vatnahestur bumbu ber
- og bumban, það er maginn.

Þetta er fjörug músík,
svo öll dýrin fara að dansa.
Þau dansa fram á rauða nótt
og vilja ekki stansa.

Hjá gíröffum er sorg og sút,
það var svei mér ekki af engu,
því átta litlir gíraffar,
þeir illt í hálsinn fengu.

En nashyrningur læknir kom
með nefklemmur og tösku.
Og hann gaf öllum hálstöflur
og hóstasaft úr flösku.

Krókódíllinn stóri, hann fékk
kveisu hér um daginn.
Hann hafði étið apakött
sem illa þoldi maginn.

Svo var skinnið skorið upp,
það skelfing var að heyra.
Kvæðið langtum lengra er,
en ég lærði ekki meira

Litlu andarungarnir

Litlu andarungarnir
:,:allir synda vel:,:
:,:Höfuð hneigja í djúpið
og hreyfa lítil stél:,:

Litlu andarungarnir
:,:ætla út á haf:,:
:,:Fyrst í fjarlægð skima
og fara svo í kaf:,:

Börnin frísk og fjörug
:,:fara öll í hring:,:
:,:Hönd í hendi smella
og hoppa svo í hring:,:

Sex litlar endur

Sex litlar endur þekki ég,
fimm eru mjóar og ein er sver.
Ein þeirra vappar og sperrir stél,
fremst í flokki og segir kvakk, kvakk,
kvakk.
Segir kvakk, kvakk, kvakk.

Niður að sjónum vilja þær
vagga vippe, vagga vibbe, vibbe
til og frá.
Ein þeirra vappar og sperrir stél,
fremst í flokki og segir kvakk, kvakk,
kvakk.
Segir kvakk, kvakk, kvakk.

Mýsla tísla í músarholu

Mýsla tísla í músarholu býr,
langt út í móa.
Mýsla tísla er lítið skrátið dýr
langt út í mó.
Mýsla tísla nagar gnagar ber.
Mýsla tísla er kát og leikur sér.
Mýslu líður vel í móa.

Mýsla tísla á músarbörninn smá
langt út í móa.
Mýsla tísla er mjög á fæti frá
langt út í mó.
Mýslu tíslu kisa gamla sá.
Mýslu tíslu kisa vildi ná.
Mýsla hvarf í holu sína.

Mýslukvæði

Leit ég litla mús
læðast inn í hús.
Kötturinn að krækja' í hana
kannski verður fús.

"Heyrðu heillin smá",
hvæsti kisi þá.
"Í þig hef ég, heillin góða,
hugsað mér að ná".

Músin fékk sér mat,
matinn við hún sat.
Þegar kisi þarna birtist
þaut hún o' num gat.

Hopp og hopp og hí,
hann varð samt af því,
þótt fljótur væri' að finna gatið
festi' hann sig í því.

Ungverskt lag / Þórhallur Hróðmarsson þýddi

Komdu kisa mín

Komdu kisa mín
kló er falleg þín
og grátt þitt gamla trýn.
Mikið malar þú,
mér það líkar nú.
Víst ertu vænsta hjú.
Banar margri mús,
mitt þú friðar hús,
ekki' er á þér lús,
oft þú spilar brús.
Undra sniðug, létt og liðug
leikur bæði snör og fús.
Við skulum drekka dús.

Kalli litli kálormur

Kalli litli kálormur
í kál og rófur gráðugur
Naga, naga alla daga
namm, namm, namm.

Gulli, sem að garðinn á,
ekki glaður verður þá.
Ormur, ormur eins og gormur.
Burt, burt, burt.

Krúsilíus

Kannastu við köttinn minn?
Hann klókur er en besta skinn.
Hann er stærri en hestur
og stærri en hús.
Já, kötturinn minn heitir krús, krús,
krús.
Krúsilíus.

Hann er gulur og grænn og blár.
Galdraköttur í húð og hár.
Og ég veit hvað hann syngur
og víst er það satt
að Krúsilíus, hann á köflóttan hatt.
Krúsilíus.

Krúsilíus kynlegur er
og klórar oft í tærnar á mér.
Hann vill aldrei fisk
er með væl og pex
og segist bara vilja súkkulaðikex.
Krúsilíus

Og ekki nennir hann að elta mýs,
því alla daga vill hann rjómaís.
Hann er alltaf að stækka
en enginn það sér,
Því Krúsilíus býr í kollinum á mér.
Krúsilíus.

Nú skal syngja um

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu mu mu!

Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust
þau gefa okkur eggin
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga ga ga gó!

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull!
Me me me, me me me me me!
Me me me, me me me me me!
Me me me, me me me me me!
Me me me me me!

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn;
"Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi nafni minn".

Það var eitt sinn kónguló

Það var eitt sinn kónguló
sem hafði átta fætur
og því þurfti hún að fara
-snemma á átta fætur
-og fara í skóna
-og reima skóna
á átta fætur!

Hún taldi: Einn, tveir, þrír, fjórir,
fimm, sex, sjö, átta fætur!
Tralalalla! Mhmhmhm!
Tralalalla! Mhmhmhm!
Tralalalla! Mhmhmhm!

Krumminn í hlíðinni

Krumminn í hlíðinni
hann fór að slá.
Þá kom lóa lipurtá
og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
en bannaði henni að segja frá.
En hann spói spíssnefur
hann sagði frá,
prakkarinn sá.
Þó var ljáin ekki nema
hálf tannað puntstrá.

Sá ég spóa

Sá ég spóa suður í flóa,
syngur lóa úti í móa,
bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið víst á ný

Gæsamamma

Gæsamamma gekk af stað
með gæsabörnin smáu,
niðri á tún hún ætlaði
að eta grösín lágu.
Þá kom hrafninn: kra, kra, krá,
kolsvartur í framan,
hann eta vildi unga smá,
ekki var það gaman.

Gæsin hvæsti: „Farðu frá!
þú færð ei unga mína!“
Undir vængnum varði' hún þá
veslingana sína.
En krummi sagði „Krunk, krunk, krá
nú kroppa ég þig í stélið,
og síðan tek ég unga smá,
og brýt þá alla í mélið.“

Þennan býsna ljóta leik
Lobba sá, og undur
var hún fljót að koma á kreik
með kjaftinn glenntan sundur,
svarta krumma óð hún að
og ætlaði hann að bíta,
þá fjótur krummi flaug af stað
því fjarska reið var „títa.“

Þá varð gæsamamma glöð,
góð við sína krakka,
sagði: „Við skulum, hó, hæ, hröð
henni Lobbu þakka.
Þú hefur, tíka, lið mér léð;
þó lítil sé það borgun,
skaltu éta okkur með
okkar graut á morgun.“

Björn B. Birnir

Litla kisa

Litla kisa, litla kisa
leptu njómann þinn.
Langar þig að lúra,
liggja hér og kúra?
Víst þú hefur, víst þú hefur
voða fallegt skinn.

Lag: Allir krakkar

Sofa urtu börn

Sofa urtu börn
á útskerjum.
Veltur sjór yfir þau,
og enginn, enginn,
enginn þau svæfir.

Sofa kisu börn
á kerhlemmum,
murra og mala,
og enginn þau svæfir.

Sofa bola börn
á báshellum,
moð fyrir múla,
og enginn þau svæfir.

Sofa Grýlu börn
á grjóthólum,
urra og ýla
og enginn þau svæfir.

Sofa manna börn
í mjúku rúmi,
bía og kveða
og babbi þau svæfir.

Jón Laxdal / Þjóðvísur

Kisu-tangó

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.

Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir
og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir
vildu eiga slíkan kött!
Tra - la -la-la-la-la - mjá-á-á.

Húsamúsarvísa

Ég er heldri húsamús
hefi allt sem þarf til bús,
magál bæði og bringukolla,
bústin krof og sperðla holla.
Fæ mér bita og bita í senn,
bragðgott er það viti menn.
Uni við það alla daga,
enda hef ég góðan maga.

Thorbjorn Egner / Kristján frá Djúpalæk þýddi

Vísurnar um refinn

Ég raula raunakvæði
um refinn sem hér býr.
Í græðgi vill hann gleypa
hin góðu skógardýr.
Já þetta er sorgarsöngur víst
því sagan illa fer.
Hæ fallera faddi rúllan ræ,
nú verstur endir er.

Einn dag hann var á veiðum
þar voru músahús..
Þá rak hann gular glyrnur
í gráa litla mús.
"Ég tek þig" sagði tæfan þá
upp trjából músin rann.
Hæ fallera faddi rúllan ræ,
hún fylgsni öruggt fann.

Þá varð hann súr á svipinn
og sagði: "Gott hjá þér,
en bíddu bara góða
ég bíða skal þín hér."
Svo tautar hann við sjálfan sig,
"þú síðsta leikinn átt."
Hæ fallera faddi rúllan ræ,
"hún bröltir niður brátt."

En Mikki mátti bíða
og músin engu kveið.
Þú heyra skalt hvað skeði
hjá skrögg er vikan leið
þó hungrið alveg ærð' ann
og enga veitti ró.
Hæ fallera faddi rúllan ræ,
hann datt um koll og dó.

Thorbjorn Egner / Kristján frá Djúpalæk þýddi

Úti um mela og móa

Úti' um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrir sprellfjörugt lag.

A-a-a-holdrío-holdría-holdrío-gú-gú
holdrío-holdría-holdrío-gú-gú
holdrío-holdría-holdrío-gú-gú
holdrío-holdría-hó.

Úti' um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.

Holdría.....gú-gú,gú-gú

Hérna er krían á kreiki,
þarna er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg í leiki
fara líka í dag.

Holdría.....gú-gú, gú-gú, gú-gú

Hljóma lögin við látum;
hæfir lífsglöðum skátum
rómi kveða með kátum
hérna kringum vorn eld

Holdría.....gú-gú, gú-gú, gú-gú, gú-gú.

Ragnar Jóhannesson

Syngjandi geng ég allsstaðar

Syngjandi hér, syngjandi þar
syngjandi geng ég allsstaðar
Sí og æ, æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.

:;Einu sinni ég átti kú :;
Hún sagði ekki mö, heldur ba,ba,bú.
já, býsna skrytinn var kýrin sú.

:; Einu sinni ég átti geit :;
Hún fékkst aldrei til að fara á beit
því feimin var hún og undirleit.

:; Ég átti hrút og hann var grár :;
Svo skipt'ann um lit og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

:; Ég átti líka hund sem oft svaf fast:;
Og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

:; Ég átti fugl sem í búi bjó :;
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó
að undir væri leikið á píanó.

:; Ég átti kött sem var klókur og vís :;
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

Ég er rauður héri

Ég er rauður héri og sjáið hvað ég geri.
Svona get ég hoppað og snúið mér í
hring.
Svo kann ég að klappa,
með fótunum að stappa.
Svo kann ég að telja;
einn og tveir og þrír.

Tveir kettir

Tveir kettir sátu uppi á skáp,
kritte vitte vitt bom bom
og eftir mikið gón og gláp,
kritte vitte vitt bom bom.
Þá sagði annar : " Kæri minn
kritte vitte vitte vitte vitt bom bom,
"við skulum skoða gólfdukkinn "
kritte vitte vitt bom bom.

Og litlu síðar sagði hinn:
kritte vitte vitt bom bom.
"Komdu aftur upp á ískápinn"
kritte vitti vitt bom bom.
En í því glas eitt valt um koll,
kritte vitte vitte vitt bom bom
og gerði' á gólfið mjólkurpoll,
kritte vitte vitt bom bom.

Þá sagði fyrri kötturinn
kritte vitte vitt bom bom.
"Æ heyrðu ,kæri vinur minn ",
kritte vitte vitt bom bom
"við skulum hoppa niður á gólf"
kritte vitte vitte vitt bom bom,
" og lepja mjólk til klukkan tólf "
kritte vitte vitt bom bom.

Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló
klifraði upp á vegg.
Þá kom rigning
og Kalli litli datt.
Svo kom sólin og þerraði hans kropp.
Kalli litli kónguló
klifraði upp á topp.

Danskt þjóðlag

Hani, krummi, hundur, svín

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur;
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu, víst að fá
vísu, gamli Jarpur.
Aldrei hefur fallið frá
frækilegri garpur.

Pá var taða, þá var skjól,
Pá var fjör og yndi.
Pá var æska, þá var sól,
Pá var glatt í lyndi.

Gefðu ungum gæðingum
Græna tuggu' á morgnunum.
Launa þeir með léttfærum
Lipru, sterku fótunum.

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur;
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Heimsókn í dýragarðinn

∴ Ég fór í dýragarði í gær
og gettu hvað ég sá ! ∴
F F F F fílinn þar ég sá.
F F F F fílinn þar ég sá.

Vísan sungin aftur og valin önnur dýr

Lag og texti: Soffía Vagnsdóttir

Foli, foli fótalipri

Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim á bæ.
Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim á bæ.
Tra - rí, ra-la-la,
flýttu þér nú heim á bæ.

Heima mun þín heyið bíða
en hjá mömmu koss ég fæ.
Heima mín þín heyið bíða,
en hjá mömmu koss ég fæ.
Tra-rí, ra- la-la,
en hjá mömmu koss ég fæ.

Herðir hlaupin hlaupgarpur
heint ei telur sporin sín.
Herðir hlaupin hlaupagarðpur
hreint ei telur sporin sín.
Tra -rí ra- la- la
hreint ei telur sporin sín.

Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.
Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.
Tra´ -rí ra-la-la,
hafrastráin talið þín.

Þjóðlag frá Lettlandi
Texti : Hildigunnur Halldórsdóttir

Snati og Óli

Heyrðu snöggvast Snati minn,
snjalli vinur kæri.
Heldurðu' ekki að hringinn þinn
ég hermannlega bæri ?

Lof mér nú að leika að
látúns hálsgjörð þinni.
Ég skal seinna jafna það
með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn
þér er heimil ólin.
En hvenær koma,kæri minn,
kakan þín og jólin ?

Þorsteinn Erlingsson

Ungi litli

Ég lifði í litlu húsi
með ljósum þunnum vegg
og hélt að heimurinn væri
hnöttótt, lítið egg.

Svo átti ég heima í hreiðri
og hélt að veröldin
væri öll vafin úr stráum
um veslings kroppinn minn

Ég skreið úr hlýju hreiðri
og háa grasið klauf.
Þá hélt ég að veröldin væri
vorgræn strá og lauf.

Nú er ég fær og fleygur
og flýg á mangan stað.
En hvernig allt er til orðið,
ekki veit ég það.

Maja átt lítið lamb

Maja átti lítið lamb
og lék sér oft við það.
Ef farið var í ferðalag
þau fylgdust jafnan að.

Maja gekk einn góðan dag
í gamla skólann sinn.
En lítið varð um lærdóm þá
því lambið ruddist inn.

Kennsluskonan sagði svei
og sú var æst og reið.
Lambið út á stétt þá stökk
og stóð þar eitt og beið.

Stundin þótti lambi long
en loksins klukkan sló.
Og glöð varð Maja, glatt varð lamb,
þau gengu heim í ró.

Kristján frá Djúpalæk

Hér kemur Lillimann

Hér kemur Lillimann klifurmús
sem kæti ber inn í sérhvert hús,
er regluleg söngva og músíkmús,
og meistaragítarsláttumús.
Trallalalala trallalalala
trallalalalalala-la-la-la!

Thorbjorn Egner / Kristján frá Djúpalæk þýddi

Komum öll til Afríku

Komum öll til Afríku,
þar sem apar sitja í trjánnum,
gómsætur er gíraffi,
grillsteiktur með papriku.

Kynlegt er í Afríku,
krókódílar svamla í ánum.
Köngulær í mal þú færð
kryddaðar með papriku

Hildigunnur Halldórsdóttir

Það var einu sinni api

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi,
hann vildi ekki grautinn
en fékk sér banana:
Banananana - (smella tvisvar í góminn)
Banananana - (smella tvisvar í góminn)
Banananana, banananana, banananana -
(smella tvisvar í góminn).

Það var í örkinni hans Nóa
að dýrin fóru að róa.
Hestur, hundur, hæna
og líka krókódíll.
Krókókódíll (smella tvisvar í góm)
Krókókódíll (smella tvisvar í góm).
Krókókódíll, krókókódíll, krókókódíll
(smell, smell)

Það var einu sinni hestur,
sem hélt hann væri prestur,
Hann vildi ekki heyð
en fékk sér kartöflu.
Kartöflu - (smella tvisvar í góm)
Kartöflu (smella tvisvar í góm)
Kartöflu, kartöflu, kartöflu
(smella í góm)

Um fílinn

Ó tókstu eftir þar,
(hnipa í þann sem er næstur manni)

hvað uppi á lofti var
(benda upp í loft)

eitt ferlegt flykki sá
(teikna hring með báðum höndum upp í loftið)

er fór á hjóli hjá.
(herma eftir hreyfingum pedala á hjóli með
höndunum)

Ég sá þar stærðar fíl
(teikna fíl í loftið með höndunum)

sem var í nýjum stíl
(flétta saman fingur og teygja þær
niður í átt að gólfi, vera svolítið montin)

hékk sínum hala á
(teikna lítinn hala frá bossanum)

hafði lengri framan á.
(teikna ennþá lengri hala út frá nefinu).

Gaukur, gaukur

Gaukur, gaukur, gelur í skó.
Syngjum og hoppum,
hlægjum og skoppum,
vorið, vorið
vakir í mó.

Jóhannes úr Kötlum

Söngur dýranna í Týról

Hann fór í veiðiferð í gær
hann Úlfgang bóndi.
Hann skildi húsið eftir autt
og okkur hér.
Við erum glöð á góðri stund
og syngjum saman
stemma, sem hann Helmut kenndi mér.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskap hér og sjá.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóuhú
mjá mjá mjá mjá mjá aha ha ha.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóuhú
mjá mjá mjá mjá mjá mjá.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskp hér og sjá.
Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskp hér og sjá.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóuhú
mjá mjá mjá mjá mjá aha ha ha.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóuhú
mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá
mjá mjá mjá.

Ég á lítinn kátan kött

Ég á lítinn kátan kött,
kátan kött, kátan kött.
Hann er grár með hvítan hött,
grár með hvítan hött.

Mjaaaaaá, mjaaaaaá,
svona mjálmar kisi minn,
mjaaaaaá, mjaaaaaá,
daginn út og inn.

Snati litli hoppar hér,
hoppar hér, hoppar hér.
Leggst svo fram á lappir sér,
fram á lappir sér.

Voooooooooff, voooooooooff,
svona geltir Snati minn,
vooooooooooff, voooooooooff,
daginn út og inn

Margrét Ólafsdóttir

Líkar þér við minn

Líkar þér við minn fjórfætta vin
því amma' hans er ef til vill önd,
sem að syndir í sefinu í hring
þegar sólin gægist fram,
og nú heldurðu að sagan sé öll
og það er hún!

Fílalagið

Ég þekki -feitan fíl,
ég þekki feitan fíl
sem segir tu -u-u-u-u.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott, brott, brott, brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott.

Ég þekki fluguflón,
ég þekki fluguflón
sem segir s-s-s-s-s.
Ef hún horfir á mig.....

Ég þekki kátan kött,
ég þekki kátan kött,
sem segir mjá.
Ef hann horfir á mig.....

Ég þekki haltan hund,
ég þekki haltan hund,
sem segir voff.

Fimm ungar syntu langt í burtu

Fimm ungar syntu langt í burtu,
mamma þeirra vissi ekki hvurt.
Hún kvakaði hátt: " Bra, bra, bra, bra",
en bara fjórir ungar heyrðu það.

Fjórir ungar syntu langt í burtu,
Mamma þeirra vissi ekki hvurt.
Hún kvakði hátt: " Bra, bra, bra, bra,
En bara þrír ungar heyrðu það.

Haldið áfram að telja niður þangað til enginn er eftir

Enskt lag / Hrafnhildur Sigurðardóttir þýddi

Bjarni gamli átti bú

Bjarni gamli átti bú. Í, æ, í, æ, ó.
Og Bjarni átti hæsnahóp. Í, æ, í, æ, ó.
Það var gagg, gagg hér,
það var gagg, gagg þar.
Hér var gagg, þar var gagg,
alls staðar var gagg, gagg, gagg.
Bjarni gamli átti bú. Í, æ, í, æ, ó.

Bjarni gamli átti bú. Í, æ, í, æ, ó.
Í gömlum kofa geymdi' ann svín. Í, æ, í,
æ, ó.
Það var rýt- rýt hér
Bjarni gamli átti bú. Í, æ, í, æ, ó.

Bjarni gamli átti bú. Í, æ, í, æ, ó.
Og kindur hafði karlinn þar. Í, æ, í, æ, ó.
Það var me- me hér
Bjarni gamli átti bú. Í, æ, í, æ, ó.

Enskt þjóðlag / Magnea Matthíasdóttir þýddi

Kálfar tveir í kúamynd

Kálfar tveir í kúamynd
hvítir voru í framan.
Gullhöttur og Ljómalind
lengi voru saman.

Boli litli baular lágt,
býsna rámur er hann.
Eitthvað á hann ofurbágt,
innan hungrið sker hann.

Boli, boli bankar á dyr
með bandinu sínu langa.
Láttu ekki hann Hólsbola
heyra til þín, Manga.

Gamlar ferskeytlur

Vísurnar um dýrin í Afríku

Eitt lítið gamanljóð í dag
vil ég lofa þér að heyra
um kynleg dýr í Afríku
og kannski eitthvað fleira.

Ja ja ja og ha ha ha,
ja ja ja og og ah ha ha
um kynleg dýr í Afríku
og kannski eitthvað fleira.

Í greinum trjána hanga
kókóshnetur og banana,
í laufi grænu una þar
að leikjum bavíana.

Og dýrabörnin blunda rétt
í blómahengirúmi,
og sögur páfagaukurinn
þér segir einn í húmi.

Því konungur og drottning eru ljón
með lund svo grimma,
og feigð þau boða og skelfingu
í frumskóginum dimma.

Og sömbu dansar strúturinn
með simpansanum hreykinn,
og óðar bætist dýraskarinn
allur með í leikinn.

Og stóri krókódíllinn
átti dapurlega daga,
hann gleypsti heilan apakött
og illt því fékk í maga.

En nashyrningur læknir kom
með lyf í stórri tösku,
og hundrað pillur gaf hann þeim
og hóstasaft í flösku.

Og krókódíllinn skar hann upp
og klippti gat á magann,
apinn sat þar lifandi
og endar þar með sagan.

Kannast þú við köttinn minn ?

Kannast þú við köttinn minn,
köttinn minn, köttinn minn ?
Kolasvart og hvítt með skinn,
svart og hvítt með skinn.
Mja-á , mja-á,
segir litli kötturinn.
Mja-á, mja-á
segir kötturinn.

Hefur þú séð hvolpinn minn,
hvolpinn minn, hvolpinn minn ?
Hefur gult og loðið skinn,
gult og loðið skinn.
Voff, voff, voff, voff,
segir litli hvolpurinn.
Voff, voff, voff, voff,
segir litli hvolpurinn.

Hefur þú séð grísinn minn,
grísinn minn, grísinn minn ?
Grísinn hefur snoðið skinn,
hefur snoðið skinn.
Nöff, nöff, nöff, nöff,
segir litli grísinn minn.
Nöff, nöff, nöff, nöff,
segir litli grísinn minn.

Líttu nú á lambið mitt,
lambið mitt, lambið mitt,
loðið fallegt hvæitt með skinn,
fallegt hvítt með skinn.
Me-e, me-e,
segir litla lambið mitt.
Me-e, me-e,
segir litla lambið mitt.

Elix Körling / Höfundur ókunnur

Grísinn dátt

Grísinn dátt
galar kátt
grenitrénu uppi í hátt.
Læðist mús, heim í hús,
hún vill fá sér snús.
Lamb með hraði
lagar súkkulaði,
Snati jarmar,
Galar grísinn smár.

Grísinn dátt
galar kátt,
grenitrénu uppi í hátt.
Kýrin hyrnd, Ljómakind,
lagar hrífutind.
Geitin stígur
dansinn dátt við kvígu.
Uxinn mjálmar,
galar grísinn smár.

Grísinn dátt
galar kátt
grenitrénu uppi í hátt.
Kisi hlær, hvessir klær,
kænu út hann rær.
Hænan baular,
hopper um og raular.
Kusa hneggjjar,
galar grísinn smár.

Grísinn dátt
galar kátt
grenitrénu uppi í hátt.
Brotnar malt, bognar salt,
Brátt er kvæðið allt.

G. Riedel / Böðrvor Guðmundsson þýddi

Dýravisur

Kisa mín, kisa mín,
kisa litla grætur.
Veistu um, veistu um,
vetrar myrku nætur ?

Litli grís, litli grís,
leggstu hér á feldinn.
Sé þér kalt, sé þér kalt,
settu sprek á eldinn.

Góða kýr, góða kýr,
gáfuleg í auga.
Bítur gras, bítur gras,
býr til skrýtna hauga.

Mamma mín, mamma mín,
mætast senn við hljótum.
Báðar með, báðar með,
ballet-skó á fótum.

Pabbi minn, pabbi minn,
pabbi, þá mun gaman.
Þegar við, þegar við,
þeysum veginn saman.

Kisa mín, kisa mín,
kúrir sig og malar.
Músasteik, músasteik,
malar um og hjalar.

Kristján frá Djúpalæk

Hresstu þig við

Hresstu þig við, liðkaðu lið.
Dúddelí dú, dúddelí dú.
Laust og létt, lipurt og þétt.
Dúddelí dú, dúddelí dú,
láttu nú hendurnar hraðara ganga
/hægara ganga,
hreyfðu nú á þér skankana langa.
Dúddelí dú, dúddelí dú.
Byrjum aftur nú... JÚHÚ!!!

Upp, upp og niður

Upp, upp og niður, upp, upp og niður,
upp, upp og niður og klappa svo.

Fram og til baka, fram og til baka,
fram og til baka og klappa svo.

Vinstri og hægri - Höfuð og axlir - Augu
og eyru -
Munnur og nef - Haka og enni - Bringa
og nafli -
Rass og magi - Læri og hné - Ristar og
tær.

Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma
og taldi alla sauði sína,
einn og tveir og þrír og fjórir,
allir voru þeir.

Með höndunum gerum við klapp, klapp,
klapp,
með fótunum gerum við stapp, stapp,
stapp!

Einn tveir þrír, ofurlítið spor,
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

Litlu börnin

Litlu börnin fara út og inn
út og inn, út og inn.
Litlu börnin fara út og inn
allan liðlangan daginn.

Litlu börnin fara út á hlið
út á hlið, út á hlið.
Litlu börnin fara út á hlið
allan liðlangan daginn.

Litlu börnin fara upp og niður,
upp og niður, upp og niður.
Litlu börnin fara upp og niður
allan liðlangan daginn.

Litlu börnin fara í stóran hring,
stóran hring, stóran hring.
Litlu börnin fara í stóran hring,
allan liðlangan daginn.

Lag: Stóra brúin fer upp og niður

Tvö skref til hægri

Tvö skref til hægri og
tvö skref til vinstri.
Beygja arma, rétta arma,
klappi, klappi, klapp!

Hálfan hægri hring,
hálfan vinstri hring,
hné og magi, brjóst og enni,
klappi, klappi, klapp!

Í grænni lautu

Í grænni lautu
þar geymi ég hringinn,
:; sem mér var gefinn
og hvar er hann nú :;

Danskt lag - texti: Steinrímur Arason

Höfuð, herðar, hné og tær

Höfuð, herðar, hné og tær.
Höfuð, herðar, hné og tær.
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær.

Þjóðlag frá Cromwell Hermann Ragnarsson

Hnakki, kinnar, haka, háls.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
Bringa, magi, bak og rass.
Hnakki, kinnar, haka, háls.

Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrin,
stirður eftir lúrin.
Að hann sofi, að hann sofi,
enginn treystir því.

Hóký - poký

Við setjum hærgi höndina inn,
við setjum hægri höndina út,
Inn, út, inn, ú tog hristum hana til.
Við gerum hóký - poký
og snúum okkur í hring.

Þetta er allt og sumt.
Ooó- hóký - hóký - poký !
Ooó- hóký - hóký - poký !
Ooó- hóký - hóký - poký !
Þetta er allt og sumt.

Síðan er sungið: vinstri hönd, hægri fótur, vinstri
fótur,
Rassinn, höfuðið, allan líkamann,

Zikka- zakka

Að reyna að ganga á línu
sem liggur zikka zakka
getur verið erfitt fyrir þínulitla krakka,
stíga fram í vinstri
og stíga fram í hægri,
aftur fram í vinstri
og enn á ný til hægri.
Ef kemstu út á enda
skaltu fimi þína þakka.

Lag og texti: Soffía Vagnsdóttir

Tvö skref til hægri

Tvö skref til hægri,
tvö skref til vinstri,
Heilsum hvor öðrum.
Fyrst eitt lítið hopp,
svo eitt lítið klapp,
síðan byrjum við að nýju.

María Einarsdóttir

Þátttakendur standa andspænis hvor öðrum. Stíga
tvö skref til hægri, svo til vinstri. Heilsað með
höndum, hoppað og klappað.

Upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður,
alveg niður á tún.

Agadú

Agadú - dú - dú
hrista epli niður úr tré.
Agadú - dú - dú
hrista epli, ekkert hlé.
Vinstri snú, hægri snú,
hoppa upp og niður og styðja á hné.
Dönsum öll saman nú
síðan fá sér allir te.

Ein ég sit og sauma

Ein ég sit og sauma
inni í litlu húsi.
Enginn kemur að sjá mig
nema litla músin.
Hoppaðu upp og lokaðu augunum,
bentu í austur
bentu í vestur
bentu á þann sem þér þykir bestur.

Litla froska

Litla froska, litla froska er skemmtilegt
að sjá.
Litla froska, litla froska er skemmtilegt
að sjá.

∴ Gvak, gvak, gvak, gvak, gvak, gvak,
gvak, gvak.
Gvak, gvak, gvak, gvak, gvak, gvak ∴

Engin eyru, engin eyru né hala hafa þeir.
Engin eyru, engin eyru né hala hafa þeir.

∴ Gvak, gvak, gvak, gvak, gvak, gvak,
gvak, gvak.
Gvak, gvak, gvak, gvak, gvak, gvak ∴

Sænskt lag - höfundur ókunnur

Allir sitja í froskastingum og syngja textann. Í
gvak, gvak- hlutnaum hoppa froskarnir af stað og
stoppa síðan fyrir næsta erindi.

Við klöppum öllum í einu

Við klöppum öll í einu.
Við klöppum öll í einu.
Við klöppum öll í einu,
það líkar okkur best.

Við hoppum
Við stöppum
Við smellum
Við læðumst.....
Við dönsum.....

Hægri hönd og vinstri hönd

∴ Hægri hönd og vinstri hönd
og báðar hendur lærin svo ∴

∴ Tramp, tramp, tramp,
tramp, tramp, tramp.
Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, sjö ∴

∴ La, la, la-a, tra -la, la, la.
La, la, la-a, tra -la, la, l ∴

Rússneskt lag

Dansarar standa andspænis hvor öðrum og klappa á
hendur hvors annars. Slá síðan á læri. Í trampinu
eru hendur á mjöðmum og fótum stappað í golf.
Vísifingri lyft upp í einn, tveir, þrír.... Og höndum
krækt saman í la- la og dansað í hring.

Pabbi, mamma og börnin

Pabbi, mamma og börnin
gengu út á völlinn,
gátu ekki fundið veginn.
Þau gáðu hér,
þau gáðu þar,
svo dattu þau í skurðinn.

Sænskt lag - höfundur ókunnur

Allir ganga í halarófu með hendur á öxl þess næsta
fyrir framan. Líta til beggja átta með hönd á enni
og síga svo niður þegar dottið er í skurðinn. Eftir
því sem fleiri erindi eru sungin síga þátttakendur
nær gólfinu.

Fílaleiðangur

Einn fíll lagði af stað í leiðangur,
lipur var ei hans fótangur.
Takturinn fannst honum heldur tómlegur
svo hann tók sér einn til viðbótar.

Tveir fílar lögðu af stað í leiðangur.....

Hristu hendur þeirra..

Hristu hendur þeirra er hjá þér standa.
Hristu hendur þeirra og syngdu hátt.
Hristu hendur þeirra er hjá þér standa.
Hristu hendur þeirra og syng.

Klappaðu á koll þeirra er hjá þér standa
Klappaðu á koll þeirra og syng.
Klappaðu á koll þeirra er hjá þér standa.
Klappaðu á koll þeirra og syng.
Syngdu hátt all le la la.
La la le lú ja.
All la la la la la le lú ja.
All la la la la la le lú ja
Alla la la la la la
Le lú ja.

Bankaðu á bak þeirra er hjá þér standa.
Bankaðu á bak þeirra og syng.
Bankaðu á bak þeirra er hjá þér standa.
Bankaðu á bak þeirra og syng.

Brostu blítt til þeirra er hjá þér standa.
Brostu blítt til þeirra og syng.
Brostu blítt til þeirra er hjá þér standa.
Brostu blítt til þeirra og syng.
Syngdu hátt all le la la.
La la le lú ja.
All la la la la la le lú ja.
All la la la la la le lú ja
Alla la la la la la
Le lú ja.

Klappaðu á kinn þeirra er hjá þér standa.....

Faðmaðu þá fast er hjá þér standa
Bomsaðu næst botn þeirra er hjá þér standa.....

Kysstu kinnar þeirra er hjá þér standa
.....

Baggalútur

Hvað kanntu að vinna,
Baggalútur minn ?
Práðarkorn að spinna,
elta lítið skinn,
kveikja ljós og sópa hús,
bera inn ask og fulla krús
og hlaupa fram í eldhús.

Labbadans

Við skulum dansa Labbadans,
Labbadans, Labbadans.
Við skulum dansa Labbadans,
Labba- , Labbadans.

Þátttakendur haldast í hendur og mynda hring. Í lok lagsins spyr stjórnandinn: Hafið þið dansað Labbadans ? og þátttakendur svara já. Þá spyr stjórnandinn : Hafið þið dansað Labbadans með hendur á öxlum, hnjám, maga.....

Kransadans

Nú á að binda kransinn,
já, elsku besta " Anna " mín.
Ef þú vilt koma í dansinn,
þá máttu hjálpa til.

Vísan er sungin um hvert barn fyrir sig. Um leið gengur það í kransinn með krosslagða handleggi)

Hreyfa litla fingur

Hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur.
Hreyfa litla fingur
og frjósa eins og skot.

Hreyfa litla fætur, hendur, maga, rassa

Hreyfa þann líkamshluta sem nefndur er og stoppa síðan og vera hreyfingarlaus í lok lagsins

Þyrnirós

Hún Þyrnirós var besta barn,
besta barn, besta barn.
Hún Þyrnirós var besta barn,
besta barn.

Þar kom ein galdrakerling inn,
kerling inn, kerling inn... o.s.frv.

Sofna þú, mín Þyrnirós...

Þyrnirós svaf eina öld...

Þyrnigerðið hóf sig hátt...

Þá kom hinn ungi konungsson...

Vakna þú mín Þyrnirós...

Þá varð kátt í höllinni...

Pílaranda

Pílaranda, pílaranda,
marinn, gúlarinn
og tökum Jón í skarinn.

Komdu til mín

Komdu til mín,
komdu til mín,
komdu til mín, vinur.

Farðu frá mér,
farðu frá mér,
farðu frá mér, vinur.

:;Og klappa með hægri
og klappa með vinstri
og klappa með báðum:;

Vindum vindum vefjum band

Vindum, vindum vefjum band,
vefjum fallett húfuband.
Fyrir Gunnu höfuð hneigja,
fyrir Gunnu hné sín beygja,
svo skal Gunna snúa sér.

Gengið í hring, hneigja höfuð og beygja hné fyrir
þeim sem sungið er um. Sá hinn sami snúi sér í lok
vísunnar, endar með bakið inn í hringinn.
Þegar öll börnin snúa öfugt er sungið í fleirtölu
(fyrir öllum höfuð hneigja..) og þá snúa allir aftur
inn í hringinn.

Inn og út um gluggann

Inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann
og alltaf sömu leið.

Nem ég staðar bak við hana Önnu,
nem ég staðar bak við hana Önnu,
nem ég staðar bak við hana Önnu
svo fer hún sína leið.....

Inn og út um gluggann

Mærin fór í dansinn

Mærin fór í dansinn
sinn fót og létt og liðugt ber
að leita sér að pilti
sem laglegastur er.
Og hann er hér og hann er þar
og hann er líka alls staðar,
og loksins var það þessi
sem laglegastur var.

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.

Máske þú fáir menn úr tini,
máske líka þetta kver.
Við skulum bíða og sjá hvað setur
seinna vitnast hvernig fer.

En ef þú skyldir eignast kverið,
ætlar það að biðja þig
að fletta hægt og fara alltaf
fjarskalega vel með sig.

Jóhannes úr Kötlum

Hvít jól

Ég man þau jólin, mild og góð
er mjallhvít jörð í ljóma stóð.
Stöfum stjörnum bláum,
frá himni háum
í fjarska kirkjuklukknahljóm.
Ég man þau jól, hinn milda frið
á mínum jólakortum bið
að ævinlega eignist þið
heiða daga, helgan jólafrið.

Stefán Jónsson

Vöggukvæði

Nóttin sú var ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautarmein,
að þekkja hann ei sem bæri.
Með vísnaöng ég vögguna þína hræri.

Lag: Sigvaldi Kaldalóns
Texti: Einar Sigurðsson

Jólasveinar

Jólasveinar einn og átta,
ofan komu af fjöllunum,
í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,
fundu hann Jón á Völlunum.
Andrés stóð þar utan gátta,
það átti að færa hann tröllunum.
Þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum.

Þjóðvísa

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein,
við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá
til að líta gjafir á,
hún hélt ég væri steinsofandi
Stínu dúkku hjá.
Og ég sá mömmu kitla jólasvein
og jólasveinnin út um skeggið hlær.
Já, sá hefði hlegið með
hann pabbi minn hefð'ann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær

Hinrik Bjarnason

Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
spurði hann og sagði svo:
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Klapplandi, Klapplandi,
Klapplandi.
Ég á heima á Klapplandi,
Klapplandinu góða.

(Stappland, Hoppland, Lágland,
Hlæland, Hvíslland og Ísland)

Bráðum koma jólin

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið og ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,
inn í frið og ró, út í frost og snjó,
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,
stafa geislum björtum.
Norðurljósinn loga skær
leika á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér
hýr og glöð í desember
þó að feyki snjó þá í friði og ró
við höldum heilög jólin
heilög blessuð jólin.

Friðrik Guðni Þorleifsson

Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð,
svo komist þau úr bólunum,
Væna flís af feitum sauð,
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

Íslensk þjóðvísa

Hjálpsamur jólasveinn

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggann jólasveinn.
Þá kom lítið héraskinn
sem vildi komast inn.
"Jólasveinn, ég treysti á þig,
veiðimaður skýtur mig.
"Komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn.

En veiðimaður kofann fann,
Jólasveinninn spurði hann;
"Hefur þú séð héraskinn
hlaupa um hagann þinn ? "
"Hér er ekki héraskott.
Hafa skaltu þig á brott."
Veiðimaður burtu gekk,
og engan héra fékk.

Erlent lag - Hrefna Tynes þýddi
Annað erindi : Gylfi Garðarsson

Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö,
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði,
hann klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring

Bjart er yfir Betlehem

Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.
Var hún áður vitringum
vegaljósið skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir
fundið sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undur skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottini sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna,
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarna allra barna.

Ingólfur Jónsson frá Prestbakka

Þá nýfæddur Jesús

Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá
á jólunum fyrstu, var dýrlegt að sjá.
Þá sveimuðu englar frá himninum hans,
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu halelúja með hátíðarbrag.
Nú hlotnast guðsbörnunum friður í dag.
Og fagnandi hirðarnir fengu að sjá,
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

Ég bið þig ó, Drottinn, að dvelja mér hjá,
að dýrðlinga þína ég fái að sjá.
Ó blessa þú, Jesús, öll börnin þín hér,
að búa þau fái á himnum með þér

Björgvin Jörgenson

Nú skal segja

Nú skal segja, nú skal segja,
hvernig litlar telpur gera:
Vagga brúðu, vagga brúðu
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig litlir drengir gera:
Sparka bolta, sparka bolta
-og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig ungar stúlkur gera:
Þær sig hneigja, þær sig hneigja
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig ungir piltar gera:
Taka ofan, taka ofan
-og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig gamlar konur gera:
Prjóna sokka, prjóna sokka
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig gamlir karlar gera:
Taka í nefið, taka í nefið
-og svo snúa þeir sér í hring.
Aattssjúú!!!

Ragnar Jóhannesson

Magga litla og jólin hennar

Babbi segir, babbi segir:
"Bráðum koma dýrðleg jól".
Mamma segir, mamma segir:
"Magga fær þá nýjan kjól".
Hæ, hæ, ég hlakka til,
hann að fá og gjafirnar.
Bjart ljós og barnaspil,
borða sætar lummurnar.

Mamma segir, mamma segir:
"Magga litla ef verður góð,
henni gef ég, henni gef ég
haus á snoturt brúðufljóð."
Hæ, hæ, ég hlakka til,
hugnæm verður brúðan mín.
Hæ, hæ, ég hlakka til,
himnesk verða jólin mín.

Nú ég hátta, nú ég hátta
niður í, babbi, rúmið þitt,
ekkert þráttu, ekkert þráttu,
allt les "Faðirvorið" mitt.
Bíaðu, mamma, mér,
mild og góð er höndin þín.
Góða nótt gefi þér,
Guð, sem býr til jólin mín

Benedikt Gröndal

Í Betlehem

Í Betlehem er :/: Barn oss fætt:/:
Því fagni gjörvöll Adamsætt.
:/: Hallelúja :/:

Það barn oss fæddi :/: fátæk mæri :/:
Hann er þó dýrðar Drottinn skær.
:/: Hallelúja :/:

Hann var í jötu :/: lagður lágt:/:
en ríkir þó á himnum hátt.
:/: Hallelúja :/:

Hann vegsömuðu :/: vitringar :/:
hann tigna himins herskarar.
:/: Hallelúja :/:

Hann boðar frelsi' og :/: frið á jörð :/:
og blessun Drottins barnahjörð
:/: Hallelúja :/:

Vér undir tókum :/: englasöng :/:
og nú finst oss ei nóttin löng.
:/: Hallelúja :/:

Vér fögnum komu :/: Frelsarans :/:
vér erum systkin orðin hans.
:/: Hallelúja :/:

Valdimar Briem

Boðskapur Lúkasar

Forðum í bænum Betlehem
var borinn sá sem er,
sonur guðs, sem sorg og þraut
og syndir manna ber

„Hlustið englar himnum af
þeim herra greina frá
sem lagður var í
lágan stall, en lýsir jörðu á:.

Hirðum sem vöktu heiðum á
og hjarða gættu um nótt
englar gleði fluttu fregn
um frelsun allri drótt

Vitringum lýsti langan veg
sú leiðar stjarna hrein
sem ljóma heimi breyskum ber
og bætir hölda mein

Haukur Ágústsson

Heims um ból

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:,: meinvill í myrkrunum lá :,:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:,: konungur lífs vors og ljóss :,:

Heyra má hinnum í frá
englasöng: "Allelújá".
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:,: samastað syninum hjá :,:

Sveinbjörn Egilsson

Göngum við í kringum...

Göngum við í kringum einiberjarunn,
einiberjarunn, einiberjarunn.
Göngum við í kringum einiberjarunn,
snemma á mánudagsmorgni.
Svona gerum við er við þvoutum okkar
þvott,
þvoutum okkar þvott, þvoutum okkar þvott,
svona gerum við þegar við þvoutum okkar
þvott,
snemma á mánudagsmorgni.

Priðjud: Vindum okkar þvott
Miðvikud: Hengjum okkar þvott
Fimmtud: Teygjum okkar þvott
Föstud: Straujum okkar þvott
Laugard: Skúrum okkar gólf
Sunnud, snemma: Greiðum okkar hár
Sunnud, seint: Göngum kirkjugólf

Dansk þjóðlag - Húsgangspýðing

Aðventukertin

Við kveikjum einu kerti á,
hans koma nálgast fer,
sem fyrstu jól í jötu lá
og jesúbarnið er

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans,
því drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.

Við kveikjum þremur kertum á,
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólu kysi sér.

Við kveikjum fjórum kertum á.
Brátt kemur gesturinn,
og allar þjóðir þurfa að sjá,
að það er frelsarinn.

Lilja Kristjánsdóttir þýddi

Snæfinnur snjókarl

Snæfinnur snjókarl
var með snjáðan pípuhatt,
Gekk í gömlum skóm
og með grófum róm
gat hann talað, rétt og hratt.
"Snæfinnur snjókarl!
Bara sniðugt ævintýr,"
segja margir menn,
en við munum enn
hve hann mildur var og hýr.

En galdrar voru geymdir
í gömlu skónum hans:
Er fékk hann þá á fætur sér
fór hann óðara í dans.
Já, Snæfinnur snjókarl,
hann var snar að lifna við,
og í leik sér brá
æði léttur þá,
-uns hann leit í sólskinið.

Steve Nelson / Hinrik Bjarnason

Gefðu mér gott í skólinn

Gefðu mér gott í skólinn
góði jólasveinn í nótt.
Úti þú arkar snjóinn,
inni sef ég vært og rótt.

Góði þú mátt ei gleyma,
glugganum er sef ég hjá.
Dásamlegt er að dreyma
dótið sem ég fæ þér frá.

Góði sveinki, gættu að skó
gluggakistunni á,
og þú mátt ei arka hjá
án þess að setja neitt í þá.

Gefðu mér einhvað glingur
góði jólasveinn í nótt.
Meðan þú söngva syngur
sef ég bæði vært og rótt.

Ó, hve skelfing yrði ég kát
ef þú gæfir mér,
eina dúkku, ígulker,
eða bara hvað sem er.

Gefðu mér einhvað glingur
góði jólasveinn í nótt.
Meðan þú söngva syngur
sef ég bæði vært og rótt.

Í helli upp við háan tind

Í helli upp við háan tind
býr hýrlegur jólasveinn, jólasveinn.
Í helli upp við háan tind
býr hýrlegur jólasveinn.

Hann hoppar, skoppar,
hendist inn
og hollan borðar grautinn sinn.

Í helli upp við háan tind
býr hýrlegur jólasveinn.

Lag: Hér búálfur texti: Magnús Pétursson

Jólin mín

Jólin mín, jólin mín
jólin koma í dag.
Nú eru allir ánægðir
og syngja jólalag.

Bjöllurnar, bjöllurnar
bjöllur hringja í dag.
Jólasveinninn kemur hér
og syngur jólalag.

Krakkarnir, krakkarnir,
kát og glöð í dag.
Bíða öll hér brosandir
og syngja jólalag.

Lag : Jinge bells

Á jölunum er gleði og gaman

Á jölunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm
Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm
Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

Á jölunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm
Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm

Friðrik Guðni Þórleifsson

Skreytum hús

Skreytum hús með greinum grænum,
tra la la la la la la la la.
Gleði ríkja skal í bænum,
tra la la la la la la la la.
Tendrum senn á trénu bjarta,
tra la la la la la la la la.
Tendrum jól í hverju hjarta
tra la la la la la la la la.

Ungir, gamlir - allir syngja:
Tra la la la la la la la la.
Engar sorgir hugann þyngja,
tra la la la la la la la la.
Jólabjöllur blíðar kalla,
tra la la la la la la la la.
boða frið um veröld alla,
tra la la la la la la la la

Þjóðlag frá Wales. Þýð: Elsa Guðjónsdóttir

Er lægst er á lofti sólin

Er lægst er á lofti sólin,
þá loksins koma jólin.
Við fögnum í friði og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakkakórinn,
er kemur jólasnjórinn.
Og æskan fær aldrei nóg,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það er barnanna besta stund,
þegar byrjar að snjóa á grund.
Úti á flötinni fæðist hratt,
feikna snjókall með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólið,
því bráðum koma jólin.
Þau fagna í friði og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Á jólanótt

Á jólanótt, á jólanótt
fékk Jósep hvergi inni.
Í fjárhúsi loks fann hann skjól
sinn frumburð María þaról.
Á jólanótt, á jólanótt
fékk Jósep hvergi inni.

Á jólanótt, á jólanótt
Var Jesú reifum vafinn.
Í lambhúsjötu lagður var
en lofgjörð sungu fjárhirðar.
Á jólanótt, á jólanótt
var Jesú reifum vafinn.

Á jólanótt, á jólanótt
vér Jesú lofgjörð færum.
Vor freslari nú fæddur er
um frið á jörðu syngjum vér.
Á jólanótt, á jólanótt
vér Jesú lofgjörð færum.

Folaldið mitt

Folaldið mitt, hann Fákur,
fæddur var með hvítan hóf,
og er hann áfram sentist
öll varð gatan reykjarkóf.
Hestarnir allir hinir
hæddu Fák og settu hjá.
Í stað þess að stökkva í leikinn
stóð hann kyrr og horfði á.

Milli élja á jólakvöld
jólasveinninn kom:
"Fæ ég þig nú, fákurinn,
fyrir stóra sleðann minn?"
Þá urðu klárar kátir,
kölluðu í einni hjörð:
"Fákur með fótinn hvíta
frægur er um alla jörð."

Hinrik Bjarnason

Ég kemst í hátíðarskap

Ég kemst í hátíðarskap
þótt úti séu snjór og krap
hljóma hvar sem ég fer
svo sérstæð lög í eyrum mér.
Jólin koma á ný, ég skil ekki af því
ég komin er í hátíðarskap.

Í stofunni er allt svo skreytt
á réttum stað ei neitt
(og) ryksugan á gólfinu
en brátt skal húsið skreytt.
Hver staður á sinn eigin ilm
Og gleði hangikjöt
Allt heimilið sundrað
Mamma er á hundrað
Að taka fram dúka og föt

Ég kemst í ,.....

Við sjónvarpið er hnossið hægt
mín Marta situr hæg
þar sitja Vala og Soffía
tíminn líður hægt.
Og pabbi fer í draufín föt
en mamma í nýjan kjól,
allt heimilið ljómar
loks heyrast hljómar
sem bera með sér heilög jól.

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf
með gildan staf í hendi,
móðir þeirra sópar gólf
og flengir þá með vendi.
:,: Upp á stól stendur mín kannu,
níu nóttum fyrir jól
þá kem ég til manna :,:

Jólasveinar ganga um gólf
með gildan staf í hendi,
móðir þeirra hrín við hátt
og hýðir þá með vendi.....

Lag: Friðrik Bjarnason. Höf. Ókunnur

Jólasveinninn kemur í kvöld

Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett
ekki nein köll því áðan barst frétt.
Jólasveinninn kemur í kvöld.

Viðlag:
Hann sér þig er þú sefur,
hann sér þig vöku í
og góðum börnum gefur hann
svo gjafir, veistu' af því?

Hann arkar um sveit og arkar um borg
og kynjamargt veit um kæti og sorg.
Jólasveinninn kemur í kvöld.

Hann sér þig er þú sefur,
hann sér þig vöku í.
og góðum börnum gefur hann
svo gjafir, veistu' af því.
Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,
ekki nein köll því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Hinrik Bjarnason

Klukkurnar

Klukkurnar dinga-linga-ling,
klingja um jól.
Börnin safnast saman,
sungin jólavísa,
komið er að kveldi,
kertin jóla lýsa.
Klukkurnar dinga-linga-ling
klinga um jól.

Klukkurnar dinga-linga-ling
klingja um jól.
Loftið fyllist friði,
fagra heyrum óma,
inn um opinn gluggann
allar klukkur hljóma.
Klukkurnar dinga-linga-ling
klinga um jól.

Ólafur Gaukur

Jólasveinninn minn

∴: Jólasveinninn minn ∴:
ætla að koma í dag
Með poka af gjöfum og segja sögur
og syngja jólalag.
Það verður gaman þegar hann kemur
þá svo hátíðlegt er.
Jólasveinninn minn,
kátí karlinn minn
kemur með jólin með sér.

∴: Jólasveinninn minn ∴:
ætla að koma í kvöld.
Ofan af fjöllum
með ærslum og köllum
hann arkar um holtin köld.
Hann er svo góður
og blíður við börnin
bæði fátæk og rík.
Enginn lendir í jólakettinum
allir fá nýja flík.

∴: Jólasveinninn minn ∴:
arkar um holtin köld
af því að litla jólabarnið
á afmæli í kvöld.
Ró í hjarta
frið og fögnuð
flestir öðlast þá.
Jólasveinninn minn
komdu karlinn minn
kætast þá börnin smá.

Hjúpar hvíta mjöll

Hjúpar hvíta mjöll,
hæðir, dali og fjöll.
Sofa um signuð jól
svartálfar og tröll.
Í kvöldsins kuldablæ
kafa djúpan snæ.
Jólasveinar, jólasveinar
heim að bóndabæ.

Klukknahtjóð, klukknahtjóð
enn um óttubil
bóna og fljóð,
börnin góð boða kirkju til.
Klukknahtjóð, klukknahtjóð,
duna fannkrýnd fjöll.
Kátt er nú í byggð og borg,
bjart í koti' og höll.

Björt á grænni greinn
glitra ljósín ein,
bráðum börnin sjá
birtast jólasvein.
Hylur hvíta mjöll
hæðir dali' og fjöll.
Kátt er nú í byggð og borg
bjart í koti' og höll.

Negrastrákar

Negrastrákar fóru á rall,
þá voru þeir tíu,
einn drakk flösku af ólyfjan
en eftir urðu níu.

Níu litlir negrastrákar
fóru seint að hátta
einn þeirra svaf yfir sig
og þá voru eftir átta

Átta litlir negrastrákar
vöknudu klukkan tvö.
Einn þeirra dó úr geyspum
en þá voru eftir sjö.

Sjö litlir negrastrákar
sátu og átu kex
einn þeirra át yfir sig
en þá voru eftir sex.

Sex litlir negrastrákar
sungu dimmalimm
einn þeirra sprakk á limminu
en þá voru eftir fimm.

Fimm litlir negrastrákar
héldu að þeir væru stórir
einn þeirra fékk á hann
en þá voru eftir fjórir.

Fjórir litlir negrastrákar
fóru að reka kýr
ein kýrin stangaði einn þeirra
en þá voru eftir þrír.

Þrír litlir negrastrákar
þorðu nú ekki meir
einn þeirra dó úr hræðslu
en þá voru eftir tveir.

Tveir litlir negrastrákar
þögðu nú eins og steinn
annar hann varð vitlaus
en þá var eftir einn.

Einn lítill negrastrákur
sá hvar gekk ein dama
Hann gaf sig á tal við hana
og bað hennar með það sama

Negrastelpan sagði já
og svo fóru þau í bíó
ekki leið á löngu
uns þau urðu aftur tíu.

Ragnar Jóhannesson

Jólin jólin

Jólin, jólin, jólin koma brátt,
jólaskapið kemur smátt og smátt.
Snjórinn fellur flygsum í
nú fagna litlu börnin því.

Jólin, jólin, jólin koma brátt,
jólabörnin þvo sér hátt og lágt.
Klæðast fínu fötin í
og flétta hár og greiða.

Hæ hó og jólabjöllurnar
þær óma alls staðar
svo undur hljómfagarar.

Hæ hó og jólagjafirnar
þær eru undarlega lokkandi
svo óskaplega spennandi.

Hæ hó og jólasveinarnir
svo feikna fjörugir
og flestir gjafmildir.

Hæ hó og jólakökurnar
þær eru blátt áfram það besta sem ég
fæ.

Ólafur Gaukur

Ó Grýla

Í gömlum helli býr,
hún unir sér í sveitinni
við sínar ær og kýr.
Hún þekkir ekki glaum og glys
né götulífsins spé
og næstum eins og nunna er,
þótt níuhundruð ára sé.
Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla
í gamla hellinum.

Hún sinnir engu öðru
nema elda nótt og dag,
og hirðir þar um hyski sitt
með hreinum myndarbrag.
Af alls kyns mat og öðru slíku
eldar hún þar fjöll,
óní 13 jólasveina og 80 tröll.
Ó Grýla, ó Grýla, Ó Grýla
í gamla hellinum.

Já, matseldin hjá Grýlu greyi
er geysimikið streð.
Hún hrærir deig, og stórri sleggju
slær hún buffið með.
Með járnkarli hún bryður bein
og brýtur þau í mél
og hrærir skyr í stórri og sterkri
steypuhrærivél.
Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla
í gamla hellinum.

Hún Grýla er mikill mathákur
og myndi undra þig.
Með matarskóflu moka alltaf
matnum upp í sig.
Og ef hún greiðir á sér hárið,
er það mesta basl,
því það er reitt og rifið
eins og ryðgað víradrasl.
Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla
í gamla hellinum.

Og hjá þeim Grýlu og Leppalúða
ei linnir kífinu,
þótt hann Grýlu elski alveg
út af lífinu.
Hann eltir hana eins og flón,
þótt ekki sé hún fríð.
Í sæluvímu sama lagið
syngur alla tíð:
Ó Grýla, ó Grýla, ó Grýla,
ég elska bara þig.

Ómar Ragnarsson

Söngur jólasveinanna

Úti er alltaf að snjóa.
Því komið er að
jólunum og kólna fer í pólunum.
En sussum og sussum
og róa, ekki gráta elskan
mín þó þig vanti vítamín.
Ávexti eigum við noga,
handa litlu krökkunum
sem kúra sig í bökkunum
Þú færð í magann þinn
mjóa, melónur og vínber fín.

Þótt kinnin þín litla
sé kannski soldið köld
og blá, áttu samt vini sem aldrei
bregðast,
af ávöxtunum skuluð þér nú
þekkja þá.
Sussum og sussum og róa
ekki gráta elskan mín þó
það vanti vítamín.

Þú færð í magann þinn
mjóa, melónur og vínber fín.

Jónas Árnason

Við óskum þér góðra jóla

Við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
og gleðilegs árs.

Góð tíðindi færum við
til allra hér:
Við óskum þér, góðra jóla
og gleðilegs árs.

Við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
og gleðilegs árs.

En fáum við grjónagrautinn,
en fáum við grjónagrautinn,
en fáum við grjónagrautinn.
Já, grautinn hér út?

Góð tíðindi færum við
til allra hér:
Við óskum þér, góðra jóla
og gleðilegs árs.

Því okkur finnst góður grautur,
því okkur finnst góður grautur,
því okkur finnst góður grautur,
Já, grautur út hér.

Góð tíðindi færum við
til allra hér:
Við óskum þér, góðra jóla
og gleðilegs árs.

Og héðan þá fyrst við förum,
og héðan þá fyrst við förum,
og héðan þá fyrst við förum,
er fáum við graut.

Góð tíðindi færum við
til allra hér:
Við óskum þér, góðra jóla
og gleðilegs árs.

Hinrik Bjarnason

Jólahjól

Undir jóla hjóla tré
er pakki.
Undir jóla hjóla tré
er voðalega stór pakki
í silfurpappír
og mamma og pabbi glotta í laumi í
kampinn

Skild'a vera jólahjól.
Skild'etta vera jólahjól.
Skild'a vera jólahjól.
Skild'etta vera jólahjól.

Úti í jólahjólábæ slær klukka
úti í jólahjólábæ hringir jólahjólaklukkan
jólin inn
Ég mæni útum grá glugga
og jólasveinninn glottir bakvið ský
út í bæði

Skild'a vera jólahjól.
Skild'etta vera jólahjól.
Skild'a vera jólahjól.
Skild'etta vera jólahjól.

Mamma og pabbi
þegja og vilja ekkert segja

Skild'a vera jólahjól.
Vona að þetta sé nú jólahjól.
Að þetta sé nú jólahjól
óóóójeeeee

Undir jóla hjóla tré er pakki.
Undir jóla hjóla tré
er voðalega stór pakki
í silfurpappír
og mamma og pabbi glotta í laumi í
kampinn
út í bæði.

Nú er Gunna á nýju skónum

Nú er Gunna á nýju skónum,
nú eru að koma jól.
Siggi er á síðum buxum,
Solla á bláum kjól.

Mamma er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat.
Indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat.

Pabbi enn í ógnarbasli
á með flibbann sinn.
"Fljótur, Siggi, finndu snöggvast
flibbahnappinn minn".

Kisu er eitthvað órótt líka,
út fer brokkandi.
Ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi.

Á borðinu ótal böggjar standa,
bannað að gægjast í.
Kæru vinir ósköp erfitt
er að hlýða því.

Jólatréð í stofu stendur,
stjörnuna glampar á.
Kertin standa á grænum greinum,
gul og rauð og blá.

Ragnar Jóhannesson

Jólin koma

Er nálgast jólin lifnar yfir öllum
það er svo margt sem þarf að gera þá
og jólasveinar fara uppá fjöllum
að ferðbúast og koma sér á stjá.

Jólin koma, jólin koma
og þeir kafa snjó á fullri fart.
Jólin koma, jólin koma
allir búast í sitt besta skart.

Hún mamma' er heima' að skúra banka'
og bóna
og bakar sand af fínu tertunum
og niðri' í bæ er glás af fólki' að góna
á gjafirnar í búðagluggunum.

Jólin koma, jólin koma
allir krakkar fá þá fallegt dót.
Jólin koma, jólin koma
þá er kátt og alls kyns mannamót.

Hann er svo blankur auminginn hann
pabbi
að ekki gat hann gefið mömmu kjól
svo andvarpar hann úti' á búðalabbi
það er svo dýrt að halda þessi jól.

Jólin koma, jólin koma
allt í flækju' og menn í feikna ös.
Jólin koma, jólin koma
fólk og bílar allt í einni kös.

Ómar Ragnarsson

Litla jólabarn

Jólaklukkur klingja, kalda vetrarnótt.
Börnin sálma syngja,
sætt og ofurhljótt.
Englaraddir óma yfir freðna jörð.
Jólaljósin ljóma lýsa upp myrkan svörð.

Litla jólabarn, litla jólabarn
ljómi þinn stafar geislum
um ís og hjarn.
Indæl ásýnd þín
yfir heimi skín,
litla saklausa jólabarn.

Ljúft við vöggú lága lofum við þig nú.
Undrið ofursmáa eflir von og trú.
Veikt og vesælt alið
varnarlaust og smátt,
en fjöregg er þér falið framtíð heims
þú átt.

Litla jólabarn.....

Er þú hlærð og hjalar, hrærist sála mín.
Helga tungu tala tærblá augu þín.
Litla brosið bjarta boðskap flytur enn.
Sigrar myrkrið svarta sættir alla menn.

Litla jólabarn.....

Ómar Ragnarsson

Yfir fannvíta jörð

Yfir fannhvíta jörð leggur frið
þegar fellur mjúk logndrifa á grund.
Eins og heimurinn hiki aðeins við
haldi niðri í sér anda um stund.
Eftirvæntingu í augum má sjá
allt er eitthvað svo spennandi í dag,
jafnvel kisa hún tipplar á tá,
þorir tæplega að mala sitt lag

Svo berst ómur
og samhljómur
til eyrna af indælum söng
tvíræð bros mætast
og börnin kætast
en biðin er börnunum löng.

Loksins kveikt er á kertum í bæ
þá er kátt um öll manna ból
og frá afskektum bæ út við sæ
ómar kveðjan um gleðileg jól.
Gleðileg jól.

Ólafur Gaukur

Rúdolf með rauða trýnið

Síglaðir jólasveinar
sleðum aka niður í byggð,
og hreindýrin draga hreykin
hlössin þung af mestu dyggð.
En raunmæddur hreinninn Rúdolf
rauða trýnið strýkur æ,
útundan alltaf hafður:
"Aldrei með ég vera fæ."

Þá rennur framhjá rammvilltur,
ragur jólasveinn:
"Þokan er svo þétt í nótt,
en þitt er trýnið skært og rjótt,
lýstu mér leið til bæja."
Litli Rúdolf kættist þá,
en hreindýrin aldrei aftur
aumingjanum níddust á!

Af trénu Rúdolf ungur át
eintóm kerti rauð,
síðan æ ef brosir blítt
blikar ljós um trýni frítt.
Nú hreinarnir aldrei aftur
allir níðast Rúldolfi á,
en óska sér upp til hópa
einnig trýni rauð að fá.

Hin fegursta rósin er fundin

Hin fegursta rósin er fundin
og fagnaðar sæl komin stundin.
Er frelsarinn fæddist á jörðu,
hún fannst meðal þyrnanna hörðu.

Þú, rós mín, ert ró mínu geði,
þú, rós mín, ert skart mitt og gleði.
Þú harmanna beiskju mér bætir.
Þú banvænar girndir upprætir.

Það heyrast jólabjöllur

Það heyrast jólabjöllur
og o' n úr fjöllumum fer
flokkur af jólaköllum til að
gantast við krakkana hér.
Beint niður fjallahlíðar
þeir fara á skíðum með söng
og flestir krakkar bíða
með óþreyju síðkvöldin löng.

Svo dynja hlátrasköllin
svo hristast fjöllin af því
hópur af jólaköllum
eru að tygja sig ferðina í.
Það bíða spenntir krakkar
sem kátir hlakka svo til
því kannski berast pakkar
og gjafir um miðnæturbil.

Komdu fljótt, komdu fljótt,
kæri jólasveinn.
Það kveða við hróp
og börnin litlu bíða
í stórum hóp.
Komdu fljótt, komdu fljót,
kæri jólasveinn
er kallað á ný
dammm.....

Miklar annir eru á heimilinu allt á ferð
því nú elda skal nú krásirnar af bestu
gerð.

Bæði hangikjöt, steik og rjúpur
svo er rauðkál afbragðs gott
þykkur rúsínugrautur settur er í bott.

Og á jólatrénu loga skæru ljósin smá
þar í löngum röðum bæði fagurgræn og
blá

nú er stundin er renna upp
og koma aðfangadagskvöld
damm.....

Það heyrast jólabjöllur
og o' n úr fjöllumum fer.....

Ólafur Gaukur

Gleði og friðar jól

Út með illsku og hatur,
inn með gleði' og frið,
taktu á móti jólnum
með Drottinn þér við hlið.
Víða er hart í heimi,
horfin friðar sól.
Það geta ekki allir haldið
gleði og friðarjól.

Mundu að þakka Guði
gjafir, frelsi og frið.
Prautir, raunir náungans
víst koma okkur við.
Bráðum klukkur klingja,
kalla heims um ból,
vonandi þær hringja flestum
gleði og friðarjól.

Biðjum fyrir öllum þeim
sem eiga bágt og þjást.
Víða mætti vera meira
um kærleika og ást.

Bráðum koma jólin,
bíða gjafirnar.
Út um allar byggðir
verða boðnar kræsingar,
en gleymum ekki Guði,
hann son sinn okkur fól.
Gleymum ekki' að þakka
fyrir gleði' og friðarjól.

Magnús Eiríksson

Ég set góðgæti í skóinn

Ég set góðgæti' í skóinn
hjá góðum og stilltum krökkum.
Ég set góðgæti' í skóinn
hjá krökkum sem eru prúð.
En ég ekki lít við hjá mjög óþægum
börnum
þeim alveg sneiði ég hjá
læt ekki neitt góðgæti' í skóinn hjá
króum sem bíta og slá

Þegar góðu krakkarnir svo hljóð og hlýðin
fara að hátta
og þau halla sér á koddann og steinsofna
strax klukkan átta.
Er um heillandi undralönd drauma þau
svífa
og hvíla' í friði og ró,
þá ég hljóðlega læðist inn
og lauma gotti' í þeirra skó.

Ég stundum bæti ýmsu við litlum bílum
og dúkkum og fleiru
og þess börn eru ánægð og sum kannski
búist við fleiru.
En það er nú stundum svona að þú getur
ei fengið
allt það sem þú um baðst
og ég aðeins get gefið þeim sem geta
yfir litlu glaðst

Ég set góðgæti í skóinn.....

Lag: Put your hands

Nú gjalla klukkur

Nú gjalla klukkur glöðum hreim,
er Guðs son fæddist þessum heim
og færði mönnum fegurst jól,
með friðarbjartri kærleiks sól.

Jólaklukkur

Klukknaheim, klukknaheim
hljóma' um fjöll og fell,
klukknaheim, klukknaheim
ber á bláskinssvell.
Stjarnan mín, stjarnan þín
stafar geislum hjarn.
Gaman er að geta' um jól glaðst sem lítið
barn.

Pótt ei sjái sól sveipar jarðarból
hug og hjarta manns heilög birta' um jól.
Mjöllin heið og hrein hylur laut og stein.
Á labbi má þá löngum sjá lítinn jólasvein.

Klukknaheim, klukknaheim
hljóma' um fjöll og fell....

Komið, komið með kringum jólatréð.
Aldrei hef ég eins augnaljóma séð.
Björn fær hlaupahjól, Halla nýjan kjól.
Sigga brúðu sína við syngur „Heims um
ból".....

Jól yfir borg og bæ

Það syrtir í dölum, það dimmir í skóg,
þar djúpir hver grein undir mjallhvítum
snjó.
Þó skamdegi ríki og skyggi um geim
hin skærasta stjarna nú lýsir um geim.
Hæ hæ - hæ hæ,
koma jól yfir borg og bæ.

Og geislarnir skína um skóga og dal,
í skuggaleg hreysi, í ljómandi sal,
því mennirnir fagna nú friði um heim,
hinn fegursti söngur nú ljómar um geim.
Hæ hæ - hæ hæ,
koma jól yfir borg og bæ.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Prettán dagar til jóla

Á jóladaginn fyrsta
hann Jónas færði mér
einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn annan
hann Jónas færði mér
tvær dúfur til
og einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn þriðja
hann Jónas færði mér
þrjú spök hænsn,
tvær dúfur til
og einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn fjórða
hann Jónas færði mér
fjögur nautin feit,
þrjú spök hænsn... o.s.frv.

Á jóladaginn fimmta
hann Jónas færði mér
fimmfaldan hring,
fjögur nautin feit... o.s.frv.

Á jóladaginn sjötta o.s.frv.....

Á jóladaginn þrettánda
hann Jónas færði mér
prettán hesta þæga,
tólf lindir tærar,
ellefu hallir álfa,
tíu hús á torgi,
nínu skip í naustum,
átta kýr með klöfum,
sjö hvíta svani,
sex þýða þresti,
fimmfaldan hring,
fjögur nautin feit,
þrjú spök hænsn,
tvær dúfur til
og einn talandi páfugl á grein

Hinrik Bjarnason

Jólasveinarnir

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim,
sem brugðu sér hér forðum
á bæina heim.

Þeir uppi í fjöllum sáust,
eins og margur veit,
í langri halarófu
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllamjólk,
en þabbinn Leppalúði,
það var leiðindafólk.

Þeir jólasveinar nefndust,
um jólin birtust þeir.
Og einn og einn þeir komu,
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán
þessir heiðursmenn,
sem ekki vildu ónáða
allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust
og drógu lokuna úr.
Og einna helst þeir leituðu
í eldhús og búr.

Læsvísir á svipinn
þeir leyndust hér og þar,
til óknyttanna vísir,
ef enginn nærri var.

Og eins þó einhver sæi,
var ekki hikað við
að hrekkja fólk - og trufla
þess heimilisfrið.

Stekkjastaur kom fyrstur
stinnur eins og tré.
Hann laumaðist í fjárhúsin
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar
þá varð þeim ekki um sel,
því greyið var með staurfætur,
það gekk nú ekki vel.

Giljagaur var annar
með gráa hausinn sinn.
Hann skreið ofan úr gili
og skaust í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum
og froðunni stal
meðan fjósakonan átti
við fjósamanninn tal.

Stúfur hét sá þriðji,
stubburinn sá.
Hann krækta sér í pönnu,
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu
og hirti agnirnar,
sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.

Sá fjórði, Þvörusleikir,
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann glaður
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding
og þvöruna greip,
og hélt með báðum höndum,
því hún var stundum sleip.

Sá fimmti, Pottaskefill,
var skrítið kuldastrá.
Þegar börnin fengu skófir
hann barði dyrnar á.

Þau ruku' upp, til að gá að
hvort gestur væri á ferð.
Þá flýtti' ann sér að pottinum
og fékk sér góðan verð.

Sá sjötti, Askasleikir,
var alveg dæmalaus.
Hann fram undan rúminu
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana
fyrir kött og hund,
hann slunginn var að ná þeim
og sleikja á ýmsa lund.

Sjöundi var Hurðaskellir,
sá var nokkuð klúr,
ef fólkið vildi í rökkrinu
fá sér vænan dúr.

Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þó harkalega marraði
hjörunum í.

Skyrjarmur, sá áttundi,
var skelfilegt naut.
Hann hlemminn o' n af sánum
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig
og yfir matnum gein,
uns stóð hann á blístri
og stundi og hrein.

Níundi var Bjúgnakrækir,
brögðóttur og snar.
Hann hentist upp í rjáfrin
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann
í sóti og reyk
og át þar hangið bjúga,
sem engan sveik.

Tíundi var Gluggagægir,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.

Ellefti var Gáttapefur,
aldrei fékk sá kvef,
og hafði þó svo hlálegt
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði
upp á heiðar fann,
og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag.
Hann þrammaði í sveitina
á þorláksmessudag.

Hann krækta sér í tutlu,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur,
stauturinn hans þá.

Þrettándi var Kertasníkir,
þá var tíðin köld,
Ef ekki kom hann síðastur
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,
sem brostu, glöð og fín,
og trítluðu um bæinn
með tólgarkertin sín.

Á sjálfa jólanóttina,
sagan hermir frá,
á strák sínum þeir sátu
og stöðu ljósin á.

Svo tíndust þeir í burtu,
það tók þá frost og snjór.
Á Þrettándanum síðasti
jólasveinninn fór.

Fyri löngu í fjöllumum
er fennt í þeirra slóð.
En minningarnar breytast
í myndir og ljóð.

Jóhannes úr Kötlum

Þar er gott að vera....

Þar er gott að vera sem gleðin býr
þar sem gerast sögur og ævintýr.
Þetta er veröldin okkar
sem laðar og lokkar
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur, hýr!
Lítill heimur ljúfur, hýr!
Lítill heimur ljúfur, hýr!
eins og ævintýr.

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman
þar leika allir saman.
Þeir leika úti og inni
og allir eru með.

Hnoða leir og lita
þú ættir bara að vita.
Hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

Amma

Amma, hún er mamma hennar mömmu,
og mamma er það besta sem ég á.
Gaman væri að gleðja hana ömmu
og gleðibros á vörum hennar sjá.

Í rökkrinu segir hún mér oft sögur,
og svæfir mig þá allt er orðið hljótt.
Syngur við mig sálma og kvæði fögur,
þá sofna ég svo vært og undur rótt

Filli

Filli í fýlu, Filli í fýlu,
púki er , púki er.
Hann er að reyna, hann er að reyna
að troða sér, í börnin hér.

Filli hann brosir, Filli hann brosir
glaður er , glaður er.
Hann er að reyna, hann er að reyna
að koma sér, í börnin hér.

Vinalagið

:; Ég sendi þér fingurkoss :;
Því við erum allra bestu
bestu, bestu, vinir ,vinir
allra bestu bestu bestu vinir.

:; Ég vinka og veifa þér :;
Því við erum allra bestu
bestu, bestu, vinir, vinir,
allra bestu bestu bestu vinir.

Ég brosi breitt til þín
því þú ert gleði mín.
Því við erum allra bestu
bestu bestu, vinir, vinir
allra bestu bestu bestu vinir.

Við leiðumst hönd í hönd
bundin í kærleiksbönd.
Því við erum allra bestu
bestu bestu vinir, vinir
allra bestu bestu bestu vinir.

Við erum vinir

Við erum vinir,
við erum vinir
ég og þú, ég og þú.
Leikum okkur saman,
leikum okkur saman,
ég og þú, ég og þú

lag. Meistari Jakob

Við erum góð

Við erum góð
góð við hvert annað,
stríðum ekki eða meiðum neinn.
:,: Þegar við grátum
huggar okkur einhver einhver,
þerrar tár og klappar okkar kinn :,:

Lag: Veistu að ég á lítinn dreng

Kæri vinur

Kæri vinur, kæri vinur,
kætumst saman hér.
Vertu hérna hjá mér
ekki fara frá mér.
Kæri vinur, kæri vinur,
kætumst saman hér.

Lag: Gamli Nói

Brosлагið

Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A.
Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A.
Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A.
Að B-R-O-S-A.

Litli vinur

Litli vinur, litli vinur, hvað kætir þig nú?
Litli vinur, litli vinur, hvað kætir þig nú?
Ég á lítið leyndarmál grafið í jörð
langt inn í skóginum græna.

Litli vinur, litli vinur, seg mér leyndarmál
þitt.

Litli vinur, litli vinur, seg mér leyndarmál
þitt.

Ég á röndóttan trefilinn grafinn í jörð
langt inn í skóginum græna.

Það er gaman að vera saman

Það er gaman að vera saman,
vera saman, vera saman.

Það er gaman að vera saman
þá líður okkur vel.

Vinur þinn er vinur minn
og vinur minn er vinur þinn.

Það er gaman að vera saman
þá líður okkur vel.

Það er gaman að lita saman,
lita saman, lita saman.

Það er gaman að lita saman,
þá líður okkur vel.

Lita gulan, lita rauðan,
lita grænan, lita bláan.

Það er gaman að lita saman
þá líður okkur vel.

Það er gaman að syngja saman,
syngja saman, syngja saman.

Heyra þinn tón, heyra minn tón,
heyra minn tón, heyra þinn tón.

Það er gaman að syngja saman
þá líður okkur vel.

Vinir gegnum þykkt og þunnt

Við eigum hvor annan að
eins og skefti og blað
í lífsins skúraveðri;
hanski og hönd
hafið og strönd.

Við eigum samleið ég og þú
eins og vinda og vindubrú

Andlit og nef
nefið of kvef
við hnerrum hjartanlega.
Allt gengur vel
ef þú átt vinarþel.

Stundum fellur regnið strítt.
Stundum andar golan blítt.
Öðrum stundum allt er hvítt!
En svo verður aftur hlýtt!
Sumir kvarta sí og æ!
Svleiðis ég skellihlæ.

Allt gengur miklu betur í vetur
ef þú getur
kæst með mér kömpunum í!

Það verður bjart yfir borg
og bros um öll torg.

Við syngjum sólar söngva.
Snúðu á hæl!
Með þessu mælum við!

Ekkert jafnast á við það
að eiga góðan vin í stað.

Að standa tveir í hverri raun
eru vináttulaun!

Ekkert jafnast á við það
að eiga góðan vin í stað!
Að standa tveir í hverri raun
eru vináttulaun!

(Úr kvikmyndinni *Tommi og Jenni mála bæinn rauðan*.
Skífan 1993).

Ég hlakka svo til

Ég hlakka svo til þegar hættir að snjóa.
Ég hlakka svo til þegar veturinn dvín.
Ég hlakka svo til þegar hér fer að gróa.
Ég hlakka svo til þegar vorsólin skin.

Ég hlakka svo til þess að hlusta á hann
spóa.
Ég hlakka svo til að kyssa þig, sóleyjan
mín.
Ég hlakka svo til þess að hleyp' onum
Glóa.
Ég hlakka svo til þess að koma til þín.

Hjálpsemi

Það er gott að hjálpa hvert öðru her,
þá er hjálpin svo nálægt mér og þér.
Þetta er dyggðin okkar
sem laðar og lokkar
og lýsir mér.

Hjálpum þeim sem eru hér,
hjálpum þeim sem eru hér,
hjálpum þeim sem eru hér
nú í desember.

Guðmundur Helgi Jenson
Lag: Lítil heimur

Rauðhetta litla

:; Rauðhetta litla :;
Rauðhetta litla, labbar nú af stað.
Hún fer í gegnum grænan skóg
og gott í poka hefur nóg.
Rauðhetta litla labbar nú af stað.

:; Úlfurinn hleypur :;
Úlfurinn hleypur inn í grænan skóg,
en Rauðhetta litla þar inni er
alveg hreint hún gleymir sér.
Úlfurinn hleypur inn í grænan skóg.

:; Amma mín góða :;
Amma mín góða, inn í grænum skóg,
ég kem, ég kem, ég kem til þín
með kökur og blómin fín.
Amma mín góða inn í grænum skóg.

:; Þá fer nú illa :;
Þá fer nú illa inn í grænum skóg.
Ömmu gleypir úlfurinn
upp í rúmið skreið þrjóturinn.
Þá fór nú illa, inn í grænum skóg.

:; Rauðhetta kemur :;
Rauðhetta kemur í kot í grænum skóg.
Ætlar að hitta ömmuna
en úlfurinn líka gleypiti hana.
Rauðhetta kemur í kot í grænum skóg.

:; Úlfurinn sefur :;
úlfurinn sefur inn í grænum skóg.
En veiðimaður var þar hjá
með voða mikinn hníf að sjá.
Úlfurinn sefur inn í grænum skóg.

:; Öllu var bjargað :;
Öllu var bjargað inn í grænum skóg.
Hann bjó til gat á bumbuna
þar ultu út amma og Rauðhetta.
Öllu var bjargað, inn í grænum skóg.

:; Ósköp var gaman :;
Ósköp var gaman, inn í grænum skóg.
Nú opnuðu þær körfuna
amma góða og Rauðhetta.
Ósköp var gaman inn í grænum skóg.

Það eru ekki allir eins

Einn er gulur, annar dökkur,
þriðji fólur, fjórði blár.
En hverju skiptir það ?
Skyldu þeir breytast við að fara í bað ?

Einn er feitur, annar magur,
þriðji lítill, fjórði stór.
En hverju skiptir það ?
Skyldu þeir breytast við að fara í bað ?

Það eru ekki allir eins, sem betur fer.
Láttu ekki aðra fara í taugarnar á þér.
Reyndu að vera góður
við systur þína og bróður.
Mundu að ekki eru allir eins - og þú.

Einn er haltur, annar blindur,
þriðji stamar, fjórði ert þú.
En hverju skiptir það ?
Skyldu þeir breytast við að fara í bað ?

Einn er sætur, annar ljótur,
þriðji mállaus, fjórði er ég.
En hverju skiptir það ?
Skyldu þeir breytast við að fara í bað ?

Það eru ekki allir.....

Lag og texti : Hörður Torfason

Vinátta

Pegar eitthvað bjátar á
allt það segja vini má,
ýta sorgum öllum frá
og aftur gleði sinni ná.

Allir þurfa' að eiga vin,
allir þurfa að eiga vin
Leggjum núna hönd í hönd
og hnýtum okkar vinabönd.

Vináttan hún færir frið.
Friður bætir mannkynið.
Öðrum sýnum ást og trú
og eflum vináttuna nú.

Allir þurfa' að eiga vin
allir þurfa að eiga vin.
Leggjum núna hönd í hönd
og hnýtum okkar vinabönd

Margrét Ólafsdóttir

Þýtur í laufi

Þýtur í laufi, bálið brennur.
Blærinn hvíslar: "Sofðu rótt."
Hljóður í hafið röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þó ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur, gaman.
Gleðin, hún býr í fjallasal.

Lag: Aldís Ragnarsdóttir
Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Við hann afa vertu góð

Við hann af vertu góð,
virtu þína ömmu.
Kysstu' hann pabba, kindin rjóð,
klappaðu' henni mömmu.

Ferðalagið

Á fljúgandi ferð um bæinn minn,
á fljúgandi ferð um bæinn minn.
Læri að meta dygðir sem geta,
dálítið strik sett í lífsleikinn.

Tólf sæta vagninn er líkaminn,
tólf sæta vagninn er líkaminn.
Fullur af dygðum, já, allskonar dygðum,
kraftinn frá þeim ég stöðugt finn.

Ég er strætóbílstjórinn,
jibbirí júlíó.

Áreiðanleiki, þolinmæði,
samkennd og ábyrgð, hugrekki.
Hjálpsemi og glaðværð, sjö saman sitja.
Vá! Hvað er gaman á aftasta bekk.

Ég er strætóbílstjórinn,
jibbirí júlíó.

Kurteisi, virðing, vingjarnleiki,
sköpunargleði og hófsemi.
Ferðin að hefjast og allar þær krefjast
að við syngjum öll þetta ferðalag.

Ég er strætóbílstjórinn,
jibbirí júlíó.

Úr lífsleikni námsefni leikskóla á
Akureyri

Ég er gula blómið fína

Ég er gula blómið fína,
blómið fína,
gulu blöðin vil ég sýna,
vil ég sýna.
Kátir krakkar klöppum saman,
klöppum saman,
ofsalega er nú gaman,
er nú gaman.

(einnig sungið um bláa, rauða og græna blómið)

Horfa á báðar hendur

Horfa á báðar hendur!
Fylgja réttu reglunum,
reglunum í skólanum
"Ungir vegfarendur".

Allir í þeim skóla
leika sér á leikvöllum
á lóð, en ekki á götunum,
hlaupa þar og hjóla.

Ungir vegfarendur
yfir götu á gangbrautum
ganga helst með fullorðnum,
horfa á báðar hendur.

Lag: Ríðum heim til Hóla

Rauði karlinn

Rauði karlinn, rauði karlinn
kallar til þín hér.
Hann biður þig að bíða
best er því að hlýða.
Stans hann segir,
stans hann segir.
Stans og gættu að þér.

Græna karlinn, græna karlinn
krakkar þekkja flest.
Göngumerki gefur
gát á öllu hefur.
Yfir götu
öll við göngum
glöð í einni lest.

Lag: Allir krakkar

Brunum áfram

Brunum áfram grænu ljósin lýsa
leiðin verður öllum bílum greið.
Götuljósinn bílum veginn lýsa.
Vagnar þjóta áfram sína leið.
∴ Ljósinn grænu, lítið krakkar á,
líkt þau segi: Bílar áfram þá ∴

Lag: Ríðum, ríðum

Gát á gatnamótum

Gát á gatnamótum.
Bráðum geng ég vissum fótum
merkta braut sem beinast,
þegar bíll er ekki í nánd.
Hafa augun hjá sér,
ekki horfa á tærnar á sér.
Bíða lags - og loksins,
er laus við Götu-Pránd.

Hér sjá menn Línu langsokk
með glóruband sem glitrar á.
Það spyrst ekki um Línu langsokk
að hún labbi yfir götu á ská.

Gát á dimmum vegi,
ef gangstétt finnst þar eigi,
geng ég vinstra megin
og alltaf nærri brún.
Bílstjórarnir sjá mig,
því að bót er saumuð á mig,
bót, sem varpar ljósi
og glóra kallast hún.

Hér sjá þeir Línu langsokk
með glóruband, sem glitrar á,
Birtan frá Línu langsokk,
er glóran sem þeir sjá.

Umferðarvísa

Viljum yfir veginn fara.
Hæ fadderí, fadderallala.
Athugaðu áður bara.
Hæ fadderí, fadderallala.
Að ekki komi bílar brátt
brennandi úr hægri og vinstri átt.
Hæ fadderí, hæ faddera
Hæ fadderí, fadderallala.

Við leikum okkur ekki á strætum.
Hæ fadderí, fadderallala.
Því undir bíl við orðið gætum.
Hæ fadderí, fadderallala.
Já, umferð verður ósköp fín
ef allir læra að gæta sín.
Hæ fadderí, hæ faddera
Hæ fadderí, fadderallala.

Rautt, rautt, rautt

Rautt, rautt, rautt,
stönsum strax við rautt.
Ekki má nú aka lengur
yfir götu fólkið gengur.
Rautt, rautt, rautt, rautt,
stönsum strax við rautt.

Grænt, grænt, grænt,
ganga skal við grænt.
Á gatnamótum gætin standa
og gá þar vel til beggja handa.
Grænt, grænt, grænt, grænt,
ganga skal við grænt.

Lag: Höldum burt úr bæ

Söngur prinsessunnar

Því tennurnar hverfa ein og ein,
ef einungis sætindi ég snæði,
já, mikið af gotti gerir mein,
hér mætti vera minna af því tagi.

Sjáðu, nú kóngsa, hann kátlegur er,
kandísinn bruddi, því er ver.
Nú er hann tannlaus, því trúá máttu mér
og tekur það afar nærri sér.

Það sést varla sála nokkur hér,
úr Sælgætislandi allir fluttu.
Og tóm eru húsin, trúið mér,
því tennurnar úr öllum duttu.

Já, tannpínupúkinn í tennurnar fer
og tekur þær úr mér og þér.
Hirðin er tannlaus í höllinni hjá mér
og hans hátign, því er ver.

Tönnin mín

Tönnin mín, tönnin mín,
tönnin mín svo hvít og fín.
Bursta ég þar og hér
eins og vera ber.
Borða hollan góðan mat
svo á tönnina ekki komi gat.
Tönnin mín, tönnin mín,
alltaf hvít og fín.

Tönnin er með gati hér
grátandi hún líka er.
Burstuð hún ekki var
hvorki hér né þar.
Karlús í henni sat
hjó í hana stærðar gat.
Tönnin er með gati hér
og grátandi hún er.

Lag: Signir sól

Kóngurinn tannlausí

Ég týnt hefi öllum tönnunum mínum,
tannpínupúkinn, hann læddist í feitt.
Áður ég tuggði með tönnum sem þínum,
nú slíkt tel ég fráleitt, ég tygg ekki
neitt.

Ha, ha, ha
Hann er tannlaus greyið,
:; takið eftir því , tönnunum hann týndi
:;
sykursnúði í.
Nú er illt í efni, ekkert tyggja má,
ekki er heldur frýnilegt að horfa á .

Sjáið þið mig, er ég segi ykkur þetta,
sætindi öll eru tönnunum böf.
Annað hvort ein og ein þær þetta,
ellegar eyðast og verða ykkur kvöl.

Illt er að búa við ólukkans þúka,
illt er að hafa ekki tennur sem þið.
Sælgæti má ekki gera ykkur sjúka,
því séður er þúki, hann gefur ei grið.

Tennurnar mínar

Hjá tannlækni ég tafði um stund
og trúið mér, að þar
mér ekkert reyndist óttalegt,
hann afbragðsgóður var.
Hann spurði bara: "Burstarðu tennurnar
þínar?"
Svo brosti hann glaður, þegar hann sá
mínar.

Það skemmist ei tönn, sem er skínandi
hrein
því skal ég ekki neitt láta vinna þeim
mein.
Þann krakka er í sífellu sælgæti vill,
sækir heim tannpínan ill.
Það er grátlegt og leitt,
það er grátlegt og leitt
að geta aldrei tuggið neitt.

Á eftir mat ég alltaf bursta
eins og vera ber.
Ég skola munn og skyrpi í vask
og skoða tennur fer.
Í spegli lít ég yfir allt það hreina.
Já, aldrei má ég láta skemmast neina.

Ég ætla að borða ávexti
og alls kyns hollan mat
og ekki skal ég hreyfa hönd
þótt horfi á kökufat.
Mér þykir hart að heimsins villimönnum
hljótist meira gagn af sínum tönnum.

Það skemmist ei...

Hver óskemmd tönn er eins og perla
eitt hið besta skart,
því skal ég halda heiðri í
það holla, sem er margt.
Þótt sumir aðrir ekki hugsi um sínar
ég ætla að reyna að vernda mínar.

Þýtt úr norsku, Örn Snorrason.

Bokki sat í brunni

Bokki sat í brunni
hafði blað í munni,
hristi sína hringa,
bað fugl að syngja.
Grágæsamóðir,
ljáðu mér vængi,
svo ég geti flogið
upp til himintungla.
Tunglið, tunglið taktu mig,
og berðu mig upp til skýja,
þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja.
Þar sitja nunnur,
skafa gulltunnur.
Þar sitja systur,
skafa gullkistur.
Þar sitja sveinar,
skafa gullteina.
Þar sitja freyjur,
skafa gulltreyjur.
Þar sitja mágar,
skafa gulltágar.
Þar sitja prestar,
skafa gullfestar.
Þar sitja afar,
skafa gullnafar.
Þar situr hann faðir minn
og skefur gullhattinn sinn.

Grýla reið fyrir ofan garð

Grýla reið fyrir ofan garð,
hafði hala fimmtán,
en á hverjum hala
hundrað belgi,
en í hverjum belg
börn tuttugu.
Þar vantar í eitt,
og þar skal fara í barnið leitt.

Ég mætti gömlum manni

Ég mætti gömlum manni
í morgun í skúraveðri,
karlinn hann var klæddur
í kápu úr brúnu leðri.
Ég sá hann vildi' eitthvað segja,
svo ég aðeins beið.
-Já einmitt, sagð' ann, já einmitt,
já einmitt! og fór sína leið.

Köttur út í mýri

Unnust þau bæði vel og lengi,
áttu börn og buru,
grófu rætur og muru,
smjörið rann, roðið brann,
sagan upp á hvern mann
sem hlýða kann.
Brenni þeim í kolli baun,
sem ekki gjadla mé sögulaun
fyrir í dag en á morgun.
Köttur úti í mýri
setti upp á sér stýri
úti er ævintýri.

Tunglið má ekki taka hann Óla

Tunglið má ekki taka hann Óla
til sín upp í himnarann.
Þá fer mamma að gráta og góla
og gerir pabba sturlaðan.

Gamall húsgangur

Sólin

Sól úti
sól inni
sól í hjarta
sól í sinni
sól í sálu minni

Pulan um fingurna

Pumalfingur er mamma,
sem var mér vænst og best.
Vísifingur er pabbi,
sem gaf mér rauðan hest.
Langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull.
Baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka úr ull.
Litli fingur er barnið,
sem leikur að skel.
Litlu pínu anginn,
sem dafnar svo vel.
Hér er allt fólkíð
svo fallegt og nett.
Fimm eru í bænum
ef talið er rétt.
Ósköp væri gaman
í þessum heim,
ef öllum kæmi saman
jafnvel og þeim.

Pambara vambara

Pambara vambara þeysingssprettir,
því eru hér svo margir kettir ?
Agara gagara, yndisgrænum,
illt er að hafa þá marga á bænum.

Á barnadaginn

Sumardaginn fyrsta
var mér gefin kista,
styttuband og klútur,
mosóttur hrútur.

Mánuðirnir

Ap., jún, sept., nóv., þrjátíu hver,
einn til hinir kjósa sér,
febrúar tvenna fjórtán ber,
frekar einn þá hlaupár er.

Fagur fiskur í sjó

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slyngur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta,
svo skal högg á hendi detta.

Pula um dagana

Sunnudagur sagði:
" Þorið þið að mæta mér ?"
Mánudagur flýtti sér.
Þriðjudagur þagði.
Miðvikudagur fór svo flatt,
að fimmtudagur um hann datt.
En föstudagur hljóp svo hratt
að hendur á hann lagði
laugardagur, byrstur mjög í bragði.
En þá var vikan liðin
og kyssti litlu börnin,
sem lásu og voru iðin.
Þetta er alveg satt.
Svo kemur næsta vika,
þá gengur það nú glatt.

Faðir minn er róinn

Faðir minn er róinn
langt út á sjóinn
að sækja okkur fiskinn
sjóða hann upp á diskinn.
Rafabelti og höfuðskinn
þetta fær hann faðir þinn
í hlutinn sinn.
Það gefur Guð minn.

Nautamál á nýársnótt

Sól skín á fossa
segir hún Krossa.
Hvar á að tjalda ?
segir hún Skjalda.
Suður við ána,
segir hún Grána.
Ég skal snjónum spyrna,
segir hún Hyrna.
Ég skal mjólka minna,
segir hún Dimma.
Ég skal standa innar,
segir hún Kinna.
Ég skal mjólka svo freyði,
segir hún Reyður.
Mér þykir góður ruddi,
segir hann tuddi.
Ég skal éta sem ég þoli,
segir hann boli.
Ég skal éta sjálfur,
segir hann kálfur.
Ég þoli illa hungur,
segir vetrungur.

Talnapula

Einn og tveir inn komu þeir,
þrír og fjórir, furðustórir,
fimm, sex, sjö og átta,
svo fóru þeir að háttu,
níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plöggin sín á gólf,
svo fóru þeir að sofa,
og sína drauma lofa.
En um miðjan morgun
hún mamma vakti þá,
þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,
fætur stukku þeir á .
Svo fóru þeir að smala,
suður fyrir á,
sautján, átján, lambærnar
fundu þeir þá,
nítján voru tvílembdar
torfunum á,
tuttugu sauðirnir
suður við sel.
Teldu nú áfram
og teldu nú vel.

Græn eru lafin

Græn eru lafin
og grasið sem grær.
Glóðin er rauð
og eldurinn skær.
Fífill og sóley
eru fagurgul að sjá.
Fjöllin og vötnin
og loftin eru blá.
Hvítur er svanur
sem syndir á tjörn.
Svartur er hann krummi
og öll hans börn.

Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum
Kallar hann inn:
"Gef mér bita af borði þínu
Bóndi minn."
Bóndinn svarar býsna reiður:
" Burtu farðu, krummi leiður.
líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu á tánum.
Krumminn á skjánum

Þjóðvísa

Krummi snjóinn kafaði

Krummi snjóinn kafaði
kátur hló og sagði
að hún tófa ætlaði
einum lóga gemlingi.

Fuglinn í fjörunni

Fuglinn í fjörunni hann heitir már,
silkibleik er húfan hans og gult undir
hár;
er sá fuglinn ekki smár,
bæði digur og fótahár,
á bakinu svartur á bringunni grár,
bröltir hann oft í snörunni,
fuglinn í fjörunni.

Stígur hún við stökkinn

Stígur hún við stökkinn,
stuttan á hún sokkinn,
ljósan ber hún lokkinn,
litlu telpuhnokkinn.

Klukkaním

Klukkan eitt
eta feitt.
Klukkan tvö
baula bö.
Klukkan þrjú
mjólka kú.
Klukkan fjögur
kveða bögur.
Klukkan fimm
segja bimm.
Klukkan sex
borða kek.
Klukkan sjö
segja Ö.
Klukkan átta
fara að hátta.
Klukkan níu
veiða kríu.
Klukkan tíu
kyssa píu.
klukkan ellefu
fleyta kellingu.
Klukkan tólf
ganga um gólf.

Nína Tryggvadóttir

Grámyglur tvær

Horfumst við í augu,
sem grámyglur tvær.
Það skal vera músin
sem mælir,
kötturinn sem sig skælir,
fíflíð sem fyrr hlær,
folaldið sem fyrr lætur undan
og skrímslið, sem skína læut í
tennurnar.

Heyrði ég í hamrinum

Heyrði ég í hamrinum,
hátt var þar látið,
og sárt var þar grátið.
Búkonan dillaði
börnunum öllum :
Ingunni, Kyngunni,
Jórunni, Þórunni,
Ísunni, Dísunni,
Einkunni, Steinkunni,
Sölkunni, Völkunni,
Siggunni, Viggunni,
Aðalvarði í Ormagarði,
Eiríki og Sveini.
Þetta kváðu stúlkurnar í steini.
Muna muntu dverg undir steini.

Skakkur og skríttinn maður

Einn skakkur og skríttinn maður
gekk skakka og skældu braut,
fann skakka og skældu krónu
í skakkri og skældri laut
og skakka og skældu kisu
með skakka og skældu mús.
Svo fór hann heim með fund sinn
í skælt og skrítið hús.

Stefán Jónsson

Grýla kallar á börnin sín

Grýla kallar á börnin sín,
þegar hún fer að sjóða til jóla:
" Komið þið hingað öll til mín,
ykkur vildi ég bjóða.
Leppur, Skreppur,
Lápur, Skrápur,
Langleggur og Skjóða,
Völustakkur og Bóla ".

Grýla reið með garði

Grýla reið með garði,
gekk með henni Varði.
Hófar voru á henni,
hékk henni toppur úr enni.
Dró hún belg með læri,
börn trúi ég þar í væri.
Valka litla kom þar að
og klippti á gat með skæri,
tók hún band og hnýtti á hnút
og hleypti öllum börnunum út.
Svo trúi ég það færi.

Komdu, komdu kiðlingur

Komdu, komdu, kiðlingur,
komdu, mömmu grákálfur.
Komdu, kötturinn Branda,
komdu að mjálma að vanda.
Andarungar, eltið mig,
ekki ert vert að fela sig.
Komið, grislingar gráir,
gangfærir vart, svo smáir.
Og dúfurnar mínar
með fjaðrirnar fínar.
Glitrar dögg á meiði,
glatt skín sól í heiði,
og hásumar er nú og hvergi fremur,
og kallaðu á haustið - og það kemur.

Jón Ólafsson þýddi

Hreppstjórinn snarpi.

Hreppstjórinn snarpi,
hleypir á Jarpi.
Frúin sat á Bleik,
hún var svo spengileg og keik.
Á eftir kom Rósa
á honum Mósa.
Síðast sá ég prest
sitja haltan hest.
En hann litli Sveinn
söðul á ei neinn,
í lágum vagni lestina rekur.

Karlinn undir klöppunum

Karlinn undir klöppunum
klórar sér með löppunum,
bacular undir bökkunum
og ber sig eftir krökkunum
á kvöldin.

Illa liggur á honum kút

Illa liggur á honum kút,
ekki er það gaman,
þegar hann býr við þunga sútt,
þá er hann svona í framan.

Sorgbitinn situr hann trítill
við sjálfan sig er hann að tala.
Vont er að vera lítill
og vera settur í bala.

Tumi sat á tunnu

Tumi sat á tunnu,
og talaði við hana Gunnu.
Þá kom þangað Sigga,
og sagði: Hvar er Vigga ?
en Vigga var þar ekki,
hún var að raka í flekki,
heyð græna og góða,
en Gunna fór að sjóða
miðdegismatinn.
Við margt er hún natin.
Beta sat við sauma,
og sæta vökudrauma.
Hún vill hvað eitt laga,
og hverskyns forða бага.
Steini gekk að slætti,
og stundum ána gætti.
Skrý fékk hann í skattinn,
skalf og setti upp hattinn.
Beggi bar inn móinn,
en báturinn var róinn
að sækja í soðið ýsu
en sjómenn kváðu vísu.
Léku sér lömbin ungu.
Litlu fuglarnir sungu.
Kata strauk hana kisu,
og kálfarnir drukku mysu.

Táta, Táta

Táta, Táta teldu dætur þínar.
Ein er í hvelju, tvær í búri borð að setja.
Þrjár í eldhúsi graut að gera.
Fjórar í fjósi flór að moka.
Fimm á fjalli fífil að grafa.
Sex á sandi, sjö á landi.
Átta í eyjum eld að kynda.
Níu á nesjum naut að geyma
Tíu á túni og tuttugu heima,
hundrað eru á húsabaki
og þó er ekki hálf talið liðið hennar Tátu.

Tólf eru synir

Tólf eru synir tímans,
sem tifa fram hjá mér,
janúar er á undan
með árið í faðmi sér.

Febrúar á fannir.
Pá læðast geislar lágt.
Mars þótt blási oft biturt
pá birtir smátt og smátt.

Í apríl sumar aftur.
Pá ómar söngur nýr.
Í maí flytur fólkið
og fuglinn hreiður býr.

Í júní sest ei sólin.
Pá brosir blómajöld.
Í júlí baggi er bundinn
og borðuð töðugjöld.

Í ágúst flá menn engið
og börnin tína ber.
Í september fer söngfugl
og sumardýrðin þverr.

Í október fer skólinn
að bjóða börnum heim.
Í nóvember er náttlangt
í norðurljósa geim.

Þótt desember sé dimmur,
dýrðleg jól á hann.
Með honum endar árið
og aftur hækkar sól.

Best er að vera bóndakona

Best era ð vera bóndakona,
búa með manni duglegum.
Álit mitt það er nú svona
að allt sé fullt af skyrdöllum.
Eyvindur minn með drógina sína,
Guðný mín með börnin sín.,
ærnar mínar, kýrnar mínar,
byttan mín og myllan mín.
Eldhúsið mitt, búið mitt,
baðstofan mín og loftið mitt,
heyin mín, lömbin mín,
Heimaflekkur og Mosa.

Húsmóðir veit

Húsmóðir veit hvað það er
að temja þennan barnaher
þegar einn vill þetta
vill annar hitt
og allir vilja þeir sitt.
Þegar einn dettur ofan í poll
og annar hrindir öllu um koll,
sá þriðji vill pylsur,
sá fjórði vill kók,
sá fimmti er með rifna brók.

Fingrapula

Þessi datt í sjóinn,
þessi dró hann upp,
þessi bar hann heim,
þessi horfði á
en lilli putti spillemann kjaftaði frá.

Segðu mér söguna aftur

Einu sinni var karl go kerling í koti sínu.
Þau áttu sér kálf
- nú er sagan hálf.
Hann hljóp út um víðan völl
og nú er sagan öll.

Ein stór og digur kerling

Ein stór og digur kerling
í stígvéli bjó.
Svo marga hafði hún krakka,
að meira var en nóg.
Ef þeir vildu ekki hlýða,
hún tók þeim ærlegt tak.
Hún sló þau beint á bossann
og í bæli sín þau rak.

Við skulum róa

Við skulum róa
langt út á flóa,
sækja þangað fiskinn,
sjóða hann upp á diskinn,
Rafabelti og höfuðkinn,
það er góði maturinn.
Þetta gefur Guð minn.

Regnboginn

Hver er sá veggur
víður og hár
veglega settur röndum ?
Gulur, rauður, grænn og blár
gerður af meistara höndum .

Magapraut

Maggi mikla þraut
í magakút hann hlaut
beint í bólið þaut.
Sofnaði í öðrum sokknum
setti hann hjá stökknum.
Illt er að borða í einu
of mikinn graut.

Gæsin mín rara

Gæsin mín rara,
ljá mér vængi snara.
Hvert vilt þú þá fara ?
Ég vil fara upp í sveit,
þar er gott að vera,
þar syngur lóa,
sé ég spóa,
grösin gróa,
þar situr systir mín,
sæl og fín og leikur sér,
leikur sér með gullin sín.
Þar vil ég vera.